











# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. júní 2005 - 167. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fréttasími: 821 7556


**ÞRIÐJUDAGUR**

**Þverrandi virðing fyrir stjórnmálamönnum**



Jón Ormur Halldórsson segir að stjórnmálamenn séu hvorki trúverðugir talsmenn sígildra viðmiða né heldur traustvekjandi túlkendur hins alþjóðlega og almenna inn í staðbundinn og sérstakan heim.

UMRÆÐAN 16

**Betri en ég átti von á**

Þjálfari spútnikliðs Vals, Willum Þór Þórsson, segir að liðið hafi leikið betur en hann hafi átt von á fyrir mót. Valur er með hæstu meðaleinkunn allra liða í Landsbankadeildinni í einkunnagjöf Fréttablaðsins.



ÍÞRÓTTIR 20

**Vinnuskóli Hafnarfjarðar**

Unglingar í blaðamennsku skrifa greinar í unglingavinnunni.



UNGA FÓLKIÐ 24

**Úr vísindatrylli í Kvöldþáttinn**

Marteinn Þórsson kvikmyndagerðarmaður framleiðir Kvöldþáttinn, sem sýndur verður á sjónvarpsstöðinni Sirkus. Hann er þekktastur fyrir mynd sína og vísindatryllinn One Point 0.



FÓLK 32

**VEÐRIÐ Í DAG**




**FREMUR HÆG NORÐLÆG EÐA BREYTILEG ÁTT OG BJART VÍÐA SYÐRA** Skýjað með köflum og lítilsháttar rigning norðanlands.

VEÐUR 4


LANDIÐ ALLT

**Miðvikudagar: 18–49 ára***




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í apríl 2005.


# Stjórnin falast eftir stofnfé sparisjóðsins

**Einhverjir stofnfjáreigendur sem ekki studdu núverandi stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar hafa fengið tilboð í stofnfjárbréf sín. Talið er að núverandi stjórn sé að tryggja það að gamla stjórnin nái ekki völdum á ný.**

**VIÐSKIPTI** Enn á ný er tekist á um völdin í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Gengið er á stofnfjáreigendur í sparisjóðnum um að kaupa af þeim stofnfjárbréfin. Eigendur stofnfjár í sjóðnum eru um 47 talsins. Mikil verðmæti liggja í stofnfénu, sem er 15,5 milljónir að uppfærðu nafnverði, og er meðaleign hvers stofnfjáreiganda um 328 þúsund krónur. Talið er líklegt að heildarverðmæti stofnfjár í Sparisjóði Hafnarfjarðar sé vel á fimmta tug milljóna króna virði á hvern stofnfjáreiganda. Nokkrir stofnfjáreigendur sem rætt var við í gærkvöldi staðfestu þetta en svo virðist sem aðeins hafi verið rætt við hluta stofnfjáreigenda um kaup á bréfum þeirra.

Mikið hefur verið undir niðri í sparisjóðnum eftir hallarbyltinguna í vor þegar hópur undir forystu Páls Pálssonar, núverandi stjórnarformanns, felldi gömlu stjórnina. Þá sagði Páll að markmið nýrrar stjórnar væri að tryggja rekstur SPH, sem væri sterk og góð fjármálastofnun. Páll sá meðal annars tækifæri í því að stækka hlutdeild SPH á fyrirtækjasviði. Við það tilefni sagði Páll: „Við boðum hugmyndir um ákveðna útrás og ætlum að stækka sjóðinn," og bætti því við að höfuðstöðvar Sparisjóðsins yrðu áfram í Hafnarfirði. Ekki náðist í Pál í gærkvöldi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hyggst núverandi stjórn styrkja tök sín á sparisjóðnum. Sigurður G. Guðjónsson lögmaður vann fyrir stjórnina í aðdraganda hallarbyltingarinnar. Sigurður G. neitaði í samtali við Fréttablaðið að eiga nokkurn þátt í söfnun bréfanna. Það fékkst staðfest í gærkvöldi að hvorki SPRON né Sparisjóður vélstjóra, tveir af stærstu sparisjóðum landsins, eru meðal kaupenda.

**- eþa/bg**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÚTLENDINGASTOFNUN Í SETUSTOFUNNI** Fulltrúi frá Útlendingastofnun kannaði aðstæður pólsku verkamannanna og ræddi við þá í setustofu húsnæðisins sem þeir fengu úthlutað til búsetu.

Lögmaður Geymis ehf. vegna ummæla ASÍ um aðbúnað pólskra verkamanna:

# Furðulegar ásakanir og ósannindi

**ATVINNULEYFI** „Það er alveg sjálfsagt og eðlilegt að taka undir ýmislegt sem kemur fram í máli ASÍ en mér finnst málatilbúnaður sambandsins í heild sinni mjög furðulegur og því til skammar," segir Eiríkur Elís Þorláksson, lögmaður Geymis ehf., en ASÍ kannar nú hvort aðbúnaður og launakjör pólskra starfsmanna fyrirtækisins stríði gegn lögum.

Eiríkur segir að ASÍ hafi sent út tilkynningu í gær til þess að gera fyrirtækið ótrúverðugt. Hann hafi óskað eftir því að hitta forsvarsmenn ASÍ í gær til að benda þeim á tiltekin atriði sem væru röng í þeirra máli en því hafi verið hafnað.

Meðal þess sem deilt er um er hvort mánaðarlaun verkamanna séu undir þeim samningum sem gilda hér á landi.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir að Pólverjarnir fái laun og kjör langt undir samningum og aðbúnaður þeirra sé ekki með viðunandi hætti. Nú sé verið að reyna að leiðrétta kjör þeirra hjá þeim fyrirtækjum sem þeir starfa hjá. Samkvæmt einum samningnum átti starfsmaðurinn að fá 120.000 fyrir 250 stunda vinnu á mánuði.

**Sjá síðu 14/** **- hb**



**GIN LJÓNSINS** Björgun telpunnar kom mjög á óvart.

Skynugar skepnur:

# Ljón bjarga lítilli stúlku

**ADDIS ABABA, AP** Þrjú ljón björguðu tólf ára gamalli eþíópískri telpu úr klóm mannræningja sem hugðust neyða hana í hjónaband.

Stúlkunni hafði verið haldið í sjö daga og hún sætt barsmíðum. Þá skárust ljónin í leikinn, ráku illmennin á brott og biðu hjá telpunni uns lögreglan kom á vettvang nokkrum klukkustundum síðar.

Dýrafræðingar telja að ljónin hafi að líkindum ruglað kjökri stúlkunnar saman við mjálm unga sinna og því hafi þau haldið yfir henni hlífiskildi. ■

Menntaskólinn á Ísafirði:

# Deilt um námsmat

**SKÓLAMÁL** Enn er ósætti milli Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, og Ingibjargar Ingadóttur, enskukennara við skólann, vegna einkunnagjafa, en dómssátt náðist milli þeirra um svipað mál í apríl.

Farið var yfir vorpróf Ingibjargar og henni tilkynnt að þau yrðu send þriðja aðila til yfirferðar. Ingibjörg hefur vísað málinu til lögmanns Kennarasambandsins. Hún segir að Ólína hafi ekki rætt við sig áður en farið var yfir prófin. Ólína segir málið mjög sorglegt en kýs að tjá sig ekki um málefni einstakra starfsmanna.

**- ss**





MARKAÐURINN

Sögurnar • Tölurnar • Fólkið

Auglýsingasími 550 5000



## SPURNING DAGSINS

*Steinunn Valdís, er R-listinn eins og laxinn, bestur grafinn?*

„Nei, en R-listinn er eins og laxinn, því stærri, því skemmtilegri og betri.“

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri veiddi fyrsta lax sumarsins í Elliðaánum í fyrradag.

Enn yfirheyrir Ríkislögreglustjóri í Baugsmáli:

# Jón Gerald mætti til yfirheyrslu

**LÖGREGLA** Jón Gerald Sullenberger mætti til yfirheyrslu hjá Ríkislögreglustjóra klukkan níu í gærmorgun vegna rannsóknar á hugsanlegum fjárdrætti núverandi og fyrrverandi forstjóra Baugs og öðrum mögulegum brotum þeirra gegn fyrirtækinu. Rannsókn lögreglu hefur staðið í tæp þrjú ár, frá ágústlokum 2002.

Fjölmiðlar hittu Jón Gerald fyrir þegar hann mætti til yfirheyrslu en hann vildi lítið tjá sig um málið. Samkvæmt heimildum blaðsins er þetta í fjórða eða fimmta sinn sem Jón Gerald kemur til yfirheyrslu. Gagnrýnt hefur verið hversu langan tíma rannsóknin tekur, en tvö ár munu hafa liðið frá því lögregla réðist inn í höfuðstöðvar Baugs þar til endurskoðunarfyrirtæki var falið að skoða 33 mánaðarlega reikninga sem Jón Gerald og forsvarsmenn Baugs greindi á um strax í upphafi.

Hvorki náðist í Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóra Baugs, né Tryggva Jónsson, fyrrum forstjóra. Báðir vísa sakargiftum á bug. Jón H. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, segist ekki vilja tjá sig um gang rannsóknarinnar að öðru leyti en því að hún standi enn. **-óká**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**JÓN GERALD SULLENBERGER** Rannsókn lögreglu á Baugi hófst haustið 2002 eftir ásakanir Jóns Geralds, sem hér sést hjá Ríkislögreglustjóra í gærmorgun, um ranga reikningagerð og aðra vankanta á fjármálastjórn Baugs. Forsvarsmenn Baugs hafa frá upphafi neitað sakargiftunum.

Afganar ósáttir:

# Vilja taka á hryðjuverkum

**AFGANISTAN, AP** Stjórnvöld í Afganistan þrýsta nú á Pakistana að herða aðgerðir gegn hryðjuverkamönnum í Pakistan. Afganar telja þá ekki leggja sig fram og segja að það verði aldrei friður í Afganistan nema ríkisstjórnir beggja landa taki höndum saman í baráttunni við hryðjuverkamenn.

Talið er að flugumenn al-Kaída í Afganistan komi flestir frá Pakistan. Stöðug átök hafa verið í suður- og austurhluta Afganistans síðustu mánuði og hafa 280 uppreisnarmenn og 29 bandarískir hermenn fallið síðan í mars. ■

Mótmælendur:

# Töfðust í Reykjavík

**MÓTMÆLI** Alþjóðlegar mótmælabúðir við Kárahnjúka risu ekki í gær eins og fyrirhugað var. Birgitta Jónsdóttir, einn talsmanna mótmælenda, segir að fólkið hafi tafist í Reykjavík. „Þriggja manna hópur kemur austur um hádegisbil í dag og setur upp tjöld. Á næstu dögum mun innlendum og erlendum mótmælendum fjölga,“ segir Birgitta.

Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo, segir að búið sé að fjölga aðvörunarskiltum á virkjunarsvæðinu og setja upp öryggishlið til að takmarka umferð. **- kk**

Álver á Norðurlandi:

# Þrjú svæði rannsökuð

**ÁLVER** Fulltrúar Fjárfestingarstofu, Alcoa, Skagafjarðar, Húsavíkurbæjar og Akureyrar, ásamt fulltrúum Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, hafa komist að samkomulagi um að ákvörðun um staðsetningu hugsanlegs álvers á Norðurlandi liggi fyrir eigi síðar en 1. mars á næsta ári. Í samkomulaginu felst að fram að þeim tíma verður unnið að staðarvalsrannsóknum við Húsavík, í Eyjafirði og í Skagafirði en jafnframt á að kanna hvort grundvöllur sé fyrir frekari úrvinnslu áls á svæðinu. **- kk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÓK Á KIND SEM DRAPST** 25 ára gamall maður ók um klukkan níu í gærmorgun fólksbíl sínum á kind þannig að hún drapst og bíllinn skemmdist. Áreksturinn varð í Holtsmúlasundi, miðja vegu milli Varmahlíðar og Sauðárkróks.



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Forsætisráðuneytið fær hlutfallslega mest allra ráðuneyta úr aukafjárlögum ef litið er aftur til 1998; tuttugu prósent af fjárlögum ráðuneytisins.

# Forsætisráðuneytið fær mest úr aukafjárlögum

**Forsætisráðuneytið eykur fjárheimildir um tuttugu prósent frá fjárlögum að meðaltali með aukafjárlögum og er það hlutfallslega mest allra ráðuneyta.**

**FJÁRLÖG** Frá því 1998 hefur forsætisráðuneytið fengið hlutfallslega hæsta fjárveitingu í aukafjárlögum miðað við önnur ráðuneyti. Að meðaltali er forsætisráðuneytinu úthlutað tuttugu prósentum hærri upphæð í aukafjárlögum en gert er ráð fyrir í fjárlögunum sjálfum.

**HLUTFALL AUKAFJÁRVEITINGA Á AUKAFJÁRLÖGUM MIÐAÐ VIÐ FJÁRLÖG**

| | |
|---|---|
| Forsætisráðuneyti | 21,2% |
| Menntamálaráðuneyti | 4% |
| Utanríkisráðuneyti | 9,9% |
| Landbúnaðarráðuneyti | 3,2% |
| Sjávarútvegsráðuneyti | -0,3% |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 3,5% |
| Félagsmálaráðuneyti | 7,5% |
| Heilbrigðis- og trygginga | 4,3% |
| Fjármálaráðuneyti | 15% |
| Samgönguráðuneyti | 6,2% |
| Iðnaðarráðuneyti | 8% |
| Viðskiptaráðuneyti | 0,5% |
| Hagstofa Íslands | 7,8% |
| Umhverfisráðuneyti | 6,6% |

Ráðuneytin öll á þessu tímabili fengu að meðaltali tæplega sjö prósenta fjárlagaauka og er hlutfall forsætisráðuneytisins mun hærra en annarra.

Ef fjármálaráðuneytið er ekki meðtalið, vegna þess að í aukafjárlögum er tekið tillit til óreglulegra liða á borð við lífeyrisskuldbindingar og vaxtagjöld, fær utanríkisráðuneytið hlutfallslega næsthæstu upphæðina úr aukafjárlögum, tæplega tíu prósenta fjárlagaauka að meðaltali.

Eitt ráðuneyti, sjávarútvegsráðuneytið, greiðir að jafnaði til baka í ríkissjóð í aukafjárlögum miðað við fjárlög, upphæð sem er um 0,3 prósent af fjárlögum ráðuneytisins. Fjárveitingar til sjávarútvegsráðuneytisins eru því að jafnaði ofreiknaðar miðað við aukafjárlög. Sjávarútvegsráðuneytið fer hins vegar að meðaltali 1,5 prósent fram úr aukafjárlögum á ríkisreikningi.

Forsætisráðuneytið fer hins vegar hvað minnst fram úr aukafjárlögum þegar litið er til ríkisreiknings, um 0,6 prósent. Það ráðuneyti sem fór að jafnaði mest fram úr aukafjárlögum á tímabilinu, ef fjármálaráðuneytið er undanskilið af sömu ástæðum og áður, er iðnaðarráðuneytið, sem fer rúm átta prósent fram úr fjáraukalögum að jafnaði. Það er um fjórum prósentustigum hærra en viðmiðunarmark fjármálaráðuneytisins, en samkvæmt reglugerð um framkvæmd fjárlaga ber ráðuneytum að bregðast við ef útgjöld verða meiri en fjögur prósent umfram heimildir.

Samgönguráðuneytið og umhverfisráðuneytið voru einu ráðuneytin sem voru að jafnaði undir fjárheimildum á tímabilinu en að meðaltali fóru öll ráðuneytin í 3,1 prósent fram úr fjárheimildum á ári. **sda@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÁFRAM, ÁFRAM** Arnar J. Aspar ýtir Birni Friðriki Gylfasyni áfram í nýja stólnum.

Torfærustóll á Hellisheiði:

# Ferðast yfir urð og grjót

**FERÐALÖG** Ný tegund hjólastóla, sem kemst yfir urð og grjót, var reynd á Hellisheiði í gær. Stóllinn var keyptur til landsins á dögunum ásamt sex öðrum fyrir tilstuðlan Heimis Karlssonar sjónvarpsmanns, sem beitti sér fyrir peningasöfnun til stólakaupanna á Stöð 2 og Bylgjunni.

Stólunum verður dreift um landið til útláns en með þeim gefst fötluðum færi á að ferðast utan vega og gangstíga og njóta þar með náttúrunnar í ríkari mæli. **- bþs**

Hróarsstaðir í Fnjóskadal:

# Rafstöð brann

**LÖGREGLA** Slökkvilið Akureyrar og Þingeyjarsveitar voru kölluð út síðdegis í gær vegna bruna í skúr utan um rafstöð við bæinn Hróarsstaði í Fnjóskadal.

Tjón af völdum brunans varð ekki mikið og gekk að sögn lögreglu á Húsavík greiðlega að slökkva eldinn, sem átti upptök sín í rafmagnstöflu. Lögregla var kölluð til um klukkan 17.25, eftir að slökkvistarfi lauk.

Í skúrnum er að finna heimavirkjun sem tengd er inn á kerfi Landsvirkjunar og í nærliggjandi bæi. Lögregla sagði rafvirkja hafa verið að störfum á staðnum í gær, en eldsupptök eru í rannsókn. **- óká**




Framkvæmdastjóri Iceland Express um samkeppnisyfirvöld:

# Segir Samkeppnisstofnun vanhæfa

**VIÐSKIPTI** Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, segir Samkeppnisstofnun vanhæfa til að taka á deilum fyrirtækis hans og Flugleiða, því Gylfi Magnússon, formaður Samkeppniseftirlitsins, hafi unnið launuð störf fyrir Flugleiðir tengd deilum við Iceland Express. Um næstu mánaðamót tekur Samkeppniseftirlitið við af Samkeppnisstofnun.

„Gylfi var einn af aðalráðgjöfum Flugleiða og skrifaði greinargerð og rökstuðning gegn því að Icelandair hefði beitt undirboðum,“ segir Birgir, en kveðst ekki hafa kynnt sér hvort forsendur séu til að kæra úrskurð stofnunarinnar um samruna FL Group, Bláfugls og Flugflutninga. „Þetta er mun alvarlegra fyrir málið sem við bíðum úrskurðar í og svo fyrir trúverðugleika stofnunarinnar,“ segir hann, en mál fyrirtækisins á hendur Flugleiðum bíður úrvinnslu Samkeppnisstofnunar. „Maður snýr sér ekki til stofnunar sem maður veit að samkeppnisaðilinn stjórnar. Flugleiðir hafa síðustu mánuði ítrekað kært okkur fyrir algjör smáatriði í auglýsingum og í þeim málum hefur Samkeppnisstofnun ekki dregið lappirnar.“ **- óká**



**BIRGIR JÓNSSON** Framkvæmdastjóri Iceland Express segir fyrirtækið hingað til hafa komist af í samkeppni hér án aðstoðar samkeppnisyfirvalda og býst við að svo verði áfram.



Síminn
Með öllum GSM tilboðum fylgja grúví símalínuskautar á 2.000 kr. *
Hlífar fylgja með.
2.000 KALL
Sony Ericsson T630 og þráðlaust heyrnartól
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum
2.980 Léttkaups-útborgun
og 1000 kr. á mánuði í 12 mánuði
Verð aðeins 14.980 kr.
Myndir & músik
Sæktu foxý músik og fönkí myndir á siminn.is
Sony Ericsson K508i
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum
980 Léttkaups-útborgun
og 1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði
Verð aðeins 12.980 kr.
*Tilboð gildir meðan birgðir endast.
800 7000 - siminn.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 21.06.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 65,8 | 66,2 |
| Sterlingspund | GBP | 119,75 | 120,33 |
| Evra | EUR | 79,55 | 79,99 |
| Dönsk króna | DKK | 10,68 | 10,74 |
| Norsk króna | NOK | 10,12 | 10,18 |
| Sænsk króna | SEK | 8,60 | 8,65 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 96,26 | 96,84 |

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eastwood í Krísuvík:

# Hafnfirðingar tvístígandi

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Hugmyndir kvikmyndafyrirtækis um upptökur í Krísuvík voru kynntar á fundi skipulags- og bygginganefndar Hafnarfjarðar í gær. Um er að ræða stríðsmynd, en einn af forsvarsmönnum fyrirtækisins er leikarinn og leikstjórinn Clint Eastwood.

„Deilur standa núna aðallega um gróður, en búið er að haga tillögunni þannig að hún kemur ekki nálægt neinum fornminjum eða neinu slíku,“ segir Bjarki Jóhannesson, forstöðumaður skipulags- og byggingasviðs Hafnarfjarðarbæjar. Skiptar skoðanir eru um þau áhrif sem upptökurnar gætu haft á gróður í Krísuvík, sem er hluti af Reykjanesfólkvanginum. Umhverfisnefnd Hafnarfjarðarbæjar skilaði neikvæðri umsögn um málið, en á fundinum voru aðrir aðilar sem staðhæfðu að upptökurnar hefðu mjög lítilvæg áhrif á gróðurlífið, sem auðveldlega yrði hægt að bæta fyrir.

Málið verður tekið fyrir í skipulags- og byggingarráði í vikunni og líklega liggur niðurstaða fyrir í byrjun næstu viku, en endanleg ákvörðun liggur hjá bæjarráði Hafnarfjarðar. **- at**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**KRÍSUVÍK** Bæjarráð Hafnarfjarðar ákveður bráðum hvort Clint Eastwood og félögum verði leyft að taka upp kvikmynd á svæðinu.

Sakamenn á Norðurlöndum:

# Framsal auðveldað

**NORÐURLÖNDIN** Dómsmálaráðherrar Norðurlandanna náðu samkomulagi um ný samningsdrög um framsal sakamanna. Gert er ráð fyrir að málsmeðferð um framsal sakamanna milli Norðurlandanna verði stytt og einfölduð.

Ráðherrarnir voru á árlegum fundi, sem að þessu sinni var haldinn í Danmörku. Þar var einnig meðal annars rætt um mörk milli dómstóla á alþjóðavísu og innan lands og þá komu fram að það sætti vaxandi gagnrýni á þjóðþingum ríkjanna að alþjóðadómstólar færu inn á valdasvið þeirra. ■

Maður keypti bíl:

# Dæmdur fyrir skjalafals

**DÓMSTÓLAR** Fertugur maður hlaut í gær sex mánaða fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að falsa áritun þrítugrar konu á skuldabréf sem hann notaði til að kaupa bíl á bílasölu í Reykjavík.

Bréfið var gefið út í júní 2001 og konan óafvitandi komin í ábyrgð fyrir rúmar 1,3 milljónir króna.

Ákæra var gefin út á hendur manninum í apríl síðastliðnum, en hann játaði fyrir dómi.

Maðurinn hefur áður hlotið dóma fyrir þjófnaði og til sektargreiðslna vegna fíkniefnabrota. Þrír mánuðir dómsins voru skilorðsbundnir til þriggja ára. **- óká**

200 þúsund króna sekt:

# Ók dópaður um borgina

**DÓMSTÓLAR** Tvítugur maður hefur verið dæmdur til greiðslu 200.000 króna fyrir margvísleg fíkniefnabrot og fyrir að aka bifreið víða um Reykjavíkurborg um miðjan október í fyrra undir áhrifum slævandi lyfs og fíkniefna.

Hann var sviptur ökurétti í þrjá mánuði og þarf að greiða málskostnað upp á rúmar 310.000 krónur.

Upptæk voru gerð 4,8 grömm af hassi og 13,6 grömm af amfetamíni.

Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, en horft var til þess að maðurinn játaði sakargiftir og var ekki með sakaferil sem hafði áhrif á refsingu.

Þá stundar hann vinnu og sækir AA-fundi. **- óká**

# Sjávarútvegsráðherra segir niðurstöðuna vonbrigði

**Tillaga Japana um að hafnar yrðu hvalveiðar í atvinnuskyni var felld á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í gær. Sjávarútvegsráðherra segir niðurstöðuna vonbrigði en íhugar ekki úrsögn úr ráðinu.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þessi niðurstaða er auðvitað vonbrigði. Við vorum að vonast til þess að niðurstaðan myndi miða eitthvað í áttina,“ sagði Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra eftir að ljóst var að tillaga Japana á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins um að hafnar yrðu hvalveiðar í atvinnuskyni hafði verið felld. Hann sagði aðspurður engar hugmyndir um annað en að Íslendingar sætu áfram í Alþjóðahvalveiðiráðinu.

„Við getum ekki stundað hvalveiðar, hvort sem er vísindaveiðar eða veiðar í atvinnuskyni, nema vera innan einhverrar stjórnunarstofnunar og Alþjóðahvalveiðiráðið er eina stjórnunarstofnunin sem býðst og því verður það svo,“ sagði Árni.

Tillaga Japana um að hafnar yrðu hvalveiðar í atvinnuskyni var felld með meirihluta atkvæða á fundinum í Suður-Kóreu en til þess að heimilt yrði að hefja veiðar þurfti þrjá fjórðu hluta allra atkvæða fundarins.

Stefán Ásmundsson, formaður íslensku sendinefndarinnar, sagði að niðurstaðan kæmi honum ekki á óvart en dagskrá fundarins væri ekki tæmd og því væru menn enn að ræða ýmis atriði sem meðal annars snerust um hvalveiðar í atvinnuskyni. Auk þess hefði verið lagt hart að Japönum að hætta við áform sín um að tvöfalda kvóta veiddra hvala í vísindaskyni.

„Viðræður standa enn yfir og verið er að ræða ýmis mál en þetta er eins og við var að búast og við verðum enn að sætta okkur við að veiðar eru aðeins heimilaðar í vísindaskyni,“ segir Stefán.

Engar hvalveiðar hafa verið stundaðar hér á landi í atvinnuskyni frá því árið 1986 en nú standa yfir veiðar í vísindaskyni. Frá því að mælingar hófust árið 1948 hafa verið veiddir hér á landi tæplega sautján þúsund hvalir en aðeins nokkur hundruð þeirra eru veiddir í vísindaskyni og til stendur að þeim veiðum verði hætt árið 2006. **hjalmar@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**NIÐURSTAÐA ATKVÆÐAGREIÐSLU LIGGUR FYRIR** Eftir að ljóst var að tillaga Japana um hvalveiðar í atvinnuskyni hafði verið felld.



**ÁRNI MATHIESEN** „Engar hugmyndir um annað en að við verðum áfram í Alþjóðahvalveiðiráðinu.“







## VEÐRIÐ Í DAG

**Norðanátt í dag**
Það má reikna með bjartviðri víða sunnanlands en heldur þungbúnara veðri nyrðra. Helst er að sjá einhverja vætu við norður ströndina, en væntanlega ekki mikið. Yfirleitt verður vindur hægur en gæti þó eitthvað gjólað á Suðvesturlandi. Hlýjast verður syðra, þar sem h itinn ætti að verða á bilinu 10-14 stig, en mun svalara fyrir norðan. Morgundagurinn er svipaður, norðlæg eða breytileg átt og yfirleitt úrkomulítið, síst þó norðanlands.

### Í dag




### Á morgun




Hæg norðlæg eða breytileg átt.

### Föstudagur




Vestlæg átt, víða nokkur vindur en úrkomulítið.



Kveðja,
Guðríður Arnardóttir
náttúrufræðingur.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C | léttskýjað | Algarve | 30°C | heiðskírt | Róm | 27°C | heiðskírt |
| Osló | 25°C | léttskýjað | Mallorca | 24°C | heiðskírt | Alicante | 31°C | heiðskírt |
| London | 25°C | sk.m.köflum | Krít/Chania | 26°C | heiðskírt | Kýpur | 27°C | heiðskírt |
| París | 29°C | heiðskírt | Barcelona | 28°C | heiðskírt | Rimini | 26°C | heiðskírt |

Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.






# SPRON Gull gerir engar kröfur til þín um önnur viðskipti við SPRON – spáðu í það!

SPRON Gull felur í sér:

- Betri vaxtakjör
- Frítt gullkreditkort
- 150 fríar debetkortafærslur á ári
- Fría verðbréfaþjónustu
- Fría 1.000.000 kr. Gulltryggingu sem er líf- og slysatrygging

**Nýtt!**

- **Sérkjör á líf- og sjúkdómatryggingum umfram fría Gulltryggingu, 20% afsláttur fyrsta árið og 5% eftir það**

... og ótalmargt fleira




Himinn og haf / SÍA

## Þú getur bætt um betur!

Ef þú velur að skrá fjölskylduna í **fjölskylduþjónustu SPRON** aukast fríðindin og kjörin verða enn betri. Til dæmis færðu endurgreiðslu á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, víxla og yfirdráttar og auk þess 50% afslátt af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar.

Nánari upplýsingar í síma 550 1200/550 1400, á spron.is eða í næsta útibúi SPRON.

spron
– fyrir allt sem þú ert



## KJÖRKASSINN

*Eiga íslendingar að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 63,64% |
| Nei | 36,36% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Skiptir veiting fálkaorðu máli?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Demókratar halda uppi málþófi á Bandaríkjaþingi:

# Skipan Boltons enn í lausu lofti

**BANDARÍKIN** Repúblikönum í bandarísku öldungadeildinni mistókst á mánudagskvöld að knýja í gegn samþykki tilnefningar Johns Bolton sem fastafulltrúa Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum. Demókratar hafa beitt málþófi til að hindra tilnefninguna.

Atkvæðagreiðsla um að ljúka umræðunni fór 54-38, en tvo þriðju atkvæða þarf til að stöðva málþófið. Niðurstaðan þykir vandræðaleg fyrir George W. Bush forseta, en þetta er í annað skiptið á mánuði sem ekki tekst að stöðva málþófið.

Áður hafði mistekist að fá stuðning við tilnefninguna í nefnd.

Demókratar vilja fá frekari upplýsingar um störf Boltons hjá utanríkisráðuneytinu áður en þeir hleypa málinu í gegn. Þar var hann sakaður um að beita starfsmenn óeðlilegum þrýstingi.

Nú er talið að Bush muni íhuga að tilnefna Bolton án stuðnings frá öldungadeildinni eftir að hún fer í sumarleyfi. Bush vill sjá úrbætur á Sameinuðu þjóðunum og telur Bolton vera rétta manninn til að koma þeim áleiðis. Bolton hefur hins vegar verið þekktur fyrir að hafa horn í síðu samtakanna. ■



**JOHN BOLTON** Demókrötum þykir hann fulllangt til hægri.

Hittust í Hvíta húsinu:

# Bush hrósar Víetnömum

**BANDARÍKIN, AP** Phan Van Khai, forsætisráðherra Víetnams, hitti George Bush í Hvíta húsinu í gær. Leiðtogarnir ræddu um áhuga Víetnams á aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni WTO, viðskipti og mannréttindamál.

Bush hrósaði Víetnömum fyrir góðan árangur í efnahagsmálum, aukið trúfrelsi og áframhaldandi leit að líkum bandarískra hermanna sem féllu í Víetnamstríðinu.

Nokkur hundruð manns mótmæltu mannréttindabrotum kommúnistastjórnarinnar í Víetnam fyrir utan Hvíta húsið meðan fundur þeirra fór fram. ■

Talsmaður neytenda:

# Tólf sóttu um

**NEYTENDUR** Tólf sækja um stöðu talsmanns neytenda, sem viðskiptaráðherra skipar í.

Umsækjendur eru Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, Drífa Sigfúsdóttir, Elfur Logadóttir, Gísli Tryggvason, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, Helga Þorbergsdóttir, Ingibjörg Björgvinsdóttir, Jóna R. Guðmundsdóttir, Kristín Færseth, Leo J.W. Ingason, Ólöf Snæhólm Baldursdóttir og Sigurður Sigurðarson. Ráðið er í stöðuna frá fyrsta júlí. ■

## ÍSRAEL

**MANNSKÆTT LESTARSLYS** Farþegalest var ekið á vöruflutningabíl í Ísraels í gær. Í það minnsta fjórir fórust í slysinu og hundrað slösuðust. Tveir vagnar fóru út af sporinu en flestir sem meiddust voru í þeim vögnum. Ekkert bendir til að um hryðjuverk hafi verið að ræða.

## BRETLAND

**VILJA ÞRÝSTA Á BUSH** Samkvæmt skoðanakönnun sem birtist dagblaðinu The Guardian í gær vill yfirgnæfandi meirihluti Breta að Tony Blair beiti George W. Bush Bandaríkjaforseta þrýstingi í umhverfismálum á fundi stærstu iðnríkja heims í næsta mánuði. Blair hefur lýst því yfir að hlýnun jarðar verði forgangsmál á þessum fundi, en í ríkisstjórn Bush eru uppi efasemdir um að mengun af mannavöldum sé orsök hennar.

**FÓRNARLÖMB IRA** Ríkisstjórnir Bretlands og Írlands lýstu því yfir í gær að erlendur sérfræðingur yrði ráðinn til að finna grafir fórnarlamba Írska lýðveldishersins, IRA, frá því á áttunda áratugnum. Leit að gröfunum hefur staðið yfir frá árinu 1999 en aðeins þrjár af átta hafa fundist þrátt fyrir að IRA hafi gefið upplýsingar um staðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SETIÐ Á RÖKSTÓLUM** Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, hittust á tveggja tíma löngum fundi í gær.

# Stirt andrúmsloft á fundi leiðtoganna

**Ísraelar ætla að standa við sinn hluta vopnahléssamkomulagsins við Palestínumenn, taki þeir síðarnefndu uppreisnarmenn fastari tökum. Þetta kom fram á leiðtogafundi Ariels Sharon og Mahmouds Abbas í gær.**

**MIÐ-AUSTURLÖND** Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, hittust í Jerúsalem í gær. Á sama tíma herti ísraelski herinn aðgerðir sínar gegn herskáum Palestínumönnum og handtók yfir fimmtíu grunaða uppreisnarmenn.

Fundur þeirra Sharon og Abbas er sá fyrsti síðan vopnahléi var lýst yfir í febrúarbyrjun og var efni fundarins samræming aðgerða fyrir brottflutning landnema frá Gazaströndinni síðar í sumar. Fundurinn stóð yfir í rúmar tvær klukkustundir og að sögn ísraelskrar sjónvarpsstöðvar var andrúmsloftið þvingað. Engar yfirlýsingar voru gefnar út eftir fundinn.

Ísraelskir embættismenn sögðu í samtölum við fjölmiðla að Sharon hefði sagt Abbas að Palestínumönnum yrðu senn fengin yfirráð yfir bæjunum Qalqiliya og Betlehem innan tveggja vikna svo fremi sem þeir tækju uppreisnarmenn fastari tökum. Auk þess væru þeir til viðræðu um að láta fleiri palestínska fanga lausa og leyfa útlögum að snúa aftur til síns heima.

Síðan leiðtogarnir hittust í Sharm el-Sheik í febrúar hafa Ísraelar verið gagnrýndir fyrir að skirrast við að láta lausa fanga, taka niður vegatálma og færa Palestínumönnum yfirráð yfir fleiri bæjum eins og vopnahléssamkomulagið kveður á um. Þeir segja á móti að Palestínumenn leyfi uppreisnarmönnum að leika lausum hala.

Síðustu daga hefur ólga vaxið í landinu. Eftir aðgerðir samtakanna Heilagt stríð síðustu daga, sem hafa kostað nokkur mannslíf, handtóku ísraelskar hersveitir 52 meðlimi þeirra í gærmorgun. Þetta er stefnubreyting hjá Ísraelum því fram að þessu hafa þeir einbeitt sér að því að handtaka þá sem beina aðild eiga að árásum.

Þrátt fyrir handtökurnar hélt ofbeldið áfram þegar vopnaðir menn á Vesturbakkanum réðust á bifreið og skutu einn farþegann. Um svipað leyti myrtu ísraelskir hermenn Palestínumann, sem gert hafði gat á girðinguna á landamærum Ísraels og Gaza.

sveinng@frettabladid.is









Saddam Hussein segist enn vera forseti:

# Saknar Reagans og þvær sér oft

**ÍRAK** Saddam Hussein segist enn vera forseti Íraks og bauð bandarísku hermönnunum sem gæta hans að heimsækja sig í Írak þegar hann hefði náð völdum þar á ný. Hann saknar gömlu góðu daganna þegar Ronald Reagan seldi honum vopn á tímum Íransstríðsins, þvær sér oft um hendurnar og kann vel að meta Doritos-flögur, sem hann bleytir með vatni áður en hann neytir þeirra.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í grein í júlíhefti tímaritsins GQ, sem unnin er upp úr viðtölum við fimm hermenn sem gættu hans í tíu mánuði. Samkvæmt frásögn þeirra er hann einnig málgefinn, segir skrýtlur, skrifar ljóð, hugar að garðinum sínum og keðjureykir.

Verðirnir segja jafnframt að Saddam hafi ráðlagt þeim að finna sér eiginkonur sem væru ekki of gamlar og ekki of ungar, ekki of greindar og ekki of heimskar. Ekki skemmdi fyrir ef þær kynnu að elda og þrífa.

Þá segir Saddam að Bill Clinton hafi verið „ok“ en kveðst vera lítt hrifinn af þeim Bush-feðgum.

- grs



**SADDAM HUSSEIN** Fékk ekki borðtennisborðið sem hann bað um.


Svefn & heilsa
EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR
SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI
Veldu það besta!
SOFÐU VEL Í SUMAR
Chiropractic 2005
NO FLIP
Leðurhægindastólar
Svefnsófar
Verð frá 79.900.- stgr.
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
iq-care.com
Sleep Series
ÓTRÚLEG VERÐ
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Biflex
actilinea
WALLHUGGER
EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM
GÆÐI
GÓÐ VERÐ
ÞJÓNUSTA
ÚRVAL
ÞEKKING
REYKJAVÍK
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Verið velkomin
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - Lokað á laugardögum í sumar



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða merkisafmæli átti baráttukonan Aung San Suu Kyi á dögunum?*

2 *Hvar er ársfundur alþjóðahvalveiðiráðsins haldinn?*

3 *Hvað hefur Dagur Sigurðsson leikið marga landsleiki í handbolta?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Grein formanns Frjálslynda flokksins:

# Vegið að starfsheiðri

**SJÁVARÚTVEGUR** „Guðjón Arnar Kristjánsson hefur ekki áttað sig á því að árið 2003 breyttum við aðferðafræði við útreikning á hrygningarstofninum og hann er því að bera saman epli og appelsínur,“ segir Björn Ævarr Steinarsson, forstöðumaður veiðiráðgjafasviðs Hafrannsóknastofnunarinnar. Björn segir því tölur Guðjóns um hrygningarstofn þorsks alrangar, en Guðjón Arnar hélt því fram í Fréttablaðinu í fyrradag að Hafrannsóknastofnun hefði ofmetið stofnstærð þorsksins í spám sínum. Björn segir stofnunina þvert á móti ekki ofmeta stofnstærðina, heldur hafi mat hennar staðist frá árinu 2001. Guðjón Arnar fari hins vegar með rangar tölur í grein sinni og Björn nefnir til að mynda að í skýrslu vorið 2003 komi fram að veiðistofninn hafi verið um 914 þúsund tonn, en ekki 765 eins og Guðjón haldi fram. Því hafi veiðistofninn verið í samræmi við skýrsluna 2002, þar sem spáð var að hann yrði 940 þúsund tonn.

„Það minnsta sem hægt er að búast við frá mönnum í hans stöðu er að farið sé rétt með. Með þessu er vegið að okkar starfsheiðri,“ segir Björn Ævarr.

- ss

**HRYGNINGARSTOFN ÞORSKS**
*Tölur í þúsund tonnum*

| | Spá | Tölur Guðjóns A. | Rauntölur |
|---|---|---|---|
| 2002 | 575 | 285 | 279 |
| 2003 | 339 | 265 | 374 |
| 2005 | 492 | 262 | 530* |

Heimild: Hafrannsóknastofnunin
*Reiknað út miðað við eldri aðferðir



**BJÖRN ÆVARR STEINARSSON** Björn segir formann Frjálslynda flokksins bera saman epli og appelsínur.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HVERGI BANGIN** Massouma al-Mubarak lét hróp þingmanna ekki á sig fá.

Kona sver embættiseið:

# Hróp gerð að ráðherra

**KÚVÆT, AP** Fyrsti kvenráðherra Kúvæta sór embættiseið sinn í fyrradag. Hróp voru gerð að henni á meðan athöfnin stóð yfir.

Rúmur mánuður er síðan kúvæskar konur fengu kosningarétt og annar áfangi í jafnréttisbaráttu þeirra náðist þegar Massouma al-Mubarak settist í stól ráðherra stjórnsýslumála.

Strangtrúaðir múslimar gerðu hróp að al-Mubarak þegar hún sór embættiseiðinn. Þeir telja hana ekki kjörgenga þar sem hún var ekki skráður kjósandi í ársbyrjun eins og lög kveða á um. Þá höfðu lög um kjörgengi kvenna hins vegar ekki verið samþykkt. ■

## LANDHELGISGÆSLAN

**ÞYRLAN SNÖGG Í FLUG** Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LIF, sótti í gærdag til Grundarfjarðar hjartveikan sjúkling sem þurfti að komast með hraði á Landspítalann við Hringbraut. Hjúkrunarfræðingur á Grundarfirði óskaði eftir flutningnum klukkan 14.22, en svo vel vildi til að þyrlan var við æfingar á Breiðafirði þegar kallið barst. Þyrlan lenti í Reykjavík um klukkan 15.30.

# Flytja verður Heilsugæsluna á brott

**Hafinn er undirbúningur að flutningi Heilsugæslunnar úr Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg. Þá þarf að flytja miðstöð heimahjúkrunar við Grensásveg. Það er leiguhúsnæði sem nú hefur verið selt og verður tekið til annarra nota.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Undirbúningur er hafinn að flutningi Heilsugæslunnar í Reykjavík úr húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg, að sögn Guðmundar Einarssonar forstjóra. Þarfalýsing fyrir nýtt húsnæði er á vinnuborðinu, en það er flókið verk og umfangsmikið.

Samkvæmt nýlegum samningi sem fulltrúar ríkis og borgar gerðu, verður gamla Heilsuverndarstöðin seld á almennum markaði. Þar með þurfti að hefja leit að nýju húsnæði fyrir Heilsugæsluna.

„Þetta húsnæði hentar okkur í sjálfu sér alls ekki illa,“ segir Guðmundur. „En það er sameign ríkis og borgar og þetta er niðurstaða þeirra, sem gengur yfir okkur eins og aðrar ákvarðanir sem teknar eru.“

Guðmundur segir að ekki geti heitið að leit sé hafin að nýju húsnæði. Mikil starfsemi sé í Heilsuverndarstöðinni og réttan undirbúning þurfi áður en það verði hægt.

„Vinna þarf nýja þarfalýsingu fyrir starfsemina og rökstyðja hana. Við vinnum þetta verk vandlega og gefum okkar tíma í það, enda veit ég ekki til þess að liggi sérstaklega á.“

Jafnframt þessu er unnið að því að finna miðstöð heimahjúkrunar við Grensásveg nýtt húsnæði, að sögn Guðmundar.

Það kemur til af því að hún er í leiguhúsnæði sem nú hefur verið selt. Nýi eigandinn hefur þörf fyrir húsnæðið til eigin nota.

„Kaup á nýju húsnæði fer eftir reglum ríkisins,“ sagði Guðmundur. „Miðstöðin hefur verið þarna frá upphafi. Við höfum gert þarfalýsingu fyrir starfsemi hennar. Þegar það hefur fengið nauðsynlega umfjöllun í heilbrigðisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu verður það væntanlega auglýst undir þeim skilgreiningum um gerð og staðarval sem í lýsingunni eru. Það er ekki ákveðinn tími á því hvenær við þurfum að losa húsnæðið, en við viljum ekki tefja fyrir öðrum notum á því meira en óhjákvæmilegt er, þannig að við vinnum þetta eins hratt og við getum.“

jss@frettabladid.is



**HEILSUVERNDARSTÖÐIN** Ríki og borg hafa ákveðið að selja gömlu Heilsuverndarstöðina, svo Heilsugæslan verður að flytja.

Lúxemborgarar:

# Kjósa um sáttmálann

**BRUSSEL, AP** Þrátt fyrir óvissuna sem ríkir um þessar mundir í Evrópusambandinu ætla Lúxemborgarar að halda sínu striki og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrársáttmála ESB 10. júlí næstkomandi.



MYND/AP

**JEAN-CLAUDE JUNCKER**

Allmörg ESB-ríki hafa ákveðið að fresta staðfestingu sáttmálans en Lúxemborgarar og Pólverjar ætla engu síður að halda þjóðaratkvæðagreiðslur.

Skoðanakannanir sýna að andstæðingum sáttmálans hefur heldur vaxið fiskur um hrygg. Jean-Claude Juncker forsætisráðherra hefur þegar lýst því yfir að hann muni segja af sér hafni landsmenn sáttmálanum. ■

Dagskrárstjóri Rásar 2:

# Aðeins einn umsækjandi

**RÚV** Sigrún Stefánsdóttir sótti ein um laust starf dagskrárstjóra Rásar 2 og landshlutastöðva Ríkisútvarpsins, en umsóknarfrestur rann út á sunnudag. Önnur umsókn barst en var dregin til baka.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR** Eini umsækjandinn um stöðu dagskrárstjóra Rásar 2.

Sigrún hefur undangengin ár verið yfirmaður upplýsingadeildar Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn. Sigrún á að baki um tuttugu ára starf hjá Ríkisútvarpinu við frétta- og dagskrárgerð.

Útvarpsráð fær umsóknina til afgreiðslu en ráðið kemur næst saman í ágúst.

- bþs






Gunnar Páll Pálsson, formaður VR:

# Ódýr stéttarfélög í samkeppni

**VERKALÝÐSFÉLÖG** Þátttaka í stéttarfélögum fer minnkandi og sífellt lægra hlutfall af fólki á vinnumarkaði er í stéttarfélögum. Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, segir að á öðrum Norðurlöndum dragi úr þátttöku í stéttarfélögum, þar sé komin samkeppni milli stéttarfélaga og lággjaldastéttarfélaga.

„Þau eru einfaldari og bjóða minni þjónustu, eru jafnvel án kjarasamnings. Ég hef heyrt dæmi um mánaðargjald upp á 330 danskar krónur meðan hefðbundið félag býður aðild fyrir 900 krónur á mánuði,“ segir hann.

Félagi í lággjaldastéttarfélagi fær meðal annars lögfræðiráðgjöf fyrir aðstoð vegna ágreinings við vinnuveitendur og boðið er upp á fjölbreyttari atvinnuleysistryggingar.

Gunnar Páll segir að íslensku stéttarfélögin búi sig undir aukna samkeppni og að lággjaldastéttarfélög geti farið að ryðja sér til rúms hér á landi. „Það gæti gerst að fólk vildi í auknum mæli standa utan stéttarfélaga. Þá er eitt ráð að bjóða upp á lægri félagsgjöld,“ segir hann.

-ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GUNNAR PÁLL PÁLSSON** Formaður VR telur að lággjaldastéttarfélög geti farið að ryðja sér til rúms hér á landi og er að gerast í nágrannalöndunum. VR veltir því fyrir sér hvernig félagið eigi að bregðast við aukinni samkeppni.

# Ótrúlegt úrval

## af sófasettum á vaxtalausu tilboði

**Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri**

**Sérsmíðum eftir þínum þörfum.**
Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.

Allir sérsmíðaðir hornsófar*
á tilboði þessa viku



*Stærð 2 sæti x horn x 2 sæti

**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins
**8.325 kr***
á mán. í 12 mánuði

**Verð nú 99.900,-**

**Verð áður 149.900,-**



**Leðursófasett** 3+1+1 3167



**Hornsófi** tau áklæði Paris



**Hornsófi** leður áklæði 3130



**Leðursófasett** 3+1+1 3002



**Leðursófasett** 3+1+1 3057



**Leðursófasett** 3+1+1 3171



**Leðursófasett** 3+1+1 3058



**Leðursófasett** 3+1+1 3166



**Leðursófasett** 3+1+1 3004



**Bycast sófasett** 3+1+1 Roma



**Leðursófasett** 3+1+1 Nice



**Leðursófasett** 3+1+1 Verona

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



MYND AP

**FAGNAR FLUGRÉTTINDUM** Hanadi Zakaria, fyrsta sádi-arabíska konan sem fær atvinnuflugmannsréttindi, brosir hér til ljósmyndara í flugskólanum Mideast Aviation Academy í Amman í Jórdaníu.

Kortanúmerum stolið í Bandaríkjunum á allt að hálfs árs tímabili:

# Hundruð íslenskra korta í hættu

**ÞJÓFNAÐUR** Talið er að tölvuþrjótar í Bandaríkjunum hafi komist yfir greiðslukortanúmer í allt að hálft ár áður en lokað var fyrir lekann. Á þriðja hundrað íslensk kortanúmer komust í hendur þjófanna og þurfa eigendur þeirra að fá ný kort.

Lekinn var rakinn til Card-Systems Solutions í Bandaríkjunum, en fyrirtækið sérhæfir sig í afgreiðslu greiðslubeiðna fyrir fjármálastofnanir. Alls er talið að þjófarnir hafi haft aðgang að um 40 milljónum kortanúmera frá helstu greiðslukortafyrirtækjum.

Bergþóra Karen Ketilsdóttir, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs Mastercard, segir búið að loka kortum sem talið er að þjófarnir hafi náð. „Við vorum búin að uppgötva 16 kort með okkar eigin svikavakt, en síðan fengum við upplýsingar um að þau væru 50 í allt og lokuðum þeim,“ segir hún.

„Kort frá VISA Íslandi sem tengjast málinu eru 179 talsins, en þar af er talsvert af kortum sem búið var að loka,“ segir Þórður Jónsson, sviðsstjóri hjá VISA Íslandi. -óká



**BERGÞÓRA KAREN KETILSDÓTTIR** Búið er að loka öllum greiðslukortum sem grunur lék á að hefðu komist í hendur tölvuþrjóta í Bandaríkjunum. Hún hvetur fólk til að fylgjast vel með greiðsluyfirliti sínu.

Forstjóri Neytendastofu:

# Níu sækja um stöðuna

**NEYTENDUR** Níu sóttu um starf forstjóra Neytendastofu, átta karlar og ein kona.

Þau eru Egill Heiðar Gíslason, Ingibjörg Björgvinsdóttir, Ingólfur Oddgeir Georgsson, Jóhannes Þorsteinsson, Jón Egill Unndórsson, Jón Magnússon, Leo J.W. Ingason, Páll Haraldsson og Tryggvi Axelsson.

Neytendastofa er ný ríkisstofnun. Hún á að gegna eftirlitshlutverki á sviði neytendamála, ásamt því að vinna að stefnumótun og annast útgáfu upplýsinga um þau mál. Ráðið verður í stöðuna frá 1. júlí. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ALFREÐ ÞORSTEINSSON** Í Elliðaánum á opnunardegi á mánudag.

Borgarstjórn:

# Alfreð forseti

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Alfreð Þorsteinsson var kjörinn forseti borgarstjórnar í gær. Tekur hann við forsetastarfinu af Árna Þór Sigurðssyni, sem gegnt hefur starfinu frá árinu 2002, en í leyfi hans aðundanförnu hefur Stefán Jón Hafstein gegnt starfi forseta borgarstjórnar. Alfreð hefur átt sæti í borgarstjórn fyrir hönd Reykjavíkurlistans frá árinu 1994 en fyrst tók hann sæti í borgarstjórn fyrir Framsóknarflokkinn árið 1971 og sat þá til ársins 1978. -hb

# Kaupfélagið vill styrkja lengingu Akureyrarflugvallar

**Til að koma á hagkvæmu millilandaflugi til og frá Akureyri þarf að lengja flugvöllinn. Kostnaðurinn er talinn vera 300 til 350 milljónir króna og er KEA tilbúið að leggja fram umtalsverða fjármuni svo hægt verði að ráðast í framkvæmdir hið fyrsta.**

**FLUGSAMGÖNGUR** Lenging Akureyrarflugvallar um 460 metra er forsenda þess að hægt sé að hefja arðvænlegt millilandaflug til og frá Akureyri, segir Njáll Trausti Friðbertsson, viðskiptafræðingur og flugumferðarstjóri. Í Samgönguáætlun 2005 til 2008 er ekki gert ráð fyrir lengingu Akureyrarflugvallar heldur einungis að gerð verði könnun á þörf fyrir lengingu flugbrautarinnar ásamt fyrstu kostnaðaráætlun. „Lengingin kostar 300 til 350 milljónir króna, svipað og tíu til fimmtán kílómetra langur vegaspotti,“ segir Njáll Trausti.

Á fjölmennum kynningarfundi á Hótel KEA á Akureyri í gær kynnti Njáll Trausti niðurstöður verkefnis sem hann hafði umsjón með, fyrir hönd Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri, um millilandaflug frá Norður- og Austurlandi til áfangastaða í Evrópu. Að hans mati er Akureyrarflugvöllur vannýttur og nauðsynlegt að lengja hann til að skapa forsendur fyrir aukinni nýtingu. „Akureyrarflugvöllur fullnægir öllum helstu kröfum flugrekstraraðila öðrum en flugbrautarlengd. Með því að lengja völlinn í 2.400 metra munu fleiri tegundir flugvéla geta notað hann og um leið yrði völlurinn hentugri fyrir lággjaldaflugfélög,“ segir Njáll Trausti.

Kaupfélag Eyfirðinga kostaði rannsóknarverkefnið og segir Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA, að félagið sé tilbúið að leggja fram umtalsverða fjármuni svo hægt verði að ráðast í lengingu flugbrautarinnar sem fyrst. „Við stefnum á að ræða við samgönguyfirvöld og þá fyrst kemur í ljós hvort hægt er að flýta framkvæmdum og hversu mikla fjármuni KEA er tilbúið að leggja í verkefnið,“ segir Andri.

Grænlandsflug hélt uppi beinu flugi tvisvar í viku á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar á árinu 2003 og segir Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, að 6.640 manns hafi nýtt sér þjónustuna: „Flugið var ákveðið með stuttum fyrirvara og nýtingin var slök til að byrja með en óx jafnt og þétt og var komin í um 70 prósent þegar Grænlandsflug ákvað snögglega að hætta fluginu.“ kk@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**FJÖLMENNUR KYNNINGARFUNDUR** Um 100 manns mættu á fundinn og þurfti að stækka salinn þar sem fundurinn var haldinn og bæta við borðum og stólum til að allir fundargestir kæmust fyrir.

## SPÁNN

**RÁÐIST GEGN MAFÍÓSUM**
Spænska lögreglan handtók um helgina 28 manns frá fyrrverandi Sovétlýðveldum sem grunaðir eru um að standa fyrir skipulagðri glæpastarfsemi á vinsælum ferðamannastöðum í landinu. Rassían var gerð á Costa del Sol, Alicante og í Barcelona.






Deilurnar í Garðasókn:

# Engar sættir í nánd

**PRESTSDEILA** „Ég sagði sem var, að sættir hefðu verið reyndar og ekki tekist,“ segir Matthías G. Pétursson, formaður Garðasóknar, en áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar hefur sent málsaðilum í deilumálinu í Garðasókn sáttatillögu. Sóknarpresturinn, Hans Markús Hafsteinsson, lýsti sig reiðubúinn til sátta en gagnaðilar hans ekki.

„Ég svaraði erindinu þannig fyrir hönd sóknarprestsins að hann væri reiðubúinn til þrautar að ná sáttum sem allir gætu unað við og hann rétti þannig fram sáttahönd en því höfnuðu hinir,“ segir Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Hans Markúsar.

Lögmenn sóknarformannsins og varaformanns sóknarinnar auk djákna og prests hafa hafnað sáttatillögu Páls Sigurðssonar, formanns áfrýjunarnefndarinnar. Er því búist við að áfrýjunarnefndin kveði upp úrskurð sinn í málinu á næstu dögum en Hans Markús hefur þegar tilkynnt að hann muni ekki una úrskurði áfrýjunarnefndarinnar um tilfærslu í starfi. -hb

**VÍDALÍNSKIRKJA Í GARÐASÓKN** Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar kveður upp úrskurð sinn á næstu dögum í deilumálinu í Garðasókn.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Niðurhal dótturinnar:

# Móðir fer í fangelsi

**BRETLAND** Emily Price, táningsstúlka frá Cheltenham á Englandi, hefur heldur betur komið móður sinni í klandur með því að hlaða niður tónlist með vinsælum hljómsveitum á tölvu sína. Þar sem móðirin, Sylvia að nafni, er ábyrgðarmaður stúlkunnar hefur henni verið send sekt upp á hálfa milljón króna fyrir athæfi dótturinnar.

„Ég veit ekki hvernig ég get aflað þessara peninga. Ég verð að fara í fangelsi af því að ég á ekki svo mikið fé,“ sagði Sylvia Price í viðtali við The Guardian.

Vegna ólöglegs niðurhals verða tónlistarmenn af talsverðum tekjum og því tekur lögreglan á slíkri iðju af mikilli hörku. ■

## LEIÐRÉTTING

Þau mistök urðu í blaðinu þegar fjallað var um framúrkeyrslu ráðuneyta úr fjárlögum 18. júní síðastliðinn að talað var um sýslumannsembættið í Keflavík þegar átt var við sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli.

Rangt var farið með nafn viðmælanda í grein Fréttablaðsins um bensínverð í gær. Konan heitir Sigríður Böðvarsdóttir.

Rangt var farið með nafn sjónvarpsstjóra Skjás eins, Magnúsar Ragnarssonar, í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær.

# allt að lækka

## við gerum betur



BAUTABÚRIÐ - fullt búr matar

NÝTT!

BBQ sósa og brauð fylgja frítt með

**399** kr.kg.

Bautabúrs hamborgarar m. BBQ sósu



betra verð!

520 kr. lækkun á kg.

**779** kr.kg

Þurrkryddaðar lambagrillsneiðar
verð áður 1299 kr.kg.



40% afsláttur

**359** kr.kg

Heill, ferskur kjúklingur
áður 598 kr. kg



40% afsláttur

verðlækkun 310 kr.kg

**465** kr.kg

Buffaló vængir
verð áður 775 kr.kg.



verðlækkun 430 kr.kg

40% afsláttur

**645** kr.kg

Hunangsgljáð læri
verð áður 1.075 kr.kg.

## Patak´s sósur með kjúklingnum



Tikka masala,
Korma,
Rogou Josh
Jalfrezi
Dopiaza



fitulítill ís góður með berjunum



b erjadagar í Nettó

mikil verðlækkun!

**99** kr.pk.

Jarðarber 200gr. askja.



mikil verðlækkun!

**139** kr.pk.

Hindber 125gr. askja.



m ikil verðlækkun!

**199** kr.pk.

Bláber 125gr. askja.



mikil verðlækkun!

**199** kr.pk.

Brómber 125gr. askja.

LOKAÐ Á MORGUN 17. JÚNÍ

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 16. - 19. júní (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

„ORÐRÉTT"

*„Albufeira greip mig strax. Bærinn virkaði á mig í fyrstu líkt og Patreksfjörður þar sem ég bjó einu sinni og leið mjög vel."*

**LINDA FREITAS** VEITINGAMAÐUR Í PORTÚGAL Í MORGUNBLAÐINU.

*„Ég held að það séu ekki háar sektir við því að skreyta styttur bæjarins því þá þyrfti nú að fara að sekta allar dúfurnar sem eru alltaf að skíta á þær."*

**SALVÖR GISSURARDÓTTIR** FEMÍNISTI Í FRÉTTABLAÐINU.

*nær og fjær*

# tilveran

**HALTUR LEIÐIR BLINDAN:** PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

## *Lína stakk af og hárið hans Bjarka til sölu*

Það var gott að komast af stað á mánudaginn eftir langan og strangan undirbúning. Upphitunin við Sjónarhól og hlý hvatningarorð hleyptu í okkur eldmóði og ánægjulegt að fá fylgd vina og vandamanna fyrsta spölinn. Allt gekk vel í fyrstu eða þar til Lína langsokkur heltist úr lestinni en tuskubrúðan Lína er með í för. Henni hafði verið komið fyrir í beltisstreng Bjarka og í einhverju skrefinu hrökk hún upp úr án þess að við tækjum eftir því. Þegar upp komst um óhappið snéri Tómas við og fann hana í vegarkantinum og verður hennar tryggilegar gætt hér eftir.

Fyrsta daginn gengum við að Litlu kaffistofunni og héldum þaðan í gærmorgun eftir kaffi og pönnukökur.

Við gengum sem leið lá upp Hellisheiðina og niður gömlu Kambana. Þar var engin umferð og þægilegt að ganga. Við komum svo í Hveragerði um miðjan dag í gær. Ein og ein blaðra hefur skotið upp kollinum á tánum á okkur en það er ekkert sem ekki má plástra yfir.

Bjarki hefur ákveðið að bjóða hár sitt til sölu og er það falt þeim sem hæst býður. Ágóðinn rennur til Sjónarhóls og koma peningarnir sér vel á þeim bæ.

Ekki er víst að greiningadeildir bankanna telji þetta góða fjárfestingu



en við erum vissir um að svo sé og færi þeim sem kaupir ómælda ánægju. Hafir þú áhuga getur þú haft samband við okkur í síma 695-7010.

Í dag göngum við frá Hveragerði að Vegamótum.

Bestu kveðjur, Bjarki og Guðbrandur.

**SJÓNARHÓLL**

**HVALVEIÐAR Í ATVINNUSKYNI**



**MUMMI Í GÖTUSMIÐJUNNI**

## *Vísindaveiðar eru dulbúnar hvalveiðar*

Guðmundur Týr Þórarinsson, betur þekktur sem Mummi í Götusmiðjunni, er ánægður með þá niðurstöðu Alþjóða hvalveiðiráðsins að fella tillögu Japana um að leyfa takmarkaðar veiðar í atvinnuskyni. „Mér finnst að það megi alls ekki leyfa hvalveiðar," segir Mummi og finnst sorglegt að litið sé á það sem tap mannsins hvað hvalurinn étur mikið. „Þetta yfirskin „vísindaveiðar" er bara dulbúnar hvalveiðar," segir hann og finnst að Íslendingar verði að finna aðra lausn á fjármálum sínum. Mummi er hræddur um að það endi á því að hvalir verði veiddir. „Þegar togararnir fara að koma hálftómir heim byrjar firringin. Við stefnum í að blóðmjólka þessa jörð og á endanum verða þeir drepnir," segir hann og telur mikið meðvitundarleysi ríkja hjá mannkyninu gagnvart náttúrunni.

Íþróttahúsin í Vesturbyggð:

## Klif, Bylta eða Uppsalir

Íbúar Vesturbyggðar eiga nú það erfiða verk fyrir höndum að velja nafn á nýrisin íþróttamannvirki á Bíldudal og Patreksfirði. Til að létta sér verkið greip bæjarstjórn til þess ráðs að leita innblásturs hjá almenningi, enda hafa þorpin alið af sér andans menn á borð við Jón úr Vör og Jón Kr. Ólafsson.



Nú hefur bæjarstjórn valið út fjögur nöfn fyrir hvort hús sem fólki gefst kostur á að kjósa um á Netinu. Á Patreksfirði koma nöfnin Klif, Brattahlíð, Miðvangur og Íþróttamiðstöð Patreksfjarðar til greina en á Bíldudal koma til greina Byltan, Uppsalir, Kistan og Deiglan. Lýðræðið verður þó ekki þráðbeint því bæjarstjórn mun hafa niðurstöður kosninganna til hliðsjónar þegar endanlegt nafn verður valið. Hægt er að greiða atkvæði á vefsíðunum patreksfjordur.is og arnfirdingur.is en kosningunni lýkur á miðnætti í kvöld.

-bs

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SKIPSTJÓRINN** Philippe Berenguer lýsir því af ákafa hvernig vísindarannsóknum er háttað um borð í Beautemps-Beaupré.

# Fljótandi tilraunastofa

**Haffræði- og sjómælingaskip í eigu franska sjóhersins liggur í Reykjavíkurhöfn meðan áhöfnin hvílist og teknar eru nýjar vistir. Skipið er mjög nútímalegt og er eitt afkastamesta skip í heimi hvað varðar sjómælingar. Berenguer skipstjóri leyfði blaðamönnum að skoða skipið á dögunum.**

Hann baðar út öngum eins og Frökkum er einum lagið þegar hann lýsir stærð og getu haffræði- og sjómælingaskipsins Beautemps-Beaupré. Philippe Berenguer skipstjóra er mikið í mun að sannfæra fólk um ágæti skips síns enda er það eitt afkastamesta skip í heimi hvað varðar sjómælingar.

Beaupré er mjög nútímalegt haffræði- og sjómælingaskip í eigu franska sjóhersins og liggur nú við landfestar í Reykjavíkurhöfn. Það hefur verið lengi á sjó við ýmsar sjómælingar og rannsóknir og því kærkomið fyrir áhöfn skipsins að hvíla lúin sjómannsbein á Íslandi meðan safnað er vistum.

Berenguer er annar tveggja skipstjóra sem hafa stjórnina á Beaupré undir höndum. Áhafnirnar eru tvær og vinnur hvor um sig í fjóra mánuði í senn en skipið er á ferðinni allt árið um kring. Áhöfnin samanstendur af um 30 sjóliðum og 20 vísindamönnum en skipið hefur tvennan tilgang; annars vegar að stunda sjómælingar og hins vegar að safna gögnum til að athuga áhrif sjós og andrúmslofts á veður. Þar sem hafstraumar liggja um alla jörðina ferðast skipið um allan heim.

Skipið er vel útbúið til hafrannsókna og hefur því verið fengið til að leysa af hendi ýmis verkefni á alþjóðavettvangi. Til dæmis var það fengið til Indónesíu til að athuga afleiðingar jarðskjálftans við flekaskilin. Þá var það fyrir stuttu fengið til þess að leita að svarta kassa flugvélar sem fórst á hafi. Fjórar tilraunastofur eru um borð og er bæði hægt að rannsaka sýni um borð en einnig hægt að frysta þau og flytja á land til frekari rannsókna.

Berenguer segir lítinn frítíma skapast á skipinu enda sé áhöfnin fáliðuðu miðað við stærð skipsins. Þegar menn eru ekki að sinna skylduverkum séu þeir í þjálfun og til dæmis gangi kokkurinn í ýmis önnur verk en í eldhúsinu. Þar sem menn eru fjarri fjölskyldum sínum í fjóra mánuði í senn er það kannski af hinu góða að frítíminn sé sem minnstur. Berenguer gerir þó lítið úr vinnutímanum. „Þetta er líf hermannsins," segir hann, sem ætlar þó að leyfa sér að slaka á meðan hann er hér á landi. Mestan áhuga hefur hann á að stunda sundlaugarnar en Bláa lónið og gullni hringurinn eru þó einnig á dagskrá.

**solveig@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**BEAUTEMPS-BEAUPRÉ** Franski fáninn blakti við hún þegar skipið lagðist að bryggju í Reykjavík.


VERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF
FL GROUP HF,
1. FLOKKUR 2005,
SKRÁÐ Í KAUPHÖLL ÍSLANDS HF.

Kauphöll Íslands hf. hefur ákveðið að taka eftirfarandi skuldabréf á skrá Kauphallarinnar þann 29. júní nk.:

Skuldabréfin í 1. flokki 2005 eru vaxtakúla og bera þau fasta 5,0% ársvexti frá útgáfudegi. Útgáfudagur bréfanna var 1. mars 2005. Bréfin verða skráð miðvikudaginn, 29. júní nk. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni greiðslu þann 1. mars 2012. Vextir reiknast frá útgáfudegi og greiðast árlega á 7 gjalddögum í fyrsta sinn þann 1. mars 2006 og í síðasta sinn þann 1. mars árið 2012. Heildarnafnverð 1. flokks 2005 verður a.m.k. 10.000.000.000 kr. Bréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands verður FL 05 1.

Skráningarlýsingu, og þau gögn sem vitnað er til í henni, er hægt að nálgast hjá umsjónaraðila skráningarinnar, Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík, sími 444 7000, fax 444 7319, www.kbbanki.is

KB BANKI

Gæða hlaupahjól

# JDBUG





XXTREME®

**Línuskautar**
st. 29-42
Verð frá **3.999 kr**

JDBUG

**Rafmagns-hlaupahjól**

Model: ES-456
Óbrotið: 940 mm x 140 mm x 265 mm
Brotið: 905 mm x 140 mm x 100 mm
Þyngd: 7,75 kg
Hámarkshraði: 12 km/h
Meðalending hleðslu: 30 mín.
Burðarþol: 55 kg
Mótor: 12V 80Watt DC
Dekkjastærð: 6" loftfyllt
Rafgeymir: 6V/7AH x 2
Hleðslutími: 8 klst.
Bremsur: Afturbremsur
Drifbúnaður: Beltadrifið

**14.999 kr**



JDBUG

**Hlaupahjól**
m/dempara. Sterkt hlaupahjól úr flugvélaáli, 4" dekk

**5.999 kr**



JDBUG

**Hlaupa- tvíhjól**
fislétt álhjól frábært fyrir jafnvægið.



JDBUG

**Hlaupa- tvíhjól** **5.999 kr**
fislétt ál hjól fyrir 3-5 ára



JDBUG

**Hlaupahjól** **5.999 kr**
m/dempara. Sterkt hlaupahjól úr flugvélaáli, 4" dekk



JDBUG

**Hlaupahjól** **3.999 kr**
barna m/þremur hjólum



JDBUG

**Hlaupahjól** **3.999 kr**
án/dempara, stór 5" dekk

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

## SVONA ERUM VIÐ

**KARTÖFLUUPPSKERA Á ÍSLANDI Í TONNUM TALIÐ**

Heimild: Hagstofan




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FJÁRLÖG

# *Fjárlög eru líka lög*

Síðustu daga hefur Fréttablaðið fjallað um framkvæmd fjárlaga ársins 2004. Þrátt fyrir góða stöðu, en alls var ríkisreikningurinn 9,7 milljarða innan fjárheimilda, er víða pottur brotinn.

**Hverjir fara fram úr?** Mestu munar um skóla og heilbrigðisstofnanir, en í þeim geirum virðist jafnvel vera viðvarandi rekstrarvandi þrátt fyrir að framlög ríkisins til þeirra hafi aukist ár frá ári. Landspítalinn einn fór nærri milljarð fram yfir á árinu 2004 og búast má við að hann geri það aftur í ár. Einnig hafa sendiráðin kostað sitt og hvað eftir annað farið yfir fjárlög.

**Hvernig eru fjárlög unnin?** Fjárlögin eru eitt fjölþættasta verkefni ríkisvaldsins. Flestar stofnanir ríkisvaldsins koma að henni með einum eða öðrum hætti ásamt fjöldamörgum hagsmunahópum. Fjármálaráðuneytið hefur í samstarfi við fjárlaganefnd Alþingis yfirumsjón með fjárlagagerðinni, sem stendur yfir sleitulítið allt árið um kring í formi upplýsingaöflunar, viðræðna, útreikninga og áætlanagerðar. Fjárlagafrumvarp er síðan sett fyrir Alþingi sem setur síðan endanleg fjárlög - en fjárlögin eru lög.

**Hver fylgir fjárlögum eftir?** Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og er þingnefndum til aðstoðar við störf sem varða fjárhagsmálefni ríkisins en hvert ráðuneyti á að hafa hemil á sínum eigin stofnunum og ráðherra ber mesta ábyrgð á því að fjárlögin séu ekki brotin. Þegar einhver stofnun fer fjögur prósent fram úr heimildum ber henni að greina ráðuneytinu frá því og ráðuneytinu ber þá skylda til að bregðast við með einhverjum hætti. Eins og gefur að skilja er aldrei hægt að sjá fyrir öll útgjöld fyrir allt ríkið eitt ár fram í tímann og Alþingi samþykkir því fjáraukalög sem taka á útgjöldum sem ekki er gert ráð fyrir í upphaflega frumvarpinu.



Forstjóri Vinnumálastofnunar:

## Stéttarfélög ráða ekki ferðinni

„Stéttarfélög eins og Efling hafa aðeins umsagnarrétt en taka ekki ákvörðun um hvort við getum út atvinnuleyfi," segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar. Efling-stéttarfélag sendi í gær frá sér tilkynningu um að það hefði margsinnis hafnað atvinnuleyfum félagsins, sem hefur ráðið Pólverjana til starfa, en Vinnumálastofnun ekki tekið tillit til þess. Efling hefði ítrekað við Vinnumálastofnun að umsagnir félagsins yrðu virtar.

Gissur segir að tekið sé tillit til þeirra aðstæðna sem umsækjendur tína til og ákvörðun um útgefin atvinnuleyfi geti gengið þvert á jákvæðar eða neikvæðar umsagnir stéttarfélaga og ráðist af hverju tilfelli fyrir sig.

„Hvað þetta tiltekna fyrirtæki varðar þá þarf auðvitað að skoða þau gögn sem lögð hafa verið fram og hvort sótt hafi verið um leyfi á röngum forsendum. Ef svo er ekki þá þarf að taka ákvörðunina upp að nýju og endurskoða hana," segir Gissur.

-hb



GISSUR PÉTURSSON






SJÖ MANNS DEILA ELDHÚSINU SEM EIN STÓR FJÖLSKYLDA.

# ASÍ gagnrýnir meðferð pólskra verkamanna

**Lögmaður Geymis ehf., sem hefur flutt tólf pólska verkamenn hingað til starfa, segir ASÍ þyrla upp ryki þegar það gagnrýnir meðferð þeirra. ASÍ telur launagreiðslur undir samningum og ætlar að reyna að fá samningunum rift.**

Tólf pólskir verkamenn hafa leitað á náðir Alþýðusambands Íslands þar sem þeir telja að kjör og aðbúnaður í húsnæði sem þeim hefur verið úthlutað til að búa í hér á landi séu með öllu óviðunandi. Verkamennirnir komu hingað til lands í apríl síðastliðnum til starfa í byggingageiranum eftir að hafa undirritað ráðningarsamning í Póllandi við fyrirtækið Geymi ehf.

Í einum ráðningarsamningnum kemur fram að tiltekinn starfsmaður eigi að fá greiddar um 120.000 krónur á mánuði fyrir 250 tíma mánaðarvinnu en almennt er gert ráð fyrir um 160 tíma mánaðarvinnu hér á landi. Í samningnum kemur fram að öll vinna umfram það greiðist sem yfirvinna að upphæð 480 krónur á tímann. Verkamennirnir hafa enn fremur fengið úthlutað húsnæði til búsetu sem er ekki skipulagt sem íbúðarhúsnæði.

### Vinnumálastofnun fékk öll gögn

Halldór Grönvöld hjá Alþýðusambandi Íslands segir að mennirnir hafi leitað til ASÍ fyrir milligöngu aðila sem hafi orðið þess áskynja að kjör þeirra og aðstæður væru óviðunandi. „Þeir sýndu okkur gögn um kjör þeirra og svo húsnæðið til búsetu sem atvinnuveitandinn hafði látið þeim í té. Við sáum strax að þetta var með öllu óviðunandi og höfum nánast brugðist við þessari kvörtun þeirra," segir Halldór. Hann segir að þegar sótt hafi verið um atvinnuleyfi fyrir mennina tólf hafi það verið gert á fölskum forsendum og framvísað hafi verið gögnum hjá Vinnumálastofnun þar sem fram hafi komið að kjör þeirra væru betri en þau eru í raun og veru í dag.

Eiríkur Elís Þorláksson, lögmaður Geymis ehf., hafnar þessu alfarið og segir að honum komi málflutningur ASÍ á óvart. Það sé hins vegar ljóst að einhver atriði sem varða Pólverjana kunni að vera í ólagi og nú sé unnið að því að bæta það. „Það var sótt um atvinnuleyfi hjá Vinnumálastofnun, sem var í framhaldinu veitt og sú ákvörðun hlýtur að byggja á þeim athugunum sem stofnunin hefur gert. Samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga verða þeir að fá tilskilin gögn í hendur, til dæmis um að fyrirtæki ábyrgist greiðslu á heimflutningi mannanna og svo framvegis. Öll þessi gögn voru veitt og atvinnuleyfið gefið út væntanlega í framhaldi af því að Vinnumálastofnun hefur ígrundað þessi gögn," segir Eiríkur.



HALLDÓR GRÖNVÖLD



EIRÍKUR ÞORLÁKSSON

### Búa í atvinnuhúsnæði

Verkamennirnir fengu úthlutað húsnæði þar sem þeir hafa dvalið og hefur ASÍ gert athugasemdir við að húsnæðið sé þeim ekki bjóðandi þar sem um er að ræða atvinnuhúsnæði. Auk þess hefur ASÍ gert athugasemdir við það að kjör þeirra séu undir launaviðmiðum verkafólks.

„Venjuleg laun faglærðra manna eru um 130-150.000 krónur fyrir utan yfirvinnu og þarna er því verið að borga laun undir samningum. Auk þess er ekkert orlof, ákvæði um veikindaleyfi og svo framvegis," segir Halldór. Hann segir enn fremur að unnið verði að því næstu daga að bæta kjör verkamannanna í samstarfi við þau fyrirtæki sem þeir starfi hjá en ASÍ ætli einnig að beita sér fyrir því að þeim samningum verkamannanna sem gerðir hafa verið með sviksamlegum hætti verði rift, auk þess sem reynt verði að finna þeim viðunandi húsnæði.

„Það er þannig að þetta húsnæði er vissulega ekki skipulagt sem íbúðahúsnæði en mér finnst verið að reyna að draga fram heldur svarta mynd af málinu. Inni í þeim tölum sem hér um ræðir hvað mánaðarlaunin varðar er ljóst að þegar hefur verið tekið tillit til þess að þeim hefur verið útvegað húsnæði og ýmislegt annað. Ég held að það sé verið að þyrla upp óeðlilega miklu ryki í þessu máli," segir Eiríkur. ■



BAÐHERBERGIÐ Í HÚSNÆÐI PÓLVERJANNA



SVEFNAÐSTAÐAN ER EKKI BJÓÐANDI AÐ MATI ASÍ.

# NISSAN
# PATHFINDER

SKIPT_um landslag




## SUMARIÐ BÍÐUR EKKI!

Pathfinderinn þinn er kominn til landsins til að halda upp á sumarið. Hann fer allt á fjórhjóladrifinu, er þægilegur í öllum sjö sætunum, lipur innanbæjar og rúmar farangur til fleiri mánaða. Hann er öflug listasmíð, traustur og vandaður. En fyrst og fremst sameinar Nissan Pathfinder það grófa og það fína í einum best heppnaða útivistarbíl síðari ára.

### PATHFINDER SE

Beinskiptur
174 hestöfl
5 dyra

**Verð: 4.450.000 kr.**

**46.581 kr. á mán.***

### STAÐALBÚNAÐUR

- Þokuljós
- Krómað grill
- Leðurklætt stýri og gírstöng
- Krómaðar höldur inni í bíl
- Hiti í speglum
- Áttaviti í baksýnisspegli
- Litað gler
- 7 sæta
- Birtuskynjari í spegli
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- Innbyggt loftnet (loftnet í afturrúðu)
- Regnskynjari
- Hraðastillir (Cruise Control)

**250.000 krónum flottari!**



Þeir sem kaupa Nissan Pathfinder í júní fá 32" dekk, krómstigbretti og dráttarkrók í kaupbæti.

PATHFINDER
ER KOMINN TIL LANDSINS
KLÁR Á GÖTUNA
Á FIMM DÖGUM



**VEIÐIKORTIÐ FYLGIR MEÐ!**

Með veiðikortinu má veiða nánast ótakmarkað í a.m.k. 20 vötnum víðsvegar um landið og tjalda endurgjaldslaust hjá mörgum þeirra. Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

Glitnir

*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a** | **Eyrarlandi 1** | **Sæmundargötu 3** | **Holtsgötu 52** | **Dalbraut 2b** | **Víkurbraut 4** | **Búðareyri 33** | **Sindragötu 3** | **Óseyri 5** |
| 800 Selfossi | 530 Hvammstanga | 550 Sauðárkróki | 260 Njarðvík | 300 Akranesi | 780 Höfn í Hornafirði | 730 Reyðarfjörður | 400 Ísafjörður | 603 Akureyri |
| 482-3100 | 451-2230 | 453-5141 | 421-8808 | 431-1376 | 478-1990 | 474-1453 | 456-4540 | 461-2960 |

Fíton/SÍA

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Leiðtogum Evrópusambandsins mistókst að leysa aðalmálin.

## Upplausn innan Evrópusambandsins

Leiðtogar Evrópusambandslandanna hafa ekki átt sjö dagana sæla frá því fundur þeirra í Brussel fyrir helgina fór út um þúfur. Þeir hafa þurft að verja það á heimavelli að ekki náðist samkomulag um næsta fjárlagatímabil sambandsins, en það var eitt meginmarkmið fundarins. Þegar hann var skipulagður var búist við því að þar gætu leiðtogarnir glaðst yfir því sem gerst hefði innan sambandsins á undanförnum mánuðum. Skoðanakannanir í Frakklandi frá áramótum bentu hins vegar til þess að þetta yrði enginn gleðifundur og þegar úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar lágu fyrir og úrslitin í Hollandi komu svo eins og salt í sárið var ljóst að leiðtogafundurinn yrði ekki uppörvandi. Á honum var svo breytingin á stjórnarskrá sambandsins slegin út af borðinu og á þessari stundu er erfitt að sjá hvert framhald verður á því máli. Fulltrúar Evrópusambandsins hafa sagt að breytingin hafi átt að leiða til meira lýðræðis innan sambandsins, en það er eins og þau skilaboð hafi alls ekki komist til skila hjá þegnum sambandslandanna, eða þá að þeir hafi verið að mótmæla einhverju öðru í störfum Evrópusambandsins.

*Nú um mánaðamótin taka Bretar við forystunni í Evrópusambandinu og því ljóst að þeirra bíður mikið og vandasamt verkefni. Bretar verða að leysa krísuna innan bandalagsins á því sex mánaða tímabili sem þeir eru í forystu, enda hafa þeir hingað til verið taldir til forystuþjóða í hinum vestræna heimi.*

Það er rík krafa um lýðræði í heiminum í dag, og kannski gætu leiðtogar Evrópusambandsins lært eitthvað af okkur Íslendingum varðandi endurskoðun stjórnarskrárinnar, en þar lofar byrjunin góðu hvað varðar þátttöku almennings. Vagga lýðræðisins er líka hér á landi, og hvers vegna ættu hin stóru og voldugu ríki innan Evrópusambandsins, sem öllu vilja ráða, ekki að geta lært eitthvað af okkur?

Annað aðalmál á fundinum í Brussel var fjárlögin fyrir tímabilið frá 2007-2013. Það mál lenti líka úti af borðinu hjá leiðtogunum. Þar eigast þeir einkum við Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, og Jacques Chirac, forseti Frakklands. Niðurgreiðslur í frönskum landbúnaði eru einkum þyrnir í augum Blairs, en Frakkar fá langmest úr sameiginlegum sjóðum bandalagsins til landbúnaðar. Bretar vilja áfram fá ívilnun varðandi framlög sín til bandalagsins, en hún á sér sögulegar rætur, þegar efnahagskerfi Bretlands var mun veikara en annarra sambandslanda. Nú hafa tíu fremur fátæk ríki bæst í bandalagið og mörgum þykir sem Bretar eigi ekki lengur heima í hópi þeirra sem ívilnana njóta. Leiðtogar þessara tíu nýju ríkja komu meira að segja með miðlunartillögu á fundinum í Brussel sem gekk út á að framlög til þeirra úr sameiginlegum sjóðum yrðu minnkuð, en stórþjóðirnar hlustuðu ekki á það.

Nú um mánaðamótin taka Bretar við forystunni í Evrópusambandinu og því ljóst að þeirra bíður mikið og vandasamt verkefni. Bretar verða að leysa kreppuna innan bandalagsins á því sex mánaða tímabili sem þeir eru í forystu, enda hafa þeir hingað til verið taldir til forystuþjóða í hinum vestræna heimi og verða nú að sýna mátt sinn og megin. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Æ sér gjöf til gjalda**
Undanfarna daga hafa menn staldrað við tilmæli í þjóðhátíðarræðu forsætisráðherra þess efnis að fyrirtækjum beri að sýna samfélagslega ábyrgð, taka þátt í nýsköpun og láta fé af hendi rakna til menningar og velferðar.
Hvers vegna sækir þessi hugsun að valdsmönnum æ oftar nú um stundir? Á þjóðveldisöld sáu kirkjan og höfðingjarnir um ómagana, enda réðu þeir landinu, uppsprettu gæðanna. Eins konar velferðarkerfi var við lýði þótt það væri háð duttlungum kirkjunnar og veraldlegra höfðingja. Réttlítill almúginn var í hlutverki undirgefins þiggjanda en kirkjan og höfðingjarnir í hlutverki þeirra sem útdeildu gæðum, höfðu eitthvað að gefa. Upp af þessu spratt kúgandi samband húsbænda og hjúa, þeirra sem gáfu og hinna sem þáðu og mærðu um leið höfðingskap þeirra sem réðu jörðunum og gæðunum.



**Vitavörslurríkið**
Í öfgakenndri mynd getur einkavæðing og um leið rýrnandi hlutverk hins opinbera birst þannig að borgararnir og fyrirtækin verða einungis skattlögð til þess að reka lágmarkslöggæslu og kosta rekstur vita á annesjum. Allt annað telst einkamarkaður. Er ekki við því að búast, þegar stefnan hefur verið tekin á vitavörslurríkið, að ákall komi frá stjórnmálamönnum um að stöndugum stórfyrirtækjum nútímans beri að sýna samfélagslega ábyrgð? Láta eitthvað af hendi rakna til almúgans? Nýsköpunar og menningar? Verður næst óskað auðmjúklega eftir framlögum fyrirtækjanna til menntunar, heilbrigðismála eða þjónustu við lífeyrisþega af því að menn soga ekki lengur neitt af tekjum borgaranna og fyrirtækjanna í sjóði til að standa undir sameiginlegum þörfum? Fara kjörnir fulltrúar með söfnunarbauka milli stórfyrirtækjanna, þakklátir fyrir hvert smáræði sem gaukað er að almúganum? Eiga þegnarnir að hverfa aftur til samfélags höfðingjanna og kirkjunnar sem sköpuðu sér orðstír velvildar þegar brauðmolar hrutu af borðum þeirra til þakklátra ómaga? Eða eiga þegnarnir að skapa sér samfélag með leikreglum þar sem allir geta borið höfuðið hátt og eru sjaldan í hlutverki þiggjandans?

**johannh@frettabladid.is**

## Er markaður fyrir skárri stjórnmál?

Í DAG
ÓÁNÆGJA MEÐ STJÓRNMÁLAMENN



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

Ég varð fyrir þeirri óvanalegu reynslu um daginn að hlusta á mann sem hafði eitthvað gott að segja um stjórnmálamenn. Maðurinn tók svo sem ekki stórt upp í sig, sagði ekki annað en að hollenskir stjórnmálamenn væru líklega að ýmsu leyti skárri en starfsbræður þeirra víðast í álfunni. Það er að vísu ekkert mark takandi á þeim, sagði hann, en kerfið hjá okkur er þannig að menn komast ekki upp með alveg sömu kerfisbundnu spillinguna og óheiðarleikann og víðast annars staðar. Það var raunar mat þessa manns að einn stærsti kostur hollenskra stjórnmálamanna væri sá að einungis þeir allra vitlausustu þeirra héldu að almenningur bæri snefil af virðingu fyrir stétt stjórnmálamanna.

Þetta var kvöldið fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Hollandi og ekki annars von en að stjórnmálin væru mönnum hugleikin. Allir sem þarna voru ætluðu að greiða atkvæði gegn stjórnarskrá Evrópusambandsins. Allir voru þó einlægir Evrópusinnar. Enginn efaðist um hugsjónirnar sem lágu til grundvallar stjórnarskránni en allir fordæmdu hugarfarið og vinnubrögðin sem einkenndu tilurð hennar. Þekkja menn ekki sama ástand í mörgum greinum þjóðmála í evrópskum þjóðfélögum nær og fjær?

Einn andstæðingur stjórnarskrárinnar sagði á þá leið í sjónvarpi að virðing fyrir kjósendum og hinum almenna manni ætti að vera hornsteinn Evrópusamrunans. Hvergi örlaði á slíkri virðingu í öllum aðdraganda stjórnarskrármálsins. Stjórnarskráin sjálf reyndist líka aukaatriði í umræðunum um hana. Aðalatriðið var gjáin á milli stjórnmálamanna og kjósenda sem ónýtti allt traust, alla virðingu og þar með sjálfan grunninn.

Á það hefur oft verið bent að undanförnu að virðing almennings fyrir stjórnmálamönnum og stjórnmálaflokkum er orðin svo lítil í flestum lýðræðisríkjum að lýðræðinu sjálfu stafar ógn af. Þessi hætta birtist með ólíkum hætti í ólíkum ríkjum. Bandaríkin eru kapítuli út af fyrir sig og ekki til umræðu hér en í Evrópu má alls staðar sjá merki um djúpstætt og vaxandi virðingarleysi almennings fyrir stjórnmálamönnum. Menn hafa auðvitað alltaf talað illa um stjórnmálamenn og haft lítið traust á flestum þeirra en á síðustu árum virðist sú tilfinning hafa grafið um sig að stjórnmálamenn myndi sína eigin stétt með sína eigin hagsmuni sem stundum kljúfast og stundum fara saman en ganga oft þvert á hagsmuni samfélagsins. Það er ekki aðeins á Íslandi að þeirri skoðun hefur vaxið fylgi að mörgum stjórnmálaflokkum sé best lýst sem misflóknum og stundum afar einföldum hagsmunaklíkum.

*Þeir eru hvorki trúverðugir talsmenn sígildra viðmiða né heldur traustvekjandi túlkendur hins alþjóðlega og almenna inn í staðbundinn og sérstakan heim.*

Á þessu eru vafalítið margar skýringar. Ein er sú að dregið hefur úr hugmyndafræðilegum átökum í stjórnmálum. Önnur skyld skýring er sú að með hnattvæðingu viðskipta og frelsi fjármagnsmarkaða hafi möguleikar til stefnumótunar minnkað en þarfir fyrir faglegt og ópólitískt eftirlit aukist. Aflvaka nánast allra breytinga í atvinnulífi og þjóðfélagi er nú að finna utan einstakra ríkja sem eru staðbundin pólitísk kerfi í alþjóðavæddum heimi. Þetta krefst aðlögunar að flóknum veruleika. Þriðju skýringuna er líklega að finna í því að stjórnmálamenn eru illa í stakk búnir til að sinna þeim hlutverkum sem þessi nýi veruleiki krefst. Þeir eru yfirleitt ekki sérfræðingar í neinu af því sem þeir taka sér fyrir hendur. Í sumum löndum að minnsta kosti er menntun þeirra ekki meiri en gengur og gerist á meðal almennings. Í öllum mikilvægum tilvikum má finna stóran hóp fólks utan stjórnmálaheimsins sem hefur miklu meiri þekkingu og skilning á viðkomandi viðfangsefni en stjórnmálamennirnir sjálfir.

Með þessum breytingum hafa þarfir fyrir einfalt pólitískt mat minnkað en kröfur um skilning á flóknum viðfangsefnum vaxið. Það þýðir hins vegar ekki að viðfangsefnin séu að verða ópólitísk. Stjórnmálamenn víða um Evrópu, og ekki aðeins á Íslandi, virðast hins vegar æ oftar falla á milli skips og bryggju. Þeir eru hvorki trúverðugir talsmenn sígildra viðmiða né heldur traustvekjandi túlkendur hins alþjóðlega og almenna inn í staðbundinn og sérstakan heim. Í Evrópu má greina tvenns konar viðbrögð við þessu að undanförnu, annars vegar aukið fylgi við öfgastefnur og hins vegar kröfur um beinna lýðræði. Það er augljóslega markaður fyrir einfaldar lausnir í pólitík en það bendir líka ýmislegt til að markaður sé til fyrir flóknari lausnir sem opna stjórnmálaheiminn fyrir almenningi. ■









FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 2.55 | 13.30 | 00.05 |
| AKUREYRI | 1.26 | 13.14 | 1.01 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

## ferðir o.fl.

Hvað á flugan að vera stór?

BLS. 3



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is**

*Góðan dag!*

**Í dag er miðvikudagur 22. júní, 173. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 5*

**Flokkar**
- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir




Friðgerður, Úlfur Úlfarsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir (úr BG og Ingibjörgu) á toppnum 2003.

# Dásamleg upplifun á toppnum

***Miðnæturgöngur eru algengar á þessum árstíma. Eflaust hafa margir verið úti í náttúrunni síðustu nótt sem er sú stysta á árinu og svo er Jónsmessunóttin á næsta leiti, þrungin dulúð.***

Fyrir tveimur árum fór Friðgerður Samúelsdóttir tannlæknir í sólstöðugöngu á Kaldbak, hæsta fjall Vestfjarða. Slóst hún í för með hópi á vegum JC félagsins á Ísafirði. „Við vorum ótrúlega heppin með veður og víðsýnið var ævintýralegt,“ rifjar hún upp. Hún er beðin að lýsa útsýninu af toppnum nánar. „Arnarfjörður og Dýrafjörður eru næstir, hvor á sína hönd og í norðaustri Drangajökull en Strandafjöllin og Húnaflóinn sunnan við hann. Snæfellsnesið blasir við í suðri og þetta kvöld var jökullinn roðagylltur í miðnætursólinni.“ Í huganum snýr hún sér aftur norður. „Það var dásamleg upplifun að fylgjast með sólinni síga hálfa leið í hafið út við sjóndeildarhring, koma svo upp og baða landið geislum.“

Friðgerður segir hópinn hafa lagt upp úr svokölluðum Fossdal og fararstjórinn Þórir Örn Guðmundsson hafi frætt fólkið á leiðinni. „Gísla saga Súrssonar lifnaði við þarna, enda gerist hún að miklu leyti í nágrenninu,“ segir hún og bætir við. „Svo var gítar með í för og sungið og trallað, meðal annars til heiðurs stúlku sem ætlaði að gifta sig fljótlega stuttu seinna og var „gæsuð“ í ferðinni.“

Kaldbakur gnæfir efst í hinum mikilfenglega fjallgarði milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar sem stundum er nefndur vestfirsku Alparnir. Hann er 998 metra hár og á toppnum er varða sem togar hann upp í 1.000 metrana. Friðgerður telur gönguna á hann ekki erfiða enda hafi 120 manns verið í sólstöðuferðinni og hver og einn farið á þeim hraða sem honum hentaði. „Við vorum alla nóttina á ferð og enduðum með að lauga okkur í heitum potti á Þingeyri undir morgun.“

Friðgerður er vön fjallgöngum og þegar viðtalið er tekið er hún á förum vestur að Ögri í Ísfjarðardjúpi til að vera undir vestfirskum himni um sólstöður, þegar varla sést munur dags og nætur.

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU

## *í námi*

**Vorbrautskráning** 800 kandídata frá Háskóla Íslands fer fram í Egilshöll laugardaginn 25. júní nk. kl. 13 og er áætlað að athöfnin standi yfir í tvær og hálfa klukkustund. Flestir útskrifast úr félagsvísindadeild eða um 230.



**Metaðsókn** er í Verzlunarskólann fyrir næsta skólaár en alls hafa 563 umsóknir borist. Alls hafa 247 piltar og 316 stúlkur sótt um skólavist. Til viðbótar hafa 328 sótt um Verzlunarskólann sem fyrsta varaval og 199 sem annað varaval. Skólinn tekur inn 336 nýnema.

**Rektorar** allra íslenskra háskóla skrifuðu í síðustu viku undir yfirlýsingu um forsendur og frelsi háskóla á sérstakri athöfn í hátíðarsal Háskóla Íslands. Yfirlýsingin markar stórt spor í íslenskri háskólasögu og er í raun eins konar stjórnarskrá háskóla hérlendis sem kveður á um þau grunngildi sem þeim ber að starfa eftir.

**Stjórn Listaháskóla Íslands** hefur sent Þorgerði K. Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og Steinunni V. Óskarsdóttur borgarstjóra erindi þar sem óskað er eftir við þær að gefinn verði kostur á að Listaháskólinn verði byggður á aðliggjandi lóð við fyrirhugað tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð á bakka gömlu hafnarinnar í Reykjavík.

*nam@frettabladid.is*

Stilling – betri en bestir

Bílavarahlutir

THULE® SWEDEN SPIRIT

Ferðabox






**Dual-Side**
Dual-Side boxin er hægt að opna frá hvorri hliðinni sem vill, en það auðveldar hleðslu og afhleðslu.

**Dual-Force**
Fjaðurkerfi sem auðveldar að opna og loka boxinu.
***Aðeins frá Thule.***

**Miðlæsing**
Ný öryggislæsing. Ekki er hægt að ná lyklinum út nema boxið sé læst.
***Aðeins frá Thule.***

**Power-Grip**

**Power-Grip**
Með einu handtaki er einfalt og auðvelt að festa boxið. Engir lausir hlutir.
***Aðeins frá Thule.***

Stilling
www.stilling.is

**AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000**
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006

**Bakpoki**
Góður bakpoki getur skipt sköpum á göngu um fjöll og firnindi. Gefðu þér góðan tíma í að finna rétta pokann og mátaðu hann áður en þú kaupir hann.







**Ferðaþjónustan í Lundi í Öxarfirði**



**Opið frá 10. júní-28. ágúst 2005**
Netfang: lundur@dettifoss.is
Símanúmer: 465-2247 gsm: 845-9538

Lundur er í Birkiskógi og við þjóðbraut, í næsta nágrenni eru merkir áningastaðir s.s. Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum (6 km.) Hljóðaklettar, Dettifoss, Rauðinúpur og Hrauhafnartangi. Í boðið eru uppbúin rúm og svefnpokagisting,einnig er veitingasala á staðnum. Tjaldgisting á góðu tjaldsvæði, mjög góð leikaðstaða er fyrir börnin, einnig er sundlaug með heitum potti. Staðurinn er tilvalinn fyrir allskyns ættarmót og stærri samkomur.










MYNDIR: HAUKUR SNORRASON

Hadda Björk í friðsæld og rjómablíðu innan um fuglana í Hornsvík.

# Alger himnasæla í Hornvík

***Það eru ekki bara Grænlendingar sem kunna að sigla á kajökum því fleiri hafa uppgötvað þennan ferðamáta. Þeirra á meðal er Haukur Snorrason, ljósmyndari og útivistarmaður.***

„Ég hef siglt um Langasjó fram og til baka, um Þingvallavatn, Mývatn, umhverfis Snæfellsnes og víða við strendur landsins. Meira að segja gegnum gatið á Dyrhólaey,“ segir Haukur þegar hann er spurður út í kajaksiglingarnar sem hann stundar gjarnan sem sport. Ein ferð stendur þó upp úr í hans huga. „Ég hef aldrei lent í öðru eins blíðu veðri og annarri eins himnasælu eins og þegar við Hadda Björk, konan mín, vorum í Hornvík í heila viku sumarið 2003. Við sigldum í blankalogni eldsnemma á morgnana en komum í land um fótaferðartíma þegar hafgolan fór að gera vart við sig. Þá tóku gönguferðir við. Svo sigldum við í kvöldsólinni, rétt fyrir miðnætti og grilluðum stundum hinum megin við víkina. Þetta var mjög sérstök ferð því við vorum að mestu ein. Eitt írskt par kom þó í Hornvíkina og annað austurrískt en hvort um sig var bara yfir nótt. Við buðum þessu fólki í mat, því það var bara með duft með sér en við með kræsingar. Eftir þetta vorum við tvo daga í Aðalvík og alltaf hélst góða veðrið. Þetta var alveg magnað.“

Haukur kveðst sjaldan hafa myndað jafn ákaft og í þessari Hornstrandaferð. Sumar þeirra mynda munu birtast í nýju bókinni hans sem kemur út í haust. Þema þeirrar bókar snýst einmitt um að upplifa landið með mismunandi hætti svo sem á flugi, snjósleðum, göngu og kajak. Haukur heldur úti vefnum www.snorrason.is og þar getur að líta margar flottar myndir.

gun@frettabladid.is



Haukur og Hadda gistu í tjaldi í Hornsvíkinni. Hér eru þau komin í kajakbúningana.



Rómantík í fjörunni.



Hvað segirðu títt?

um landið }



## Hekla kerling heimsótt

GENGIÐ VERÐUR Á ELDFJALLIÐ HEKLU Á VEGUM ÚTIVISTAR 3. JÚLÍ.

Hekla kerlingin er samofin sögu þjóðarinnar enda er hún frægasta og um leið eitt ægilegasta eldfjall landsins. Hún hefur þó sérstakt aðdráttarafl og eru skipulagðar ferðir á fjallið jafnan vel sóttar. Ganga Útivistar hefst við Skjólkvíar en í stað þess að fara aftur niður á sama stað er stefnt að því að ganga yfir Heklu ef aðstæður leyfa, að því er fram kemur í fréttatilkynningu. Komið verður niður við Suðurbjalla á móts við Næfurholtsfjöll. Leiðin liggur um sendið hraun, gjall og snjó. Vegalengdin sem gengin er þennan dag er 17 - 18 kílómetrar og hækkunin nemur um 1.000 metrum. Reiknað er með að göngutími verði sjö til átta tímar.

## Göngum um Ísland

VERKEFNIÐ „GÖNGUM UM ÍSLAND“ HEFST Í DAG. SKRÁÐAR GÖNGULEIÐIR UM ÞRJÚ HUNDRUÐ.

Verkefnið „Göngum um Ísland“ hefur göngu sína formlega í dag. Um er að ræða samstarfsverkefni UMFÍ, Ferðamálaráðs og Landmælinga. Markmiðið er að stuðla enn frekar að uppbyggingu gönguleiða hérlendis. Þá er fólk hvatt til að ganga um landið og kynnast því þannig með heilsusamlegum hætti.
Þetta er fjórða árið í röð sem þessu verkefni er hleypt af stokkunum og skráðar gönguleiðir eru nú orðnar rétt tæplega 300 talsins. Í tilefni dagsins kemur út bók um allar þessar gönguleiðir sem dreift verður ókeypis til landsmanna í 50.000 eintökum.
Allar nánari upplýsingar um verkefnið má nálgast á heimsíðunni; www.ganga.is og þar er einnig að finna upplýsingar um gönguleiðir víðs vegar um landið.



Gönguferðir eru góð hreyfing og útivist. Í tengslum við verkefnið „göngum um Ísland“ hafa fjölmargar gönguleiðir verið skráðar.



**VEIÐISUMARIÐ með Stefáni Jóni Hafstein**
VEIÐIFRÉTTIR Í SAMSTARFI VIÐ FLUGUR.IS

# Hvað má flugan vera stór?

Hver laxveiðiáin af annarri fer í gang þessa dagana og má segja að yfir heildina lofi veiðin góðu. Veiði er misjöfn svo eftir er tekið. Menn eru sjálfsagt óþolinmóðir í Laxá í Kjós þar sem hefur verið rólegt í vor, en veiðin er farin af stað eftir hæga byrjun í Norðurá. Hópur sem lauk þar veiði eftir þrjá daga fyrr í vikunni var með 34 laxa, en það er rétt rúmlega lax á stöng á dag, miðað við tíu stangir í þrjá daga. Áin er því komin í hið fræga „meðaltal meðaltala“ fyrir laxveiði: einn á stöng á dag. Eftir því sem fregnir herma skera þrjár ár sig úr, með væna fiska: Blanda, Miðfjarðará og Haffjarðará ñ en þar er uppistaðan í afla lax sem hefur verið tvö ár í sjó - yfir 10 pundum.ÝLax sem gengur fyrst eins og lögmál náttúrunnar segja. Það vekur athygli að þetta eru ár sem flokka má sem „sjálfbærar“, lítið um seiðasleppingar eða ekki neitt, og haustveiði takmörkuð svo ekki kemur niður á hrygningu. Er þetta lykill að gátunni um hvers vegna lítið sést af stórfiski annars staðar? Kjarrá, Þverá, Norðurá og fleiri gefa sárafáa fiska af þeirri stærð sem áður voru uppistaða í vorveiði.
Silungsveiðimenn eru almennt ánægðir með lífið, enn er mikill gangur á urriðasvæðinu í Laxá í Þing, alltaf eru einhverjir að gera það gott á Þingvöllum og einn náungi sem er að byrja í Elliðavatni varð heldur undrandi þegar hann heyrði á tal tveggja „gamalreyndra“ þar sem kom í ljós að annar var búinn að landa 200 í vor!
Úr heilræðabankanum drögum við þá ábendingu að nú þegar líður á júní fara vötn og ár hlýnandi. Silungurinn er því í miklu æti, sem oftar en ekki gefur góðar vísbendingar um hvernig flugur sé best að nota. Stærðin skiptir þar máli. Eða öllu heldur smæðin. Ætið er oft miklu minna en vorflugur silungsveiðimanna, svo nú má prófa smáar flugur, allt niður í stærðir 14-16 og þaðan af smærra. Í Elliðavatni er Tailor góð, í stærð 14-16. Á heiðum uppi má nota mýlirfueftirlíkingar, og þá þarf að grenna tauminn líka, 4-5 punda taumur er margfalt meira en nóg til að landa vænum silungi. Sjálfur veiddi ég spikfeitar bleikjur um helgina, allt upp í 4-5 pund, en þær voru útroðnar af lirfu sem var 3-4 millimetrar að lengd. Flugan sem gaf var lítill kúluhaus, Pheasant tail númer 16.

*Fleiri veiðifréttir daglega og heilræði við veiðar á www.flugur.is; Flugufréttir koma alla föstudaga í tölvupósti til áskrifenda á flugur.is með ítarlega umfjöllun um allt sem varðar veiðiskap í sumar*



Benedikt Jóhannesson og Viktor Smári Sæmundsson skipta með sér feng!

## Nýr íslenskur ferðavefur

Á VEFNUM ER MEÐAL ANNARS HÆGT AÐ NÁLGAST UPPLÝSINGAR UM TILBOÐ ERLENDRA FERÐASKRIFSTOFA OG FLUGFÉLAGA.

Þeir sem kjósa að skipuleggja sínar utanlandsferðir sjálfir geta farið inn á erlenda ferðavefi og skoðað upplýsingar um ferðir og gistimöguleika. Það er hins vegar oft mjög tímafrekt. Nú er hægt að fara inn á nýjan íslenskan ferðavef þar sem er að finna upplýsingar um flest sem lýtur að spennandi ferðalagi í útlöndum Á vefnum er meðal annars að finna tilboð erlendra ferðaskrifstofa og flugfélaga, upplýsingar um gistingu, íbúðaskipti, borgir, afþreyingu, veitingastaði og veður víða um heim svo fátt eitt sé nefnt. Á vefnum er hægt að gerast áskrifandi að fréttabréfi með því helsta sem er að gerast. Slóðin á vefinn er www.ferdalangur.net



Á vefnum eru nytsamlegar upplýsingar um ferðalög erlendis.


Opel Corsa eða sambærilegur
Vika í Frakklandi
15.400* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð á viku miðað við 14 daga leigu.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
50 50 600
Hertz
hertzerlendis@hertz.is


## Langar og stuttar gönguferðir í stórbrotinni náttúru

STAFAFELL Í LÓNI ER MIKIL NÁTTÚRUPARADÍS. Í SUMAR VERÐUR BOÐIÐ UPP Á STUTTAR OG LANGAR GÖNGUFERÐIR UM SVÆÐIÐ.

Stafafell í Lóni er víðáttumikið útivistarsvæði sem nær frá eyjunni Vigur og fjöru allt að vatnaskilum milli Lóns og Fljótsdals. Það er einstakt 40 km þversnið af íslenskri náttúru og þar er margt að sjá og fræðast um.
Gunnlaugur B. Ólafsson, líffræðingur frá Stafafelli, hefur skipulagt göngur um svæðið undanfarin ár og í sumar verður það sama uppi á teningnum. „Þetta svæði er mjög vinsælt til gönguferða enda margt að sjá og landslagið ákaflega fjölbreytt, maður er alltaf að sjá eitthvað nýtt,“ segir Gunnlaugur.
Á hverjum degi er boðið upp á rútuferðir frá Stafafelli inn á Illakamb og þar er farið í þriggja tíma gönguferðir. Þeir sem vilja labba lengra geta farið í fjögurra til fimm daga ferðir, sem Gunnlaugur segir að séu afar fjölbreytilegar og spennandi. „Þetta er ein allsherjar náttúruupplifun. Náttúran hér hefur upp á svo margt að bjóða og sérstaða svæðisins felst einmitt í breytileikanum. Hér höfum við votlendi, hrjóstruga mela, gil, tinda, fossa, kjarr og snjó. Fólk fær tækifæri til þess að njóta svæðisins til fulls því í gönguferðunum reynum við að bjóða upp á afurðir frá svæðinu. Við grillum lambalæri og silung úr ánni, tínum krydd og þess háttar,“ segir Gunnlaugur sem á von á mörgum gestum í Stafafelli í sumar.



MYND: GUNNLAUGUR B. ÓLAFSSON

Göngumenn á ferð í Víðagili í Stafafelli í Lóni. Náttúran er fjölbreytileg á þessu svæði. Háskaleg gil og skjólsælir birkihvammar í bland við litadýrð líparítsins.

## golfvöllur vikunnar }



Fréttablaðið/Edwin Rögnvaldsson

# Þorláksvöllur

GOLFKLÚBBUR ÞORLÁKSHAFNAR

Þorláksvöllur er 18 holu völlur og sá lengsti á landinu eða um sex kílómetrar. Völlurinn þykir dálítið erfiður og sérstakur, meðal annars vegna þess að hann er einn af fáum völlum á landinu með sandundirlagi. Vinsælasta holan er sú sextánda, par þrjú hola með vatn öðrum megin við flötin og óræktinum megin þannig að menn þurfa að vera mjög nákvæmir til að hitta.
Vallargjöldin eru 2.800 krónur en 4.000 fyrir hjón. Fjórtán til átján ára komast á völlinn fyrir 1.400 krónur en yngri en fjórtán ára fá frítt.

Nánari upplýsingar má fá á www.golf.is.


Ódýrari bílaleigubílar í Danmörku
Frá dkr. 1.718.- vikan *)
Innifalið, ótakmarkaður akstur, allar tryggingar og skattar, afgreiðslugjald flugvallar og engin sjálfsábyrgð.
*) verð miðað við 3ja vikna leigu.
Bókaðu bílinn núna og greitt er við afgreiðslu erlendis.
Sumarhús
Sumarhús um alla Danmörku
Útvegum sumarhús af öllum stærðum og gerðum. Beint val af heimasíðu okkar gerir valið auðvelt og einfalt.
Sendum verðlista
Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is
FYLKIR.IS
FERÐASKRIFSTOFA
— Bestir í Danmörku
Sími 456-3745



Stilling - betri en bestir
Bílavarahlutir
THULE SWEDEN
Hjólafestingar
591 / ProRide hjólafesting
970 / HangOn hjólafesting





THULE SWEDEN
Kajakfestingar
874 / Kajak festing





Stilling
www.stilling.is
AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006

**Agi**
Besta leiðin til að læra þau fög sem manni leiðast er að beita sig aga. Taka frá reglulegan tíma til að sinna þessu fagi og klára verkefnin, hvort sem manni líkar betur eða verr.



## Útileikirnir endurvaktir

Á NÆSTU VIKUM VERÐUR FARIÐ Í LEIKI VÍÐA UM BORGINA.

„Við viljum sjá börn að leik úti við og erum að reyna að endurvekja gömlu leikina, Fallin spýtan, Brennó, Skessuleik og hvað þeir nú heita. Þess vegna réðum við til okkar ungt og ferskt fólk sem er góðar fyrirmyndir. Það kann þetta allt saman og er tilbúið að leiða starfið. Krakkarnir þurfa ekkert að borga, bara mæta á réttum tíma,“ segir Soffía Pálsdóttir, hjá Íþrótta- og tómstundaráði borgarinnar. Þessa vikuna er mætt við Vesturbæjarlaug og í næstu viku verður Landakotstúnið leikvöllurinn. Síðan verður haldið upp að Breiðholtslaug, á Klambratún og svo koll af kolli. Svo halda krakkarnir þessum leikjum lifandi í hverfunum eftir að leiðbeinendurnir einbeita sér að næsta hverfi. Upplýsingar um leikina eru á vefnum www.itr.is.

# Hentar krökkum sem eru að flytja til útlanda

***Alþjóðaskólinn í Reykjavík tekur nú á móti umsóknum fyrir næsta skólaár. Í skólanum gefst íslenskum og erlendum krökkum tækifæri á að nema í alþjóðlegu umhverfi.***

Alþjóðaskólinn í Reykjavík er einkarekinn grunnskóli innan Víkurskóla í Reykjavík sem býður upp á alþjóðlega menntun fyrir krakka á aldrinum fimm til tólf ára. Skólinn hefur nýlokið sínu fyrsta starfsári og er um þessar mundir að taka á móti umsóknum fyrir næsta skólaár. Berta Faber, skólastjóri Alþjóðaskólans, er ánægð með starf vetrarins og segir að samstarfið við Víkurskóla hafi gengið vel.

„Alþjóðaskólinn byrjaði sem samstarfsverkefni milli Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, bandaríska sendiráðsins og Víkurskóla. Í vetur voru nemendur átta talsins og komu úr ýmsum áttum. Skólinn er til dæmis hugsaður fyrir börn þeirra sem koma til að vinna tímabundið hér á landi, til dæmis í sendiráðunum eða hjá ýmsum alþjóðafyrirtækjum. Þetta eru þá oft börn sem búa tímabundið hér á Íslandi en munu ekki koma til með að setjast hér að til frambúðar. Þá getur verið gott fyrir þau að koma inn í svona alþjóðlegt umhverfi í stað þess að vera dembt beint út í íslenska skólakerfið. Alþjóðaskólinn hentar líka vel sem undirbúningur fyrir íslenska krakka sem eru að flytja til útlanda og eins fyrir börn sem hafa búið erlendis og vilja til dæmis halda enskunni við,“ segir Berta.

Alþjóðaskólinn byggir á alþjóðlegu líkani og alþjóðlegar námskrár eru notaðar til að skipuleggja skólastarfið. Allt bóklegt nám í skólanum fer fram á ensku en verklegt nám eins og myndmennt og handavinna fer fram innan Víkurskóla. Berta bendir á að mikið sé lagt upp úr móðurmálskennslu og þótt íslensk börn taki þátt í þessu alþjóðlega námi fái þau líka kennslu í sínu móðurmáli.

Eins og stendur er um tveggja ára þróunarverkefni að ræða og þegar þeim reynslutíma er lokið verður tekin ákvörðun um framtíð skólans. Berta segir að verkefnið sé mjög skemmtilegt og margt sé hægt að gera til að efla skólann enn frekar. „Okkur langar til dæmis að taka inn eldri nemendur í framtíðinni. Eins og stendur er nám af þessu tagi ekki í boði fyrir elstu bekki grunnskólans en það væri gaman að bæta úr því,“ segir Berta. Hún telur að eftirspurn eftir námi af þessu tagi fari vaxandi, ekki síst í tengslum við uppbyggingu háskólanna og útþenslu íslenskra fyrirtækja sem fá hingað erlenda starfsmenn til tímabundinna starfa.

*thorgunnur@frettabladid.is*


FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Berta Faber er skólastjóri Alþjóðaskólans í Reykjavík. Nemendur skólans koma víða að en flestir eru börn erlendra starfsmanna sem koma til tímabundinna starfa hér á landi.



Þessir hressu krakkar eru nú á sumarnámskeiði í Alþjóðaskólanum. Þar eru unnin ýmis þemaverkefni út frá alþjóðlegri námskrá.

# Einstakur atburður í mannkynssögunni

***Íslenskir nemendur fara til Hawaii til að fylgjast með þegar geimfarið Deep Impact mætir halastjörnunni Temple 1.***

Kennarar, stjörnufræðingar og nokkrir háskóla- og framhaldsskólanemendur hér á landi munu halda til Hawaii um næstu mánaðamót til að fylgjast með árekstri geimfars við halastjörnuna Temple 1. Geimfarinu var skotið á loft 12. janúar síðastliðinn og mun mæta halastjörnunni 4. júlí. Vísindamenn telja árekstrinn geta veitt þeim ómetanlegar upplýsingar um innri gerð halastjarna.

„Þetta er ofsalega spennandi og við verðum þarna í stúkusæti að fylgjast með þessum einstaka atburði í mannkynssögunni,“ segir Ásta Þorleifsdóttir jarðfræðingur, sem hefur ásamt öðrum átt veg og vanda að þessu verkefni. Auk hennar munu Snævarr Guðmundsson, Agnes Ösp Magnúsdóttir, Lilja Steinunn Jónsdóttir, Snorri Björn Gunnarsson, Tómas Guðmundsson, Sævar Helgi Bragason, Sverrir Guðmundsson og Ingimar Guðmundsson fara og fylgjast með verkefninu.

Verkefnið, sem gengur undir nafninu „Deep Impact“, er afrakstur samstarfs íslenskra stjarnfræðinga og stjarnvísindadeildar háskólans á Hawaii. Í vetur hafa íslenskir framhaldsskólanemendur fengið aðgang að gögnum úr Faulkes-stjörnusjónaukanum á Hawaii og auk þess gefist kostur á að fræðast um störf vísindamanna um allan heim, sem bíða þess nú spenntir að geimfarið rekist á halastjörnuna. Nánari upplýsingar um verkefnið og stjörnuna má fá á eftirfarandi slóðum: http://stjornuskodun.is/di og http://deepimpact.jpl.nasa.gov. ■


MYND GETTY

Geimfarinu Deep Impact var skotið á loft 12. janúar síðastliðinn.

ÍTR
Námsflokkar Reykjavíkur
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

**Sumarskóli 2005**
**Summerschool**

**Íslenska fyrir útlendinga/Courses in Icelandic**
**stig 1 – 4 / level 1 – 4**

**Sta›ur**: Hagaskóli, Mjódd.
**Skráning / fullor›nir**: 06. – 28. júní
**Skráning/ börn:** til 06. júní.
**Stö›upróf :** 23. og 27. júní kl. 17 - 19
**Skólagjald:** kr. 17.000.-

**Morgunkennsla fyrir fullor›na:**
**11. -28. júlí, kl. $9^{20}$- $12^{00}$ alla virka daga .**
Gæsla fyrir börn flátttakenda er í bo›i á morgnana.

**Kvöldkennsla fyrir fullor›na:**
**04.–28.júlí, flrjú kvöld í viku: mánudaga, flri›judaga og fimmtudaga kl. 18 - 21.**

**Námskei› fyrir börn og unglinga**
**6 - 15 ára (1.-9. bekkur):**
**11. -28. júlí alla virka daga.**
**Námskei›in eru ókeypis fyrir börn.**
**Íslenskukennsla:kl.$09^{00}$-$12^{00}$**
**Tómstundastarf: fyrir 6 – 12 ára, (leikir, vettvangsfer›ir og fl) kl. $12^{00}$-$16^{00}$.**
Takmarka›ur fjöldi barna kemst a› í tómstundastarfi› og munu fleir ganga fyrir sem ekki hafa teki› flátt í flví á›ur. fieir sem ekki komast a› ver›a látnir vita me› fyrirvara, einnig er bent á önnur tómstundanámskei› á vegum ÍTR.

**Place:** Hagaskóli, Mjódd.
**Enrollment / adults:** June 06 th -28 th
**Enrollment / children:** until June 06 th
**Placement test:**June 23rdand 27 th at 17 – 19
**Schoolfee:** kr. 17.000.-

**Morningclasses for adults:**
**July 11th - 28th at $9^{20}$ - $12^{00}$ Mondays through Fridays.** Childcare is provided in the mornings.

**Evening classes for adults:**
**July 04th-28th three evenings a week: Mondays, Tuesdays, and Thursdays at 18 - 21.**

**Courses for children, ages 6 to 15 (grade 1-9):**
**July 11 th -28 th Mondays through Fridays.**
**These courses are free of charge.**
**Courses in Icelandic: kl.$09^{0\,0}$-$12^{00}$**
**Recreation/summercamp: for ages 6 – 12 at $12^{00}$-$16^{00}$.**
The recreation course in the afternoon is available for a limited number of children and those who have never attended this course before will have priority, others will be notified in time. Please contact ÍTR for alternative courses available at ÍTR.

**Nánari uppl‡singar / Further information :**
**Mi›bæjarskóli, Fríkirkjuvegur 1, 101 Reykjavík**
**sími: 5512992 netfang: nfr@namsflokkar.is www.namsflokkar.is**

NÁMFLOKKAR REYKJAVÍKUR - FRÍKIRKJUVEGUR 1, 101 REYKJAVÍK - SÍMAR: 5512992 / 5514106 - Kt. 480269-7489 - FAX: 5629408
Netfang: nfr@namsflokkar.is Heimasíða: http://www.namsflokkar.is

FSu

**Fosstún - Nemendagarðar FSu**

Nýir og glæsilegir nemendagarðar með tveggja manna smáíbúðum voru teknir í notkun við skólann í janúar sl. Getum enn bætt við örfáum nemendum vegna komandi skólaárs. Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans, www.fsu.is

Skólameistari

# [ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

**Ingvar Helgason**
**Notaðir bílar**

SUMARGLAÐNINGUR.
50 ÞÚS. KR GJAFABRÉF FRÁ INTERSPORT OG NEVADA BOB FYLGIR ÖLLUM SELDUM BÍLUM TIL 24. JÚNÍ.


OPEL ASTRA 1.6GL Nýskr.11/98 ek.95.þús.kmVerð 770.000.- Tilboð 620.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020


SUBARU LEGACY Nýskr. 07/98 ek.134.þús.km Verð 890.000.- Tilboð 640.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020


MITSUBISHI LANCER Nýskr. 11/97 ek.152.þús.km Verð 530.000.- Tilboð 390.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020


SAAB 9-5 Nýskr. 12/01 ek.49.þús.km Verð 2.590.000.- Tilboð 2.280.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020


OPEL ZAFIRA COMFORT Nýskr. 05/00 ek.112.þús.km Verð 1.150.000.- Tilboð 990.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020


SUBARU FORESTER CS Nýskr. 09/98 ek.107.þús.km Verð 970.000.- Tilboð 840.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020


OPEL ASTRA 1.2 Nýskr. 07/00 ek.82.þús.km Verð 1.030.000.- Tilboð 790.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020


**Ingvar Helgason**
**Notaðir bílar**

SUMARGLAÐNINGUR.
50 ÞÚS. KR GJAFABRÉF FRÁ INTERSPORT OG NEVADA BOB FYLGIR ÖLLUM SELDUM BÍLUM TIL 24. JÚNÍ.



PEUGEOT 306 Nýskr. 11/99 ek.86.þús.km Verð 620.000.- Tilboð 480.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020


OPEL VECTRA ELEGANCE Nýskr. 02/01 ek.58.þús.km Verð 1.320.000.- Tilboð 1.090.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020


OPEL ASTRA 1.6GL Nýskr. 03/99 ek.86.þús.km Verð 820.000.- Tilboð 640.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020


Opel Astra 1.2. Nýskr. 06/'03 ek. 50 þús. km. Verð 1.290.000. Tilboð 990.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Opel Vectra CD Nýskr. 09/96 ek.155.þús.km Verð 590.000.- Tilboð 420.000.- Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020


Subaru Forester CS Nýskr. 08/98 ek.107.þús.km Verð 970.000.- Tilboð 770.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020


Renault Laguna Nýskr. 09/'00 ek. 83 þús. km. Verð 1.120.000. Tilboð 890.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


**Ingvar Helgason**
**Notaðir bílar**

SUMARGLAÐNINGUR.
50 ÞÚS. KR GJAFABRÉF FRÁ INTERSPORT OG NEVADA BOB FYLGIR ÖLLUM SELDUM BÍLUM TIL 24. JÚNÍ.



Opel Vectra 1.6GL Skráður 11/99 ek. 86 þús. km. Verð 830.000. Tilboð 680.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Mitsubishi Lancer Nýskr. 01/98 ek. 99 þús. km. Verð 610.000. Tilboð 480.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Opel Corsa 1.4 Nýskr. 05/'97 ek. 129 þús. km. Verð 350.000. Tilboð 230.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Opel Astra 1.2 Nýskr. 06/01 ek. 68 þús. km. Verð 950.000. Tilboð 780.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Opel Zafira Nýskr. 02/02 ek. 79 þús. km. Verð 1.430.000. Tilboð 1.270.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Opel Vectra 1.6GL Nýskr. 07/99 ek. 125 þús. km. Verð 830.000. Tilboð 650.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Subaru Impreza GL Nýskr. 08/98 ek. 94 þús. km. Verð 740.000. Tilboð 620.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Mitsubishi Lancer Nýskr. 07/97 ek. 112 þús. km. Verð 550.000. Tilboð 430.000. Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


**Ingvar Helgason**
**Notaðir bílar**

SUMARGLAÐNINGUR.
50 ÞÚS. KR GJAFABRÉF FRÁ INTERSPORT OG NEVADA BOB FYLGIR ÖLLUM SELDUM BÍLUM TIL 24. JÚNÍ.



Ford Mondeo Nýskr. 01/03 ek. 31 þús. km. Verð 1.760.000. Tilboð 1.540.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Subaru Legacy Nýskr. 03/'96 ek. 173 þús. km. Verð 650.000. Tilboð 530.000. Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Opel Vectra 1.6GL Nýskr. 03/00 ek. 96 þús. km. Verð 1.080.000. Tilboð 880.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Opel Zafira Nýskr. 08/00 ek. 90 þús. km. Verð 1.330.000. Tilboð 1140.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Opel Vectra 1.6GL Nýskr. 06/98 ek. 126 þús. km. Verð 780.000. Tilboð 630.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Opel Vectra 1.6GL Nýskr. 01/'98 ek. 107 þús. km. Verð 720.000. Tilboð 520.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Opel Vectra 1.6GL Nýskr. 06/98 ek. 113 þús. km. Verð 780.000. Tilboð 630.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Mazda 6 Nýskr. 02/03 ssk. Ek. 24 þús. km. Verð 1.850.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


**Ingvar Helgason**
**Notaðir bílar**

SUMARGLAÐNINGUR.
50 ÞÚS. KR GJAFABRÉF FRÁ INTERSPORT OG NEVADA BOB FYLGIR ÖLLUM SELDUM BÍLUM TIL 24. JÚNÍ.



Toyota RAV4 Nýskr. 01/03 ssk. ek. 76 þús. km. Verð 2.090.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Volkswagen Passat Comfort line Nýskr. 04/02 ssk. Ek. 59 þús. km. Verð 1.720.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Toyota Avensis Sol Nýskr. 03/04 ssk. Ek. 22 þús. km. Verð 2.390.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Mitsubishi Pajero GLS 3,5 Nýskr. 01/01 ssk. Ek. 51 þús. km. Verð 3.360.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Nissan Terrano Comfort Nýskr. 10/98 bsk. Ek. 125 þús. km. Verð 920.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Nissan Micra GX Nýskr. 06/01 bsk. Ek. 88 þús. km. Verð 520.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Nissan Almera Acenta Nýskr. 01/02 ssk. Ek. 4 þús. km. Verð 1.730.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Opel Astra 1.6GL Nýskr. 05/98 ssk. Ek. 110 þús. km. Verð 550.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


**Ingvar Helgason**
**Notaðir bílar**

SUMARGLAÐNINGUR.
50 ÞÚS. KR GJAFABRÉF FRÁ INTERSPORT OG NEVADA BOB FYLGIR ÖLLUM SELDUM BÍLUM TIL 24. JÚNÍ.



Renault Master Disel Nýskr. 05/00 Ek. 179 þús. km. Verð 1.180.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Subaru Impreza GL Nýskr. 05/96 ssk. Ek. 175 þús. km. Verð 480.000. Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Toyota Yaris Nýskr. 04/99 bsk. Ek. 99 þús. km. Verð 530.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Audi TT Nýskr. 03/03 ek.22.þús.km Verð 3.670.000 Tilboð 3.170.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020

Nissan Primera Acenta Nýskr. 08/04 ssk. ek.13.þús.km Verð 2.080.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020

Saab 9-3 Nýskr.07/01 ssk. ek.74.þús.km Verð 1.660.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020

Opel Corsa Comfort Nýskr. 06/01 ek.79.þús.km Verð 800.000.- Tilboð 620.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020

Peugeot 206 Nýskr. 05/02 ek.47.þús.km Verð 950.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000www.ih.is**

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 22. JÚNÍ 2005 – 12. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000



MOMENTUM
greiðslu- og innheimtuþjónustan
sími: 510 7700 • www.momentum.is
settu þínar kröfur í réttar hendur


**Vinsælasti gosdrykkur heims:**
Borið þungum sökum



4




12-13

**Sony og Napster:**
Samstarf um tónlist í farsíma



8



**MAGNÚS LOFTSSON, STJÓRNARFORMAÐUR HVÍTA HÚSSINS** Segir viðskiptavini stofunnar starfa í alþjóðlegu umhverfi.

Hvíta húsið til London:

## Aðstoðar íslensk fyrirtæki erlendis

Auglýsingastofan Hvíta húsið hefur gert samstarfssamning við markaðsfyrirtækið Loewy í London. Markmiðið er að bjóða íslenskum fyrirtækjum og fjárfestum upp á þjónustu við markaðsstarf ytra. Einnig opnast leiðir til að nýta tengslanet Loewy og fá aðgang að upplýsingum um nýja markaði og sérfræðiráðgjöf.

Meðal viðskiptavina Hvíta hússins eru íslensk fyrirtæki sem vinna að verkefnum erlendis. Samstarfið við Loewy Group á að auðvelda Hvíta húsinu að annast þessi verkefni. - bg

Baugur Group:

## Kaupir þriðjung í Domino's

Baugur Group hefur keypt um þriðjungshlut í Domino's Pizza á Íslandi. „Við kaupum hlutinn af Birgi Þór Bieltvedt, sem mun leiða félagið áfram," segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri hjá Baugi Íslandi. Birgir Þór verður áfram stór hluthafi í Domino's Pizza í gegnum eignarhaldsfélagið B2B.

Domino's er með sterka stöðu á flatbökumarkaðinum og hefur verið skotið á að markaðshlutdeild félagsins sé um 60 prósent.

Skarphéðinn segir að engar breytingar verði á rekstrinum. Viðskiptin tengist ekkert fjárfestingu sömu aðila í dönsku verslunarkeðjunni Magasin du Nord.

Samkvæmt heimildum Markaðarins lá fyrir óformlegt tilboð í meirihluta í félaginu frá öðrum fjárfestum, sem mátu félagið á 700 milljónir, en ekkert varð af þeim kaupum. - eþa

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Viðskipti með Mosaic** | Viðskipti hófust í Kauphöll Íslands með hlutabréf bresku verslunarkeðjunnar Mosaic Fashions. Var viðskiptagengi bréfanna tæplega níu prósent yfir útboðsgenginu.

**Tekjur hækka** | Meðalatvinnutekjur Íslendinga voru rúmar 2,7 milljónir í fyrra og hækkuðu um þrjú prósent milli ára. Hæstar eru tekjurnar í fjármálaþjónustu en lægstar í landbúnaði. Konur fá 63,1 prósent tekna karla.

**Penninn seldur** | Endanlega var gengið frá kaupum hóps Kristins Vilbergssonar á Pennanum. Þar með lýkur 36 ára setu Gunnars Dungal í forstjórastóli.



**Allt í hnút** | Engin lausn er í sjónmáli í deilu Breta og Evrópusambandsins. Bretar neita að hækka framlag sitt til sambandsins nema landbúnaðarkerfið verði tekið í gegn. Frakkar, sem mestra landbúnaðarstyrkja njóta, vilja hins vegar ekki fallast á þá kröfu. Forseti Evrópuráðsins óttast að sambandið standi eftir lamað.

**Fasteignaverð hækkar** | Vísitala íbúðaverðs hækkaði í maí um 3,8 prósent frá fyrra mánuði. Vísitalan hefur hækkað um rúm tíu prósent síðastliðna þrjá mánuði og um tæp fjörutíu prósent á tólf mánuðum.

**Olía á eld** | Olíuverð er í sögulegu hámarki og stendur í 59 dölum. Spá sérfræðingar því að brátt fari tunnan yfir 60 dali. Svo óstöðugt er ástandið á markaðnum að smávægilegar truflanir á framleiðslu valda miklum hækkunum.

**Avion kaupir** | Avion Group festi kaup á þremur breskum ferðaskrifstofum sem sérhæfa sig í ferðum til Flórída. Velta félagsins verður nálægt 125 milljörðum króna á árinu.

# Huldufélag í Icelandic Group

## Enginn virðist vita hver var sjötti stærsti hluthafinn í almenningshlutafélaginu Icelandic Group eftir sameiningu SH og Sjóvíkur.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Þegar tíu stærstu hluthafar í Icelandic Group, sem áður hét SH, var birtur eftir sameininguna við Sjóvík 10. júní síðastliðinn var félagið Fordace Limited það sjötta á listanum með 4,47 prósent eignarhlut.

Þegar listinn yfir tíu stærstu hluthafana var uppfærður síðasta föstudag var Fordace Limited dottið út af honum. Á mánudagsmorgun var svo tilkynnt í kauphöll Íslands um viðskipti fyrir tæpa 1,2 milljarða króna í Icelandic Group. Nýir á topp tíu listann eru Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 og Arion safnreikningur með samanlagt um 4,5 prósent hlut.

Ekki hefur fengist uppgefið hver réði yfir þessum sjötta stærsta hlut í félaginu. Ekki fást upplýsingar um það frá starfsmönnum Icelandic Group og stjórnarformaður félagsins, Jón Kristjánsson, segist ekki hafa vitneskju um málið. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins vildi ekki gefa upp hvort hann vissi hver hefði átt hlutinn og ekki fengust upplýsingar um það frá Kauphöll Íslands.

Ljóst er að þetta félag eignaðist hlutinn eftir að SH og Sjóvík voru sameinuð. Fengu eigendur Sjóvíkur 33 prósent af hlutafé Icelandic Group. Þar voru Sunds-menn, með Jón Kristjánsson í broddi fylkingar, stærstir. Annar eigandi í Sjóvík, Serafin Shipping,



Fréttablaðið/Valli

**HLUTHAFAR FUNDA** Hluthafar í Icelandic Group virðast ekki vita hver varð sjötti stærsti hluthafinn eftir sameiningu SH og Sjóvíkur.

fékk um sex prósent í sameinuðu félagi samkvæmt heimildum Markaðarins. Samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni var þeim hluta skipt á tvö félög þar sem hvorugt fór yfir fimm prósenta markið. Fari félag yfir markið verður að gera grein fyrir eignaraðild þess með tilkynningu til Kauphallarinnar.

Samkvæmt heimildum Markaðarins réð Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður SÍF, yfir hlut Serafin Shipping í Sjóvík. Aðspurður um það vísar Ólafur á Jón Kristjánsson. Jón segist geta svarað fyrir málið. Ólafur segist aðspurður ekki ráða yfir neinum bréfum í Icelandic Group. Þegar hann er spurður hvort hann hafi ekki fengið bréf í Icelandic Group við sameiningu SH og Sjóvíkur vísar hann til fyrra svars varðandi Serafin Shipping.

# Big Mac dýrastur á Íslandi

## Krónan ofmetin gagnvart Bandaríkjadal miðað við hamborgaravísitölu The Economist.

**Dögg Hjaltalín**
skrifar

Samkvæmt könnun The Economist er Big Mac hamborgari á McDonalds dýrastur í Sviss en ef Ísland er tekið með í niðurstöðurnar er Big Mac langdýrastur hér á landi. Með þessu er reynt að sýna fram á hversu mikill munur er á raunverulegu virði gjaldmiðla.



Big Mac vísitalan er nálgun á það hversu mikill munur er á verðlagi eftir löndum og þar sem Big Mac er nánast eins hver sem er í heiminn er verðið á honum góður mælikvarði á almennt verðlag.

Samkvæmt kenningunni um kaupmáttarjafnvægi eiga sambærilegir hlutir að kosta það sama óháð því hvar í heiminum hluturinn er seldur. Einhver skekkjumörk eru þó vegna þess að kostnaðurinn við hvern hamborgara er breytilegur eftir því í hvaða landi hann er keyptur.

Taka þarf þó tillit til þess að kostnaðurinn við framleiðslu eins Big Mac er mismunandi, til dæmis er launakostnaður á Íslandi, þar sem Big Mac er dýrastur mun hærri en í Kína, þar sem hann er ódýrastur.

### BIG MAC VÍSITALAN

| | Verð í $ | Miðað við USA |
|---|---|---|
| Ísland | 6,73 | 120% |
| Danmörk | 4,58 | 50% |
| Svíþjóð | 4,17 | 36% |
| Evrusvæðið | 3,58 | 17% |
| Bretland | 3,44 | 12% |
| Bandaríkin | 3,06 | – |
| Pólland | 1,96 | -36% |
| Rússland | 1,48 | -52% |
| Kína | 1,27 | -58% |

The Economist sagði Big Mac vísitöluna sýna að evran væri ofmetin gagnvart Bandaríkjadal þar sem Big Mac er 17 prósent dýrari á evrusvæðinu en í Bandaríkjunum. Einnig gefa niðurstöðurnar til kynna að kínverska yuanið sé vanmetið gagnvart Bandaríkjadal og sömuleiðis að krónan sé sterklega ofmetin.




6,8%*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta.
Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 02.05.2005–01.06.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og úrdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 0% | 2% |
| Atorka | 0% | 1% |
| Bakkavör | 5% | 52% |
| Burðarás | 1% | 23% |
| Flaga Group | -8% | -31% |
| FL Group | 1% | 60% |
| Íslandsbanki | -3% | 18% |
| Kaupþing Bank | -1% | 18% |
| Kögun | 1% | 29% |
| Landsbanki Ísl. | -1% | 36% |
| Marel | 0% | 15% |
| Og Vodafone | -3% | 23% |
| Samherji | 0% | 9% |
| Straumur fjárf. | -2% | 27% |
| Össur | 3% | 5% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

# Fasteignaverð lægra en á Norðurlöndum

## Þrátt fyrir miklar hækkanir er fasteignaverð lágt í samanburði við nágrannaþjóðirnar.

Fasteignaverð í Reykjavík er ekki mjög hátt í samanburði við hinar Norðurlandaþjóðirnar að því er kemur fram í Hálffimmfréttum KB banka. Þar segir að þrátt fyrir miklar hækkanir á fasteignaverði að undanförnu sé fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu lágt í samanburði við flestar nágrannaþjóðir okkar.

Fasteignaverð á hvern fermetra er hæst í Stokkhólmi, svo Osló, þar á eftir Kaupmannahöfn og svo Helsinki.

Um þessar mundir er fermetraverð í Reykjavík svipað og í Árhúsum og Gautaborg. -dh



**FERMETRAVERÐ HÆST Í STOKKHÓLMI** Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu lægra en í höfuðborgum hinna Norðurlandanna.

# Skoða Actavis

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sagði í gær að ekki væri enn komin niðurstaða í athugun eftirlitsins á meintum upplýsingaleka frá Actavis.

Viðskipti með bréf félagsins voru stöðvuð í Kauphöllinni 13. maí síðastliðinn vegna gruns um að jafnræðis gætti ekki meðal fjárfesta.

Grunur lék á að upplýsingar um væntanleg kaup Actavis á bandarísku samheitalyfjafyrirtæki hefðu lekið út. Stuttu síðar staðfesti félagið að það væri langt komið í viðræðum um kaup á fyrirtæki, sem síðar varð raunin. - bg

# Refsitollar aflagðir

„Við erum núna komin með þann ramma utan um SÍF sem við höfum verið að boða,“ segir Jakob Sigurðsson forstjóri. Afraksturinn hafi verið góður á fyrsta ársfjórðungi þar sem sést hvernig nýtt SÍF, sem einbeitir sér að matvælaframleiðslu, lítur út.

Það sem hefur valdið nokkrum erfiðleikum á öðrum ársfjórðungi er refsitollur sem ESB setti á norskan lax. „Þeim aðgerðum hefur nú verið hætt og tekið upp það fyrirkomulag sem áður var við lýði, sem er lágmarksverð á laxi sem seldur er til ESB-landa,“ segir Jakob. - bg

# Eyrir hagnast á FL Group

## Stjórnarmenn og stórir hluthafar kaupa.

Eyrir fjárfestingarfélag, sem er í eigu Árna Odds Þórðarsonar, stjórnarmanns í FL Group, og Þórðar Magnússonar, seldi í gær þriggja prósenta hlut í FL Group. Feðgarnir keyptu hlutinn í mars og er söluhagnaður af viðskiptunum um 100 milljónir króna. Söluverðið var 1,2 milljarðar króna.

Kaupendur bréfanna eru tveir stærstu eigendur félagsins, Oddaflug í eigu stjórnarformannsins Hannesar Smárasonar og Saxbyggs, sem er í eigu Saxhóls og Byggingarfélags Gylfa og Gunnars. Einnig keypti Mannvirki ehf., félag í eigu Pálma Kristinssonar, stjórnarmanns í FL Group, hlutabréf af Eyri. Kaupverðið var 15,8 krónur á hvern hlut.

FL Group hefur hækkað mest allra félaga á þessu ári eða um 60 prósent. - eþa



**EYRIR HAGNAST** Fjárfestingafélagið Eyrir seldi þriggja prósenta hlut í FL Group og hagnaðist um 120 milljónir á þremur mánuðum. Kaupendurnir eru stærstu hluthafar FL Group og stjórnarmenn.

# Meðalatvinnutekjur kvenna hækkuðu meira en karla

## Meðalatvinnutekjur eru langhæstar á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur kvenna nema rúmum 63 prósentum af tekjum karla. Tekjur eru lægstar í landbúnaði en formaður Bændasamtakanna segir umfang landbúnaðar í landinu óþekkta stærð.

**Jón Skaftason**
skrifar

Meðalatvinnutekjur á Íslandi voru 2.716 þúsund krónur á mann árið 2004 og hækkuðu um þrjú prósent milli ára, kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Atvinnutekjur voru langhæstar á höfuðborgarsvæðinu eða 2.901 þúsund krónur og hækkuðu um 3,8 prósent frá árinu áður. Utan höfuðborgarsvæðisins voru meðaltekjur 2.420 krónur þúsund og hækkuðu um 1,4 prósent.

Meðalatvinnutekjur kvenna hækkuðu um 4,5 prósent á árinu en karla um tvö prósent. Bilið milli kynjanna heldur því áfram að minnka en þó eru tekjur kvenna aðeins rúm 63 prósent tekna karlmanna.

Meðalatvinnutekjur voru hæstar í fjármálaþjónustu eða rúmar fjórar milljónir á ári og hækkuðu um tæp tólf prósent milli ára. Tekjur voru lægstar í landbúnaði, 1.037 þúsund krónur og lækkuðu um tæp tuttugu prósent frá árinu 2003.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, sagði þau tíðindi grætileg en þó ekki óvænt: „Það hefur orðið verðfall á kjöti, launagreiðslur hafa minnkað og skuldir aukist. Það hlýtur náttúrlega að vera slæmt að tekjur í greininni dragist saman.“

Haraldur telur þó að ekki sé hægt að alhæfa nokkuð um landbúnaðinn út frá þessum tölum því umfang landbúnaðarins sé í raunninni frekar óþekkt stærð: „Þarna er landbúnaðurinn skilgreindur sem framleiðsla á mjólk, kjöti og garðávöxtum. Skilgreiningin ætti hins vegar að vera mun víðari og taka til þátta eins og þjónustulandbúnaðar, sem er þá ferðaþjónusta, leiga á landi og svo framvegis“.

Árið 2004 voru heildaratvinnutekjur þjóðarinnar 448 milljarðar króna og jukust um 5,4 prósentustig milli ára.



**ILLA BORGAÐ** Meðalatvinnutekjur bænda námu á síðasta ári 1.037 þúsund krónum og lækkuðu um tæp tuttugu prósent frá árinu áður.

Sláturfélag Suðurlands:

# Stærstu með 55 prósent

Tveir af stærstu hluthöfunum í Sláturfélagi Suðurlands, Guðmundur A. Birgisson frá Núpum og Ólafur Ívan Wernersson, tilkynntu á mánudaginn að þeir hefðu aukið við hlut sinn í B-deild félagsins. Guðmundur á orðið 15,4 prósent en átti 12,3 prósent. Eignarhlutur Ólafs Ívans er 10,2 prósent en var fyrir viðskiptin 7,1 prósent. Seljandi bréfanna var Gildi lífeyrissjóður.

Þrír stærstu hluthafar B-bréfa í SS eiga nú um 55 prósent en Frjálsi fjárfestingarbankinn er stærsti hluthafinn með um 30 prósent. - eþa



Fréttablaðið pjetur

**SLÁTURFÉLAGIÐ** Guðmundur A. Birgisson og Ólafur Ívan Wernersson hafa bætt við sig hlutabréfum í B-deild Sláturfélags Suðurlands. Samanlagt ráða þeir um fjórðungi bréfa í B-deildinni.

# Samson enn saman

## Magnús Þorsteinsson hefur ekki enn kvatt Samson-félögin.

Magnús Þorsteinsson, aðaleigandi Avion Group, hefur ekki enn sagt skilið við Samson-félögin, sem hann á með Björgólfsfeðgum. Tilkynning var send fjölmiðlum 27. maí síðastliðinn um að hann hefði ákveðið að selja eignarhlut sinn í félögunum, sem eiga hlut í Landsbanka Íslands og Burðarási.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Samson, segir ekkert ýta verulega á eftir þessari uppstokkun félaganna. Sérfræðingar séu að vinna málið áfram og það verði tilkynnt þegar því er lokið. Menn séu ekki bundnir neinum reglum eða undir þrýstingi.

Í tilkynningunni kom fram að Magnús hygðist einbeita sér að fjárfestingum í almennri flutningastarfsemi og flugrekstri. Síðan þá hefur hann keypt í Eimskipi fyrir um 22 milljarða króna. Fjármögnun kaupanna er lokið, meðal annars með lántöku en hluti verður greiddur með bréfum í Avion Group í síðasta lagi í janúar á næsta ári. Í fyrradag tilkynnti hann kaup Avion á þremur breskum ferðaskrifstofum. - bg



Fréttablaðið/Hari

**MAGNÚS ÞORSTEINSSON** Magnús er enn með í Samson-félögunum.

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is

410 4000 | www.landsbanki.is



# *Örgjörvi – enn meira öryggi með VISA!*



## *PIN í aðalhlutverki*



Kort með örgjörva auka öryggi í viðskiptum, enn sem komið er aðallega erlendis, m.a. með því að nú kvitta menn ekki lendur fyrir með undirskrift heldur slá inn **PIN-númer**.

**Leggðu PIN-númerið á minnið.**

**Allar nánari upplýsingar á www.visa.is.**

ÍSLANDSBANKI KB BANKI Landsbankinn SPARISJÓÐURINN spron

VISA – ávallt í fararbroddi með tæknilegar nýjungar.

VISA Ísland - Greiðslumiðlun hf. Sími 525 2000 www.visa.is

VISA

# Novator bætir við sig

Novator Finland, eignarhaldsfélag sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur keypt um ellefu prósenta hlut í finnska farsímafyrirtækinu Saunalahti á tæpa 24 milljarða króna. Á Novator nú alls tæplega 45 prósenta hlut í fyrirtækinu. Novator hefur auk þess gert hluthafasamkomulag við aðra stóra hluthafa sem tryggir yfirráð í félaginu.

Saunalahti hefur verið í mikilli sókn á finnska fjarskiptamarkaðnum og hefur viðskiptavinum fyrirtækisins fjölgað á skömmum tíma úr tæplega 30 þúsundum í 400 þúsund. -jsk



**BJÖRGÓLFUR THOR, EIGANDI NOVATOR FINLAND** Novator hefur keypt ellefu prósenta hlut í finnska farsímafyrirtækinu Saunalahti.

# Afli eykst á árinu

## Veiðar á botnfiski aukast en minnka á kolmunna.

Afli í maí dróst saman um tuttugu þúsund tonn borið saman við sama tímabil á síðasta ári. Heildaraflinn í maí var alls 135 þúsund tonn. Þó jókst aflinn fyrstu mánuði ársins 2005 miðað við árið 2004 eða um 126 þúsund tonn. Heildarafli íslenskra fiskiskipa frá því í byrjun fiskveiðiársins í september síðastliðnum var um 1.426 milljónir tonna á fyrra tímabili.

Samkvæmt tölum frá Fiskistofu jukust veiðar á botnfiski um fimm þúsund tonn í maí, þótt þorsk- og grálúðuaflinn hafi verið minni. Minna veiddist af kolmunna og síld en þar var samdráttur um 24 þúsund tonn. Kolmunninn dróst saman um rúm tuttugu þúsund tonn á milli maímánaða. - eþa



**FISKVEIÐAR** Þrátt fyrir aflasamdrátt í maí hefur heildaraflinn aukist á árinu frá sama tímabili í fyrra. Aukningin á árinu er um 126 þúsund tonn.

# Undirbýr sölu Stangarholts

## Ingvi Hrafn Jónsson vill láta fóðra seiði Langár með ösku sinni.



**INGVI HRAFN JÓNSSON** Er tilbúinn að selja jörðina Stangarholt við Langá.

Ingvi Hrafn Jónsson, þáttastjórnandi á Talstöðinni og eigandi jarðarinnar Stangarholts við Langá, segir að milli sextíu og sjötíu manns hafi í síðustu viku komið að skoða frístundalóðir sem hann er að selja á jörðinni. Nú þegar séu um fjörutíu lóðir seldar.

Hver lóð er um tveir til fimm hektarar. Hver hektari selst á 550 þúsund með vegi og vatni að lóðamörkum. Samtals fara undir frístundalóðirnar um 400 hektarar af 500 hektara landi sem Stangarholt stendur á. Miðað við að hver lóð sé um 3,5 hektarar mun Ingvi Hrafn fá samtals 115 milljónir fyrir lóðirnar, en einhver kostnaður fellur til á móti.

Hann segist líka búinn að finna kaupendur að bæ og útihúsum Stangarholts sem séu sér að skapi. Nú sé hann í viðræðum við þá um kaup á jörðinni sem fari ekki undir frístundalóðirnar. Hann muni þó áfram búa sjálfur í húsi sínu við árbakka Langár.

„Ég er búinn að mæla svo fyrir um að þegar ég fer þá verð ég brenndur og fóðraður seiðum í Langá. Það má dreifa ösku í vatn. Og síðan verður hægt að selja Vinstri grænum veiðileyfi í Langá tveimur árum seinna, sem geta þá barið mig í hausinn,“ segir Ingvi Hrafn og reiknar með að veiðileyfin hækki mikið í verði í kjölfarið. - bg



**STÆRSTA ÚTIBÚIÐ** Landsbankinn í miðbæ Reykjavíkur er bæði með mestu innlán og mestu útlán útibúa viðskiptabankanna.

# Aðalbanki Landsbankans stærsta bankaútibúið

## Útibú Landsbanka og Íslandsbanka á Akureyri stærst á landsbyggðinni.

Dögg Hjaltalín
skrifar

Aðalbanki Landsbanka Íslands er stærsta einstaka útibú viðskiptabankanna þriggja, Íslandsbanka, Landsbankans og KB banka. Innlán, það eru bankainnistæður í eigu viðskiptavina bankanna, nema tæpum 34 milljörðum í stærsta einstaka útibúinu, Aðalbanka Landsbankans. Þar á eftir kemur Gullinbrúarútibú Íslandsbanka með 12 milljarða í útlán og fjóra milljarða í innlán. Athygli vekur hversu mikill munur er á innlánum og útlánum í því útibúi. Lækjargötuútibú Íslandsbanka kemur næst á eftir með 11 milljarða í útlán til viðskiptavina. Þar eru innlánin mun hærri, 17 milljarðar.

Það kemur ekki á óvart að tvö stærstu útibú landsbyggðarinnar séu á Akureyri þar sem það er fjölmennasti bærinn fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Stærst er útibú Íslandsbanka þar en á hæla þess kemur útibú Landsbankans þar ef miðað er við útlán. Innlán útibús Landsbankans eru þó hærri en innlán útibús Íslandsbanka. Þar á eftir kemur Selfoss, þar sem útlánin eru lægri en innlánin.

Útibú KB banka á Hellu er fjórða stærsta útibú landsbyggðarinnar en þar búa tæplega 700 manns en gera má ráð fyrir að nærsveitungar nýti sér einnig útibú KB banka á Hellu. Næst á eftir kemur útibú Íslandsbanka í Vestmannaeyjum.

Útlán höfuðstöðva bankanna vega þó þyngst í útlánum bankanna og eru útlán höfuðstöðva Landsbankans mest eða 312 milljarðar króna. Þar á eftir koma höfuðstöðvar Íslandsbanka með 279 milljarðar króna. Útlán höfuðstöðva KB banka eru 265 milljónir króna. Útlán og innlán bankanna jukust mjög mikið á síðasta ári.

Algengt er að útlán útibúa séu til einstaklinga og smærri rekstraraðila en höfuðstöðvarnar láni fyrirtækjum.

Tölur um útlán og innlán útibúa viðskiptabankanna voru fengnar í skýrslu um fjármálastofnanir á vef Fjármálaeftirlitsins.

### TÍU STÆRSTU ÚTIBÚ VIÐSKIPTABANKANNA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU OG UTAN ÞESS

| Útibú | Útlán | Innlán | Útibú | Útlán | Innlán |
|---|---|---|---|---|---|
| Aðalbanki LÍ | 22,8 | 33,6 | Akureyri ÍSB | 9 | 6,5 |
| Gullinbrú ÍSB | 12,2 | 3,8 | Akureyri LÍ | 8,1 | 7,5 |
| Lækjargata ÍSB | 11,4 | 17 | Selfoss LÍ | 5,4 | 6,3 |
| Austurbær LÍ | 10,5 | 11,6 | Hella KB | 5 | 5 |
| Kirkjusandur ÍSB | 10 | 22,2 | Vestmannaeyjar ÍSB | 4,4 | 3,8 |
| Aðalbanki KB | 8,1 | 13,6 | Akranes LÍ | 4,2 | 4,1 |
| Breiðholt LÍ | 7,8 | 7 | Selfoss KB | 4 | 2,7 |
| Suðurlandsbraut ÍSB | 7,6 | 8,8 | Ísafjörður ÍSB | 3,9 | 2 |
| Þarabakki ÍSB | 5,7 | 7,7 | Akureyri KB | 3,8 | 4,2 |
| Kópavogur KB | 5,4 | 4,5 | Selfoss ÍSB | 3,7 | 2,8 |

Allar tölur eru í milljörðum króna

# Coke borið þungum sökum

Gosdrykkjaframleiðandinn Coca-Cola hyggst endurskoða viðskiptahætti sína í Indlandi og Kólumbíu eftir að háskólinn í Michigan hótaði að segja upp samningi sem skólinn gerði við fyrirtækið. Samningurinn er 80 milljóna króna virði á ári fyrir Coca-Cola.

Nemendur í Michigan-háskóla kvörtuðu yfir viðskiptaháttum Coca-Cola við skólayfirvöld og var í kjölfarið ákveðið að setja skilmála við endurnýjun samningsins.

Eitt nemendafélaga skólans sakar Coke um að valda þurrkum á ökrum bænda í Indlandi og að selja gosdrykki sem innihalda skordýraeitur. Fyrirtækið er jafnframt sakað um að styðja hægrisinnaða skæruliða í Kólumbíu.

„Við höfum ekkert rangt gert og ég er fullviss um að rannsóknin muni leiða það í ljós,“ sagði Kari Bjorhus, talsmaður Coca-Cola. -jsk




**SKÆRULIÐADRYKKUR?** Coca-Cola er sakað um stuðning við hægri-sinnaða skæruliða í Kólumbíu.




# SPRON með þriðjung tekna

Fjármálaeftirlitið hefur birt tekjur og gjöld sparisjóðanna. Hlutdeild SPRON í vaxtatekjum og vaxtagjöldum sparisjóðanna á síðasta ári var um 30 prósent. Heildarvaxtatekjur allra sparisjóðanna 24 voru tæpir 18,5 milljarðar króna en vaxtagjöldin um 10,7 milljarðar. Sparisjóður Hafnarfjarðar kemur næst á eftir með 15 prósenta hlut. Hlutdeild SPRON í öðrum rekstrartekjum er enn hærri. Hreinar rekstrartekjur sparisjóðsins voru um fimm milljarðar króna sem er yfir 31 prósent af samanlögðum hreinum rekstrartekjum sparisjóðanna. Þar af var hlutdeild SPRON í gengishagnaði af fjármálastarfsemi 41,6 prósent. - eþa




**STÆRSTI SPARISJÓÐURINN** SPRON er með langhæstu hlutdeildina innan sparisjóðanna í hreinum vaxta- og rekstrartekjum samkvæmt tölum frá FME.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Tveir hópar etja kappi. Langskólagengnir takast á við ómenntaða reynslubolta. Hver verður næsti lærlingurinn hjá Donald Trump? Fylgstu með frá byrjun.

THE APPRENTICE

Á fimmtudagskvöldum kl. 20:30



GOTT FÓLK McCANN

## ÚTRÁSARVÍSITALA 110,35 1,25%

| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjaldmiðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| BTC | Búlgaría | 393,18 | Lev | 40,88 | 0,46% |
| Carnegie | Svíþjóð | 82,50 | SEK | 8,63 | 1,84% |
| deCode | Bandaríkin | 8,28 | USD | 65,21 | 6,80% |
| EasyJet | Bretland | 2,43 | Pund | 119,09 | -4,78% |
| Finnair | Finnland | 7,14 | EUR | 79,65 | -0,05% |
| French Connection | Bretland | 2,70 | Pund | 119,09 | -0,11% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 53,00 | SEK | 8,63 | 2,50% |
| Low & Bonar | Bretland | 0,97 | Pund | 119,09 | 0,35% |
| NWF | Bretland | 5,37 | Pund | 119,09 | -0,08% |
| Scribona | Svíþjóð | 14,70 | SEK | 8,63 | 4,01% |
| Singer & Friedlander | Bretland | 3,15 | Pund | 119,09 | 1,48% |
| Skandia | Svíþjóð | 41,90 | SEK | 8,63 | 3,76% |
| Somerfield | Bretland | 1,96 | Pund | 119,09 | -0,27% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiða 20. júní 2005

# Carlsberg til Kína

**Danski bjórrisinn hefur fest kaup á bjórverksmiðju í Kína. Hvergi er bruggaður meiri bjór en í Kína.**

Danski bjórrisinn Carlsberg hefur komist yfir 46 prósenta hlut í kínverskri bruggverksmiðju. Kaupverðið var um 150 milljónir króna og var Carlsberg eini bjóðandinn.

Vill Carlsberg með kaupunum minnka framleiðslukostnað og auka umsvif sín í Vestur-Kína. Fyrirtækið á nú þegar nokkrar bjórverksmiðjur í Kína, auk einnar í Tíbet.

Forsvarsmenn Carlsberg staðfestu kaupin, en vildu ekki tjá sig um málið að öðru leyti.

Kína er stærsti bjórframleiðandi veraldar, þrátt fyrir að meðalneysla á mann sé einungis tíundi hluti af því sem tíðkast á Vesturlöndum. Kínverska bjóriðnaðarsambandið segir framleiðslu hafa aukist um fimmtán prósent á síðasta ári og búast þeir við frekari aukningu í ár, en í landinu eru meira en 400 bruggverksmiðjur. -jsk




**BJÓR** Carlsberg hefur komist yfir stóran hlut í kínverskri bruggverksmiðju. Fyrirtækið á nokkrar verksmiðjur fyrir í landinu.

## SÖGUHORNIÐ

# Amazon.com – tíu ára

Netbóksalan Amazon.com fagnar um þessar mundir tíu ára afmæli sínu. Hyggst fyrirtækið halda upp á afmælið með trompi og heldur risatónleika, þar sem meðal annars koma fram Bob Dylan og Norah Jones. Aðgang fá þó einungis starfsmenn fyrirtækisins, hinir verða að gera sér að góðu að sjá tónleikana í gegnum vefsíðu Amazon.



**JEFF BEZOS, STOFNANDI AMAZON.COM** Fyrirtækið fagnar um þessar mundir tíu ára afmæli sínu. Bezos hyggst af því tilefni halda risatónleika fyrir starfsmenn sína.

Amazon var stofnað árið 1995 af Jeff Bezos, sem nú er stjórnarformaður fyrirtækisins. Bezos hafði áður selt bækur út úr bílskúrnum heima hjá sér og ári áður hafði hann stofnað aðra netbókabúð, Cadabra.com. Sú varð þó ekki langlíf og var rekstri fljótlega hætt. Bezos gafst þó ekki upp og stofnaði Amazon.

Á þessum árum var internetið að festa sig í sessi og fékk Bezos þá flugu í höfuðið að fyrst hefðbundin bókabúð gæti selt 200 þúsund bækur á ári, gætu selst margfalt fleiri bækur í gegnum netið. Það reyndist rétt hjá honum.

Það byrjaði þó heldur brösuglega hjá fyrirtækinu og var það rekið með tapi fyrstu árin. Árið 1997 var fyrirtækið sett á hlutabréfamarkað en ávöxtun hluthafa var í fyrstu heldur lítil. Höfðu margir á orði að Amazon yxi heldur hægt samanborið við önnur internetfyrirtæki.

Amazon var þó eitt þeirra fyrirtækja sem eftir stóðu þegar netblaðran sprakk árið 2000 og smám saman byrjuðu hjólin að snúast. Árið 2002 var í fyrsta skipti afgangur af rekstrinum og á síðasta ári var hagnaður Amazon um 50 milljarðar króna.

Amazon er ekki lengur eingungis bóksala og má í dag finna þar nánast allt milli himins og jarðar; allt frá matvælum og verkfærum að raftækjum og skartgripum.

Fyrirtækið rekur einnig fjöldann allan af vefsíðum og hliðarverkefnum; frægast þeirra er líklega kvikmyndagagnagrunnurinn Internet Movie Database (www.imd.com), þar sem finna má upplýsingar um allt milli himins og jarðar er við kemur kvikmyndum.

Jeff Bezos þykir hafa unnið mikið afrek með því að koma Amazon á laggirnar og er talinn til frumkvöðla er kemur að verslun á netinu. Hið virta bandaríska tímarit Time valdi hann til að mynda mann ársins 1999. -jsk

# Enn hækkar olíuverð

## Olíuverð hefur hækkað um þrjátíu prósent á þessu ári. Sérfræðingar óttast að framleiðsluaukning nægi ekki til að knýja fram verðlækkanir og tala um að olíuskortur sé á næsta leiti.

**Jón Skaftason**
skrifar

Olíuverð hefur hækkað gríðarlega undanfarin misseri og stendur nú í rúmum 59 dölum á tunnu. Olíuverð hefur á árinu hækkað um 30 prósent og sér ekki fyrir endann á hækkunum.

Í síðustu viku tóku samtök olíuframleiðsluríkja, OPEC, þá ákvörðun að auka ársframleiðslu um hálfa milljón tunna og freista þess þannig að knýja fram verðlækkanir.

Sérfræðingar telja hins vegar ólíklegt að það ætlunarverk takist. Í fyrsta lagi sé ekki gefið að framleiðendur ráði við aukninguna og í öðru lagi sé eftirspurn svo gríðarleg að óvíst sé að verð lækki þrátt fyrir að framboð aukist.

Eftirspurn hefur undanfarið aukist mjög í Bandaríkjunum, þar sem sumarfrí standa nú yfir og bensínþörfin eftir því. Einnig heldur olíuþörf Kínverja áfram að aukast samfara sífellt meiri framleiðslu.

Síðasta áfallið dundi svo yfir í Nígeríu á dögunum en nokkrar stórþjóðir; til að mynda Bandaríkin, Bretland og Þýskaland, neyddust til að loka sendiráðum sínum í Lagos, stærstu borg landsins, eftir að sprengjuhótanir bárust frá íslömskum vígamönnum.

Nígería er áttunda stærsta olíuframleiðsluríki veraldar og kaupa Bandaríkjamenn mikla olíu þaðan. Ástandið í landinu hefur undanfarið ekki verið beysið, í síðustu viku var til að mynda þremur starfsmönnum olíurisans Shell rænt en þeim var síðan sleppt nokkrum dögum seinna.



**OLÍUHREINSISTÖÐ Í KALIFORNÍU** Bandaríkjamenn framleiða talsvert af olíu en þurfa einnig að kaupa hana annars staðar frá. Nú óttast menn að olíuskortur kunni að koma upp eftir að fréttir bárust af miklum óstöðugleika í Nígeríu, sem er áttundi stærsti olíuframleiðandi veraldar.

Þóttu þessir atburðir leiða í ljós þann titring sem ríkir meðal olíuframleiðenda en ekki þarf mikið til að skortur verði á olíu. Svo er komið að smávægilegar truflanir geta valdið miklum verðhækkunum.

Tobin Gorey hjá Samveldisbankanum sagðist efast um að framleiðendur önnuðu eftirspurn: „Olíubirgðir eru af skornum skammti og eftirspurn mikil. Það er ekki ólíklegt að skortur verði á olíu í náinni framtíð“.

Daniel Hynes, sérfræðingur í orkumálum hjá ANZ banka, var ekki bjartsýnni: „Það er ólíklegt að bandarískir olíuframleiðendur anni eftirspurn landa sinna. Það kæmi mér ekki á óvart þótt verð skytist yfir 60 dali á næstu misserum“.








Þekkir þú tilfinninguna þá stund þú rennur að landi eftir góðan dag? Taugarnar farnar að róast og bjartsýnin fyllir mann og annan gleði og krafti? Hvernig það er að ljúka deginum í sátt og samlyndi við Guð og náttúruna - renna sér uppí jeppann og rétt finna þýða V8 Lincoln vélina þjóna þér sem sægreifa? Tilfinningin er einungis þeirra sem reynt hafa. Satín-nikkel. Amerísk hnota. Hanskaleður í sætum. Þú ekur **Lincoln Aviator** í kvöldroðanum og heldur þig á flugi og mjúkum skýjum. Lincoln er handverk sem er unnið af alúð og myndar glæsileika sem á sér enga fyrirmynd. Yfirmáta fjölbreyttur. Sérlega fágaður. Framúrskarandi. Þetta er Lincoln. Lúxusmerkið sem vinir okkar vestra velja af öryggi fyrir forseta Bandaríkjanna. Góður fyrir þig líka.

Háþróuð rafeindastýrð Lincoln stöðugleikastýring með veltivörn fylgist stöðugt með hreyfingum bílsins. Nemi kerfið möguleika á veltu grípur það sjálfkrafa inn í aksturinn áður en þú verður þess var. Kerfið aðstoðar þig og dregur úr vélarafli og hemlar hjólin þangað til stöðugleika hefur verið náð. **Lincoln Aviator** þjónar sex, jafnvel sjö manns. Vellíðan er besta öryggið í akstri og er að finna í smáatriðum. Þú velur sætaskipan á þann hátt sem enginn annar bíll í sama flokki býður. Prófaðu.

Lincoln THX hljómkerfið* þjónar sex diskum og níu hátalarar stýra tónaflóðinu. Hönnuðir Lincoln og THX unnu saman við að þróa einstakt hljómkerfið þar sem hinn eini sanni hljómur er samur við hvaða styrk sem er. Þetta er Lincoln. Mælikvarði á amerískan lúxus sem loksins er í boði fyrir kröfuharða Íslendinga. Breyttu til. Veldu **Lincoln Aviator**.

Komdu í Brimborg og þú ert á öruggum stað viljir þú þjónustu sérfræðinga Lincoln á Íslandi. Brimborg. Reykjavík, Akureyri, Reykjanesbæ.

brimborg



www.lincoln.is

Lincoln Aviator Luxury AWD 4.6 V8 302 hö. bensín 5 þrepa sjálfskipting. Verð 5.965.000 kr.*
Lincoln Navigator Luxury 4x4 5.4 V8 300 hö. bensín 6 þrepa sjálfskipting. Verð 6.985.000 kr.*
Lincoln Navigator Ultimate 4x4 5.4 V8 300 hö. bensín 6 þrepa sjálfskipting. Verð 7.385.000 kr.*

# Bretar skulda

Talsmaður breska bankans Lloyds TSB hefur varað við mikilli skuldasöfnun viðskiptavina bankans en segist þó telja að bankinn muni skila „þokkalegum“ hagnaði á árinu.

Gjaldþrot hafa aukist gríðarlega í Bretlandi það sem af er ári og nema skuldir þjóðarinnar tæpum tveimur milljónum króna á hvert mannsbarn.

Svo virðist sem almenningur geri sér grein fyrir því að svona gangi þetta ekki til lengdar og hefur neysla dregist saman í landinu. Hafa sérfræðingar lýst áhyggjum af því að bankakerfið kunni að verða illa úti: „Því er ekki að neita að neysla hefur dregist saman og almenningur er skuldugur upp fyrir haus. Við vonumst nú samt til að skila hagnaði á árinu,“ sagði Eric Daniels, stjórnarformaður Lloyds. -jsk



**BECKHAM-HJÓNIN** Ekki er gert ráð fyrir því að hjónakornin dragi saman neyslu sína þrátt fyrir mikla skuldasöfnun bresku þjóðarinnar.

# Gríðarlegur viðskiptahalli

**Viðskiptahalli hefur aldrei verið meiri í Bandaríkjunum. Er innflutningi frá Kína og flóðbylgjunum í Asíu kennt um.**

Viðskiptahalli í Bandaríkjunum var á fyrsta ársfjórðungi rúmir 12.500 milljarðar króna. Er þetta meiri halli en gert var ráð fyrir í spám og aukning um fjóran og hálfan milljarð króna frá síðasta ársfjórðungi 2004.

Viðskiptahallinn nemur nú rúmum sex prósentum af landsframleiðslu í Bandaríkjunum og segja sérfræðingar það hlutfall allt of hátt. Bandaríkjadalur féll í verði er fréttirnar bárust.

Er þessi gríðarlegi halli rakinn til mikils innflutnings Bandaríkjamanna á kínverskum vörum, auk þess sem stuðningur við fórnarlömb flóðbylgnanna í Asíu reyndist hagkerfinu þungur í skauti.

„Þetta er mikið áhyggjuefni og alls ekki það sem vonast var eftir.



**VIÐSKIPTAHALLI** Hefur aldrei verið meiri í Bandaríkjunum. Sérfræðingar hafa miklar áhyggjur.

Hallinn hefur aldrei verið meiri,“ sagði hagfræðingurinn Allan Seychuk hjá RBC-ráðgjafarfyrirtækinu. Kollegi hans Drew Matus hafði líka miklar áhyggjur af stöðunni: „Við þurfum heldur betur að bretta upp ermarnar ef við ætlum okkur að greiða fyrir alla þessa neyslu“. - jsk

# Myrtur af aðskilnaðarsinnum?

**Tjétsjenskur aðskilnaðarsinni verður ákærður fyrir að hafa fyrirskipað morðið á ritstjóra hins rússneska Forbes. Ritstjórinn átti sér marga óvildarmenn.**

Rússneskir saksóknarar hyggjast lögsækja háttsettan mann innan hreyfingar tsjetsjenskra aðskilnaðarsinna, Khozh-Akhmed Nukajev, fyrir að hafa fyrirskipað morð á Paul Klebnikov, ritstjóra rússneskrar útgáfu viðskiptatímaritsins Forbes.

Klebnikov var skotinn til bana fyrir utan skrifstofu sína í júlí í fyrra og vakti morðið gríðarlega athygli. Klebnikov hafði þá nýlega skrifað bók um Nukajev sem bar heitið „Samtal við villimann“ og virðist bókartitillinn hafa farið fyrir brjóstið á Nukajev, svo mjög að hann fyrirskipaði að Klebnikov skyldi myrtur.

Þó telja margir að rússnesk yfirvöld séu aðeins að bregðast við þrýstingi Bandaríkjastjórnar, sem leggur hart að Rússum að leysa málið, enda Klebnikov bandarískur ríkisborgari. Klebnikov átti sér marga óvildarmenn innan viðskiptalífsins og fóru opinská skrif hans og herferð gegn spillingu fyrir brjóstið á mörgum áhrifamönnum: „Það verður að leysa málið á sómasamlegan hátt. Síðustu ár hafa tólf blaðamenn verið myrtir í Rússlandi og ekkert verið aðhafst,“ sagði Michael Klebnikov, bróðir ritstjórans látna. -jsk



Fréttablaðið/GettyImages

**PAUL KLEBNIKOV, FYRRVERANDI RITSTJÓRI HINS RÚSSNESKA FORBES** Saksóknarar segja Klebnikov hafa verið myrtan vegna bókaskrifa. Hann skrifaði bók um tsjetsjenskan aðskilnaðarsinna sem bar nafnið „Samtal við villimann“.

# Hátt fall auðkýfings

Japanski viðskiptajöfurinn Yoshiaki Tsutsumi, sem á níunda áratugnum var ríkasti maður veraldar samkvæmt hinu virta bandaríska viðskiptatímariti Forbes, hefur játað að vera sekur um skjalafals og innherjaviðskipti.

Verði hann fundinn sekur á hann yfir höfði sér allt að átta ára fangelsi og fimm milljóna króna sekt.

Tsutsumi var eitt sinn formaður japönsku Ólympíunefndarinnar og geysivinsæll í Japan. Eitthvað hefur þó saxast á auðæfi hans síðan á níunda áratugnum, en engu síður eru þau metin á um 160 milljarða króna.

Tsutsumi er 71 árs og auðgaðist á hótel- og járnbrautarekstri. - jsk



**YOSHIAKI TSUTSUMI**
Eitt sinn ríkasti maður veraldar, en á nú yfir höfði sér fangelsisdóm.

# Japanir sportlegir

**Ríkisstjórn Japans hvetur Japani til að klæðast léttum og sportlegum fatnaði í vinnunni. Telur stjórnin að með því megi spara kostnað við loftkælingu. Hálsbindaframleiðendur hóta lögsókn.**

Japanskir hálsbindaframleiðendur hafa hótað japanska ríkinu lögsókn eftir að ríkisstjórn landsins ýtti úr vör herferð sem ætluð er til þess að fá fólk til að klæðast frjálslega í vinnunni.

Herferðin ber heitið „Enginn jakki, ekkert bindi“ og vonast ríkisstjórnin til þess að með því að fá fólk til að klæðast sportlegar og léttar megi spara orkuna sem fer í að halda loftkælingu á vinnustöðum gangandi.

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar eru í fararbroddi herferðarinnar og hafa þeir undanfarna daga mætt hver öðrum léttklæddari til starfa. Forsætisráðherrann sjálfur, Junichiro Koizumi, kom til vinnu á dögunum í mosagrænni stuttermaskyrtu sem hann girti ofan í ljósgráar buxur og sagði stærsta tískublað Japans hann hafa líkst „ellilífeyrisþega við garðvinnu“. Innanríkisráðherrann, Taro Aso, tollir betur í tískunni en þykir þó heldur „mafíósalegur“, með stóra og þykka gullkeðju um hálsinn.

Hálsbindaframleiðendum er þó ekki hlátur í huga en þeir óttast að sölutölur hríðfalli í kjölfar herferðarinnar: „Það er allt í lagi að klæðast sportlega. Gallinn er bara sá að herferðin kemur niður á okkur. Við útilokum ekki lögsókn,“ sagði Tetsuo Yamada, talsmaður Sambands japanskra hálsbindaframleiðenda. -jsk



**RÍKISSTJÓRN JAPANS HVETUR ÞEGNANA TIL AÐ KLÆÐAST LÉTT** Þessi unga stúlka lét ekki segja sér það tvisvar og skipti dragtinni út fyrir léttari klæðnað.



LINCOLN

Tilfinningin fyrir Lincoln er einungis þeirra sem reynt hafa.

* Brimborg og Lincoln áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. THX hljómkerfi er aukabúnaður.

NÆR TIL

86%

HEIMILA
DAG
HVERN

**NOTAÐU ÖFLUGASTA FJÖLMIÐIL LANDSINS TIL AÐ DREIFA SKILABOÐUM TIL ÞINNA VIÐSKIPTAVINA**

Með því að dreifa innskotsblöðum og efni með Fréttablaðinu nærðu til 86% heimila um allt land og tryggir hámarksnýtingu á markaðsfé þínu.

Hafðu samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 550 5010 eða augl@frettabladid.is og kynntu ér verð og dreifimöguleika.

FRÉTTABLAÐIÐ



# Þróun mannsins var í stökkum

**Genabreytingar geta verið litlar í hundrað þúsund ár en miklar breytingar geta orðið á skömmum tíma.**

Þróun mannsins á sér stað í hröðum stökkum með löngu millibili en ekki vegna hægfara breytinga yfir langt tímabil. Þessa niðurstöðu styður ný rannsókn, sem gengur þvert á hefðbundnar hugmyndir.

Vísindamenn í Bandaríkjunum hafa skoðað breytingar á afmörkuðu svæði á litningi með tilliti til þess hvenær þær breytingar urðu sem aðskilja menn, og aðra háþróaða apa, frá frumstæðari frændum okkar. Niðurstaðan er sú að þessar breytingar hafi átt sér stað á stuttum tíma en síðan hafi liðið allt að tuttugu milljón ár án þess að viðkomandi litningur tæki breytingum.

Svo virðist sem að fyrir um tuttugu milljón árum hafi orðið mikla breytingar en fyrstu mennirnir komu á sjónarsviðið fyrir um tvö hundruð þúsund árum. Vísbendingar eru uppi um að fyrir um fimmtíu milljónum ára hafi annað slíkt stökk átt sér stað og þá hafi þær tegundir sem teljast til forfeðra okkar tekið miklum breytingum á skömmum tíma. - þk



Fréttablaðið/AFP Nordic

**HÁÞRÓAÐUR API** Frændur okkar simpansarnir hafa ekki þróast jafn hratt og við mennirnir upp á síðkastið en það er aldrei að vita nema þeir eigi inni nokkur stór stökk fram á við.

# Engar þversagnir í tímaferðalögum

**Tveir eðlisfræðingar telja að ferðalög til fortíðar feli ekki í sér þversagnir. Engu er þó lofað um hvenær slík ferðalög verði möguleg.**

Ferðalög til fortíðar kunna að vera möguleg. Tveir eðlisfræðingar telja sig hafa sýnt fram á að þversagnir í tímaferðalögum geti ekki átt sér stað í raunveruleikanum en lengi hefur verið talið að slíkar þversagnir sýni fram á að ómögulegt sé að ferðast aftur í tímann.

Klassískasta dæmið um þversögn í tímaferðalögum felst í því að einstaklingur ferðist til fortíðarinnar og myrði einhvern forfeðra sinna og/eða komi í veg fyrir eigin fæðingu. Þetta var til að mynda vandamál Marty McFly í Back to the Future en hann þurfti að hafa sig allan við til þess að foreldrar hans næðu saman á skólaballi en ella hefði hann sjálfur aldrei fæðst.

Ferðalög til framtíðar fela hins vegar ekki í sér sambærilega áhættu enda eru allir á stöðugu ferðalagi inn í framtíðina. Það er hins vegar vitað að hægt er að ferðast hraðar fram í tímann með því að ferðast á miklum hraða úti í geimnum. Slík tímaferðalög eiga sér stað í mýflugumynd til dæmis þegar menn ferðast út í geim. Þegar geimfarar snúa til baka hafa þeir elst örlítið minna en þeir sem voru eftir á jörðinni.

Eðlisfræðingarnir Daniel Greenberger og Karl Svozil hafa unnið rannsókn sem virðist sýna fram á að jafnvel þótt ferðast sé aftur í tímann sé ómögulegt að hafa áhrif á rás atburða. - þk



Fréttablaðið/AFP Nordic

**AFTUR TIL FORTÍÐAR?** Þeir félagar Marty McFly og Dr. Brown þurftu að glíma við ýmsa erfiðleika þegar þeir ferðuðust til fortíðarinnar á deLorean sportbíl.

# Tónlist beint í símann

**Sony-Ericsson og Napster hafa tilkynnt um samstarf og munu símnotendur geta halað inn tónlist tölvulaust og beint í gegnum símann innan árs.**

Farsímaframleiðandinn Sony-Ericsson og veftónlistarfyrirtækið Napster hyggjast bjóða símnotendum upp á þá þjónustu að hala inn tónlist af Napster-forritinu í gegnum farsímann. Verður þetta mögulegt í Evrópu innan árs.

Napster var brautryðjandi í innhali tónlistar af netinu, en var gert að hætta starfsemi vegna þess að innhalið þótti stangast á við höfundarréttarlög. Í dag er Napster tónlistarsala á netinu og fá flytjendur sinn skerf af sölunni.

Margir nýjustu farsímarnir geta spilað MP3-tónlist en á símanum er hins vegar ekki ýkja mikið minni. Telja þó sérfræðingar að aðeins sé tímaspursmál hvenær síminn og MP3-spilarinn verða eitt og sama tækið.



Sumir draga þó í efa að raunveruleg eftirspurn sé eftir þjónustunni: „Það er miklu ódýrara að hala inn heilan geisladisk í gegnum netið en að fá eitt lag í símann“, sagði John Strand, símasérfræðingur danska ráðgjafafyrirtækisins Strand Consulting. Hann sagði að Sony-Ericsson væri einungis að reyna að höfða til ungs fólks með því að vinna með fyrirtæki á borð við Napster: „Þótt þú farir út á lífið með Madonnu gerir það þig ekki að góðum söngvara“. -jsk

**FRAMTÍÐIN?** Brátt munu notendur geta halað inn tónlist beint í gegnum símann. Sérfræðingar telja að brátt verði síminn og MP3-spilarinn eitt og sama tækið.

# Trójuhestar í Bretlandi

Asískir tölvuþrjótar hafa undanfarið sent tölvuvírusa í miklum mæli á opinberar stofnanir og fyrirtæki í Bretlandi. Er um að ræða svokallaða „trójuhesta“ en það eru vírusar sem sendir eru á tölvukerfi og gera sendandanum kleift að fylgjast með öllu sem fram fer innan kerfisins.

„Þegar trójuhesturinn hefur tekið sér bólfestu innan tölvukerfis má nota hann til að finna út leyniorð og leita upplýsinga auk þess sem þeir geta leitt til þess að tölvukerfi hrynji og gríðarlegt magn upplýsinga tapist,“ sagði talsmaður bresku stofnunarinnar NISCC, sem hefur yfirumsjón með tölvumálum í landinu, og bætti við: „Það steðjar mikil hætta að innviðum stjórnkerfisins“.

Er talið líklegt að tölvuþrjótarnir séu í peningaleit og freisti þess að finna verðmætar upplýsingar innan tölvukerfanna. -jsk



Fréttablaðið/AP

**TRÓJUHESTUR** Svokallaðir trójuhestsvírusar geta valdið gríðarlegum skaða innan tölvukerfa.



Fréttablaðið/Getty Images

**LUKE CHADWICK OG NICKY BUTT** Þriðjungi minni líkur eru á að Chadwick fái hjartaáfall en Butt.

# Fagnaðarefni fyrir bólugrafna drengi

Bólugrafnir unglingspiltar eru ólíklegri til að fá hjartaáfall síðar á ævinni en þeir sem eru lausir við slík vandamál.

Rannsóknin var gerð í Bretlandi. Fylgst var með tíu þúsund mönnum og í ljós kom að þeir sem voru bólugrafnir í æsku voru í þriðjungi minni hættu á að fá hjartaáfall. Vísindamennirnir sem unnu rannsóknina segja að líklegt sé að ástæða niðurstöðunnar tengist hormónastarfseminni sem einnig veldur unglingabólum.

Sá böggull fylgir hins vegar skammrifi að mun meiri líkur voru á því að bólugrafnir drengir fengju krabbamein í skjaldkirtilinn síðar á ævinni þótt ekki hafi tekist að sýna fram á óyggjandi tölfræðileg tengsl þar á milli.

# Gott að eiga gamla vini

Mikilvægara er að eiga góð tengsl við vini sína en fjölskyldu ef markmiðið er að lifa langa ævi. Vísbendingar um þetta er að finna í nýlegri ástralskri rannsókn.

Fylgst var með fimmtán hundruð einstaklingum í tíu ár en þeir voru allir yfir sjötugu þegar rannsóknin hófst. Tíu árum síðar höfðu 22 prósentum færri látist í hópi þeirra sem áttu samskipti við fimm vini eða fleiri en í hópi þeirra sem voru vinafærri.

Ekki virðist hafa áhrif á langlífi hvort samskipti við fjölskylduna séu mikil eða lítil. Vísindamennirnir telja huganlegt að samskipti við fjölskylduna kunni í einhverjum tilvikum að valda streitu en slíkt sé sjaldgæfara í samskiptum jafnaldra. - þk



Fréttablaðið/AFP Nordic

**TRAUSTIR VINIR** Hasarmyndahetjurnar Sly og Arnold ættu að halda góðu sambandi enda gæti það lengt lífslíkur beggja.



**EGYPTALAND TIL FORNA** Forn-Egyptar kunnu svo sannarlega að skemmta sér og þótti fátt flottara en rauðir glermunir meðal ríka og fræga fólksins.

# Rautt gler stöðutákn

Egyptar fjöldaframleiddu gler fyrir meira en 3.000 árum. Rautt gler þótti eftirsóknarverðast og líkja vísindamenn mikilvægi þess við kjarnorku dagsins í dag.

Fornleifafræðingar telja sig hafa fundið sannanir þess að Forn-Egyptar hafi fjöldaframleitt gler fyrir meira en 3.000 árum. Áður var talið að Egyptar hefðu flutt inn gler frá Mesópótamíu, þar sem nú eru Sýrland og Írak, en fornleifauppgröftur við árósa Nílar hefur leitt annað í ljós.

Fundu vísindamennirnir rústir glerverksmiðju frá 13. öld fyrir Krist. Í rústunum voru fjörutíu heilir glerlistmunir og voru flestir þeirra rauðir að lit. Rautt gler var afskaplega sjaldgæft á fornöld og þótti mikil munaðarvara.

Telja vísindamennirnir að rauðir glermunir hafi verið nokkurs konar stöðutákn og nokkuð sem ríki gátu státað sig af við nágranna sína. Einn fornleifafræðinganna, dr. Tilo Rehren, líkti rauðu gleri við kjarnorku: „Það má framleiða orku á marga aðra vegu, en kjarnorkan er nokkurs konar stöðutákn. Aðeins stórveldi búa yfir kjarnorku og í fornöld framleiddu einungis stórveldi rautt gler“. - jsk





Fréttablaðið/Valli

**KJARTAN ÓLAFSSON HJÁ KREDITTBANKEN** Norskur sjávarútvegur er á mikilli siglingu þessa dagana. Með breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu vonast Norðmenn til að rekstur greinarinnar batni til muna. Á móti eru byggðar- og samfélagsleg sjónarmið í sjávarútvegi ríkjandi sem falla ekki endilega saman við arðsemissjónarmið.

# Norðmenn líta til Íslands

**Norðmenn hafa gert miklar breytingar á sínu fiskveiðistjórnunarkerfi til þess að bregðast við miklum rekstrarvanda greinarinnar. Kjartan Ólafsson hjá KredittBanken lýsir því í samtali við Eggert Þór Aðalsteinsson hvernig sjávarútvegurinn er smám saman að færast í átt til þess sem er á Íslandi en verkefnið er langt í frá auðvelt vegna rómantískrar sýnar og samfélagslegra sjónarmiða.**

KredittBanken í Álasundi, sem er alfarið í eigu Íslandsbanka, leggur mikla áherslu á sjávarútveg. Kjartan Ólafsson fer fyrir sjávarútvegssviði bankans en hann starfaði áður sem viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka með áherslu á alþjóðasjávarútveg. Hann nam í Tromsö og er öllum hnútum þaulkunnugur þegar kemur að því að ræða um norskan sjávarútveg og horfurnar í greininni.

### KRAFA UM HAGKVÆMNI

Kjartan segir að undanfarin áratug hafi Norðmenn tekið skref til hagræðingar í sjávarútvegi, enda var það óumflýjanlegt eftir langt tímabil taprekstus. Landvinnslan hefur verið gerð upp með tapi, sem og útgerðin. Eina útgerðarformið sem hefur verið að gera það gott er uppsjávarveiðar, það er veiðar á kolmunna, síld og makríl.

Nú hefur verið opnað fyrir ákveðnar breytingar í norskum sjávarútvegi sem eiga að auka hagkvæmni greinarinnar. Í mars á þessu ári var frystitogurum og togurum leyft sameina þrjá kvóta á eitt skip. Sams konar breyting átti sér stað um áramótin í smábátaútgerðinni. Einn kvóti í kerfinu er um það bil 1.500 tonn. Í gamla kerfinu dugði einn kvóti togara í þrjá mánuði. Einnig var opnað meira fyrir tilfærslur þó þannig að hluti af kvóta er löndunarskyldur á ákveðnum stöðum. „Áður fyrr var kerfið mjög þungt í vöfum. Óheimilt var erfitt að færa kvóta á milli skipa og gerðar miklar kröfur um hvar aflanum væri landað. Það mátti ekki færa kvóta frá Norður-Noregi til suðurs þótt það hafi mátt færa frá suðri til norðurs,“ segir Kjartan.

Mun betri nýting næst á fiskiskipaflotanum og fiskistofnunum með þessum breytingum. Nú verður hægt að gera sama skipið út allt árið um kring og veiða aflann jafnar á árinu, sem stuðlað að því að gæði fisksins aukast og afurðaverð hækkar.

Smábátarnir eru kallaðir strandveiðiflotinn og fiska um 70 prósent af öllum afla sem er landaður á markaði. Kjartan segir að þessi hlutföll lýsi mjög vel norskum kúltúr. Það er eftirsóknarvert að eiga skip og stunda dálítla sjósókn, það er að geta veitt síld og þorsk, einkum yfir vertíðina.

### SAMFÉLAGSLEGT VÆGI

Stóri munurinn á norskum og íslenskum sjávarútvegi er tvenns konar: Í Noregi er alveg skilið á milli veiða og vinnslu. Útgerðin verður að vera í eigu sjómanna, það er þeirra sem hafa haft sjómennsku að aðalstarfi á síðustu þremur árum af fimm. Þeir einir mega vera skráðir fyrir kvóta á skip. Hitt sem skilur að er svokölluð löggjöf frá 1938 sem segir að allur fiskur verður að fara á markað. Allar breytingar sem síðar hafa orðið má skýra af þessu tvennu.

Markmiðið með norsku fiskveiðistjórnunarlögunum er ferns konar. Í fyrsta lagi að tryggja sjómanninum atvinnu en norskir sjómenn eru þrisvar sinnum fleiri en þeir íslensku. Byggðarsjónarmið vega þungt á metunum og á sjávarútvegur að tryggja atvinnu með ströndinni og í nyrstu héruðunum. Eðlileg endurnýjun fiskistofnanna skiptir miklu máli þannig að auðlindin sé vel nýtt og sjálfbær. Fjórði þátturinn er hagkvæmni og hagkvæm nýting. „Þú sérð það sjálfur að þessir fjórir þættir fara illa saman og erfitt að hámarka hvern og einn,“ segir Kjartan. „Breytingar verða ekki innan kerfisins án þess að þær komi ekki illa við aðra þætti. Frystihúsum í Noregi hefur fækkað úr 54 niður átta á fáeinum árum og fólki hefur fækkað á mörgum stöðum sem gera út á fiskveiðar. Það er lán í óláni að olíuiðnaðurinn hefur á sama tíma verið að færast norður á bóginn og komið í staðinn,“ segir hann.

### FJÖLGUN Í KAUPHÖLL

Á sama tíma og skráðum sjávarútvegsfélögum hefur fækkað ört í íslensku kauphöllinni er þróunin þveröfug í Noregi. Nú eru fimm útgerðarfélög skráð í norsku kauphöllina og hafa þau gert góða hluti á undanförnum vikum. Kjartan nefnir að seint í apríl hafi Aker Seafoods, stærsta sjávarútvegsfyrirtækið í veiðum og vinnslu á Norður-Atlantshafi, verið skráð á markað. Félagið veltir 25 milljörðum norskra króna og er markaðsverðmæti þess um sautján milljarðar króna. Á dögunum keyptu íslenskir fjárfestar skuldabréf í Aker Seafoods fyrir fjóra milljarða króna. Íslandsbanki sá um útboðið í samvinnu við DnB Nor.

Flestir telja að hér sé um mjög jákvæða þróun ræða og fjölmiðlar eru farnir að beina sjónum sínum að sjávarútvegi. „Pan Fish, sem hefur verið vandræðabarn í norsku fiskeldi og hrundi þegar fiskeldið lenti í hvað mestu basli, hefur rokið upp síðustu vikurnar. John Fredriksen, ríkasti maður Noregs, keypti um helmingshlut í því á dögunum. Þessi maður hefur aldrei fengist við sjávarútveg þannig að þetta er mjög jákvætt fyrir greinina,“ bendir Kjartan á.

Fyrir utan Aker Seafood og Pan Fish eru fyrir í norsku kauphöllinni Domstein, sem stundar veiðar og vinnslu á villtum tegundum, fiskeldisfélagið Fjord Seafood og Leröy Seafood, sem eru norsku sölusamtökin. Leröy er sterkt og stöðugt félag sem hefur alltaf skilað jákvæðri afkomu þrátt fyrir mikila erfiðleika í atvinnugreininni á undanförnum árum.

Kjartan býst við frekari fjölgun skráðra útgerðarfyrirtækja á næstu tveimur árum og telur að hagræðingin í sjávarútvegi verði mun hraðari fyrir vikið og opni leið fyrir nýtt folk inn í greinina.

### ÍSLAND MIKIL FYRIRMYND

Norðmenn hafa verið að átta sig á því að þeir eru tíu til fimmtán árum á eftir Íslendingum í sjávarútvegi og þær breytingar sem hafa orðið á fiskveiðakerfi þeirra tekur mið af því íslenska. Arðsemin í íslenskum sjávarútvegi batnaði mikið eftir að kerfi frjálsra framsala aflaheimilda var komið á fót. Framlegðarhlutfall hækkaði meðal annars úr fimm prósentum í 25 á tíu árum. Þannig gat útgerðin fært kvóta á milli skipa og veitt á færri skip. Stjórnendur Aker Seafoods telja að í nýja kerfinu geti sparast þrír til fjórir milljarðar króna með því að fækka skipum úr sautján í 10-12.

„Norðmenn horfa mjög til Íslands við breytingar sínu fiskveiðistjórnunarkerfi og spyrjast mikið fyrir hjá Íslandsbanka um hitt og þetta. Þeir hafa áhuga á að skoða hvernig við högum okkar kerfi og uppbyggingu fiskistofna.“

## Sjávarútvegsfyrirtæki í norsku kauphöllinni

**AKER SEAFOODS**
Eitt stærsta útgerðarfélag Noregs með 30 prósent af togarakvótanum og helming landvinnslunnar.
Gengishækkun frá áramótum: 20,0%
Markaðsvirði: 17 milljarðar
Hagnaður (2004): 310 millljónir

**DOMSTEIN**
Félagið stundar veiðar og vinnslu. Flytur ferskan og frosinn fisk til Evrópu. Stærsti hluthafinn í Fjord Seafood með um 15 prósenta hlut.
Gengishækkun frá áramótum: 24,8%
Markaðsvirði: 4,9 milljarðar
* Hagnaður: 80 millljónir

**FJORD SEAFOOD**
Leiðandi fyrirtæki í laxeldi. Stundar vinnslu og sölu á laxi og silungi.
Gengishækkun frá áramótum: 30,4%
Markaðsvirði: 23 milljarðar
* Hagnaður: 3.500 millljónir

**LERÖY SEAFOOD GROUP**
Ein stærstu sölusamtök Noregs í sjávarútvegi. Stór fjárfestir í framleiðslu sjávarafurða í Noregi, Svíþjóð og Bretlandi.
Gengishækkun frá áramótum: 39,3%
Markaðsvirði: 19 milljarðar
* Hagnaður: 398 millljónir

**PAN FISH**
Einn laxeldisframleiðandi í heimi sem rekur stöðvar í Noregi, Danmörku, Bandaríkjunum, Færeyjum og víðar.
Gengishækkun frá áramótum: 12,9%
Markaðsvirði: 26 milljarðar
* Hagnaður: 2.400 millljónir

* Á fyrsta ársfjórðungi

# Mánaðaráskrift að DV og 5 eintök af Hér&nú á aðeins 2.400 krónur




á meðan 5 stk. af Séð og heyrt kosta 1995 krónur.*

## Hvort er betri díll?

Við bendum þeim sem hafa áhuga á fólki og brennandi þjóðfélagsmálum góðfúslega á að með áskrift að DV fylgir nýja blaðið Hér & nú! Fylgstu með og fáðu dagblað og vikulegt tímarit á aðeins 2.400 kr. á mánuði.

Áskriftarsími
**550 5000**

Hér &nú DV

* M.v. verð júní 2005

# Flestar myndir í bíó *líka til á netinu*



Fréttablaðið/Stefán

**Ný rannsókn sýnir að hægt er að nálgast ólögleg eintök af nánast öllum bíómyndum sem verið er að sýna í bíóhúsum borgarinnar. Þá er hægt að sækja um helming þeirra mynda sem til stendur að frumsýna á næstunni. Þetta kemur fram í útskriftarritgerð Elfu Bjargar Aradóttur við Háskólann í Reykjavík. Þórlindur Kjartansson kynnti sér stöðu mála og ræddi við Elfu.**

Hægt er að nálgast nánast allar bíómyndir á íslenskum gagnastöðvum á sama tíma og þær eru til sýninga í kvikmyndahúsum. Þetta kemur fram í rannsókn sem Elfa Björg Aradóttir gerði í lokaverkefni sínu í Háskólanum í Reykjavík.

**NÆSTUM ALLAR BÍÓMYNDIR KOMNAR Á NETIÐ**

Elfa Björg skoðaði annars vegar hvaða myndir væri hægt að nálgast á innlendum skráaskiptisíðum og hins vegar hvaða myndir væri hægt að sækja til útlanda með svokölluðum Torrent-hugbúnaði. Elfa Björg bar saman lista yfir sýningar kvikmyndahúsa og niðurstöður leitar á bæði innlendum og erlendum síðum. Þetta gerði hún þrisvar í vetur. Í ljós kom að hægt er að nálgast 82 prósent mynda kvikmyndahúsana með BitTorrent-búnaði og 45 prósent þeirra mynda sem ekki hafa verið frumsýndar en eiga að koma til sýningar á næstu tveimur vikum.

Innhal á gögnum frá útlöndum hefur lengst af kostað nokkuð mikið hér á landi og er það ekki fyrr en á allra síðustu misserum sem fjarskiptafyrirtækin hér á landi breyttu þeirri stefnu sinni í kjölfar komu Hive inn á markaðinn. Fram að þeim tíma kostaði hvert gígabæt af innhali frá útlöndum ríflega tvö þúsund krónur. Þar sem hver bíómynd er að minnsta kosti 700 megabæt var ekki hagkvæmt að hlaða niður heilli bíómynd frá útlöndum, sérstaklega í ljósi þess að aldrei er hægt að hafa fulla vissu um gæði myndar sem sótt er ólöglega.

**LOSNA VIÐ ERLEND INNHAL**

Af þessum sökum voru starfrækt hér á landi mjög öflug dreifinet. Notendur gátu því sótt bíómyndir án þess að greiða fyrir erlent innhal. Í rannsókn Elfu Bjargar kemur fram að í vetur var hægt að nálgast á íslenskum gagnabönkum ríflega 70 prósent mynda sem voru í sýningum kvikmyndahúsana og um 35 prósent þeirra mynda sem til stóð að frumsýna á næstu vikum eftir að rannsóknirnar voru gerðar.

## HVERNIG KEMST BÍÓMYND Í DREIFINGU

Annars vegar er það innanbúðarfólk í kvikmyndageiranum sem sendir nýjar myndir í ólöglega dreifingu og hins vegar er það almenningur. Í ritgerð Elfu Bjargar eru nokkrar leiðir nefndar.

**EINTAK LEKUR ÚR FRAMLEIÐSLUNNI**

Einhver starfsmaður, til dæmis í klippiherbergi, kemur eintaki af myndinni undan. Eintök sem er stolið með þessum hætti eru gjarnan ókláruð og ekki í fullum gæðum.


**STAR WARS VAR STOLIÐ** Ekki leið langur tími á milli þess að búið var að ganga frá endanlegri útgáfu af nýjustu Star Wars myndinni og þar til hún var komin í heilmikla ólöglega dreifingu um heim allan á netinu.

**AFRIT SENT GAGNRÝNANDA LEKUR ÚT**

Kvikmyndaframleiðendur senda gagnrýnendum og ýmsum öðrum, til dæmis meðlimum í kvikmyndaakademíunni, eintök af mynd á sama tíma og hún fer í sýningu - eða örlítið fyrr. Þessi eintök eiga það til að leka út á netið.

**SÝNINGARMENN STELA EINTAKI**

Sýningarmenn í kvikmyndahúsum hafa orðið uppvísir að því að nota stafrænar vélar til að taka upp bíómyndir. Eintak sem næst með þeim hætti er í réttum hlutföllum og ágætum gæðum.

**FRAMLEIÐANDI DVD LEKUR EINTAKI**

Þegar verið er að framleiða DVD disk koma margir af framleiðslunni og ef myndin er ekki komin í dreifingu á þeim tímapunkti er líklegt að leki eigi sér stað og ólögleg eintök komist út.

Áður en takmörk á erlendu innhali voru felld niður var algengast að einstaklingar nýttu sér aðstöðu í vinnu eða skóla til þess að sækja myndir til útlanda og kæmu þeim síðan í dreifingu á innlendum netþjónum. Flestir hér á landi nota samskiptaforritið DC++. Notendur tengjast inn á miðlæga netþjóna en til þess að geta hlaðið niður gögnum þarf einnig að bjóða öðrum upp á slíkt hið sama og eftir því sem menn geta séð öðrum fyrir meira magni efnis þeim mun betri aðgang hafa þeir af efni annarra. Þannig myndast ákveðin stéttskipting í samfélagi þeirra sem stunda það að skiptast á gögnum á netinu. Þeir sem eru duglegir við að dreifa efni komast inn á betri svæði þar sem þeir geta nálgast meira úrval efnis og verið tryggari um að gæðin séu í lagi. Þetta kerfi ýtir einnig undir samfélagsvitund í hópnum en um leið gerir það að verkum að þátttakendur verða allir samsekir í kolólöglegu athæfi.

**NETUMFERÐ FÉLL UM HELMING**

Á síðasta ári hófst mikil rannsókn á ólöglegri dreifingu tónlistar og myndefnis á netinu hér á landi. Fjöldi af tölvum var gerður upptækur og nokkrir þurftu að gista fangageymslur. Þegar aðgerðin fór af stað minnkaði umferð á netinu hér á landi um helming. Það gefur til kynna umfang ólöglegs afþreyingarefnis á netinu.

Refsingin við því að eiga og dreifa efni sem varið er af höfundarrétti getur varðað sektum og fangelsi í allt að tvö ár. Að auki geta eigendur höfundarréttar höfðað einkamál á hendur dreifingaraðilum og hafa kröfur í slíkum málum numið gríðarlegum upphæðum í Bandaríkjunum þar sem um verulega hagsmuni er að ræða.

Töluverð harka hefur færst í heim ólöglegrar dreifingar á netinu og ljóst að forsprakkar slíkrar starfsemi gera sér vel grein fyrir þeirri áhættu sem henni fylgir og leggja áherslu á að hylja slóð sína. Í kjölfar lögreglurannsóknarinnar í fyrra tók þó ekki langan tíma að koma dreifingu aftur í gang en mikil leynd hvílir yfir mörgum af helstu miðstöðvum ólöglegs afþreyingarefnis á Íslandi. Aðeins þeir sem er algjörlega treyst í er gefinn kostur á að tengjast bestu tengipunktunum þar sem nýjasta og besta efnið er að finna.

**VINSÆLT AÐ STELA SJÓNVARPSEFNI**

Rannsókn Elfu Bjargar náði til kvikmynda en það færist einnig mjög í vöxt að vinsælir sjónvarpsþættir séu sóttir á netið. Nú er vinsælast að hala inn Desperate Housewives en spennuþættirnir Lost og 24 eru einnig í mikilli dreifingu.

„Ef þáttur er sýndur í Bandaríkjunum á mánudagi þá er oftast hægt að finna hann á þriðjudagi eða miðvikudegi á innlendu vefjunum. Ef þátturinn er ekki kominn þá skoða ég hvort ég sæki hann ekki sjálfur til útlanda og kem honum þannig í dreifingu hér á landi. Þannig ber fólk sem tekur þátt í þessu ákveðna ábyrgð og þurfa að vera fyrstir til að sækja ákveðna hluti,“ segir netverji sem tekið hefur þátt í skjalaskiptum á netinu í mörg ár.

Elfa Björg einskorðaði rannsókn sína við kvikmyndir en segist telja að um þessar mundir sé mun algengara að sjónvarpsþáttum sé hlaðið niður heldur en kvikmyndum.

**KVIKMYNDIR TAKA VIÐ AF TÓNLIST**

Fyrstu kynni flestra netverja af svokölluðum „peer-to-peer“ skjalaskiptum urðu í kjölfar tilkomu Napster-forritsins. Útbreiðsla þess var gríðarlega þegar hæst lét og hægt var að nálgast nánast hvað sem er. Tónlistariðnaðurinn hefur þó barist um á hæl og hnakka til að stemma stigu við þeim hugverkaþjófnaði sem hann hefur orðið fyrir. Forsvarsmenn í tónlistinni segja að minni sölu á geisladiskum megi rekja til auðvelds aðgengis að stolinni tónlist á netinu.

Þó hafa rannsóknir ekki sýnt fram á einhliða niðurstöður í þessum efnum og því er jafnvel haldið fram að dreifing tónlistar með ólöglegum leiðum hafi ýtt undir sölu á tónlist þar sem áhugi fólks á tónlist hafi vaxið mjög með auknu aðgengi.

**TÓNLISTARIÐNAÐURINN Í VARNARSTÖÐU**

Þeir sem telja viðbrögð tónlistariðnaðarins of harkaleg vilja halda því fram að tónlistariðnaðurinn geti að nokkru leyti kennt sér sjálfum um hversu algengur þjófnaðurinn sé og benda á að tónlistariðnaðurinn hafi verið seinn til að bregðast við tækninýjungum líkt og verið hafi með hljóðsnælduna á sínum tíma. Þá óttuðust tónlistarframleiðendur að sala á hljómplötum hryndi sökum þess að einstaklingar gætu sjálfir tekið upp tónlist úr útvarpi.

Reyndin varð hins vegar önnur og hljóðsnældan reyndist hafa jákvæð áhrif á tónlistariðnaðinn.

Hið sama gæti verið að eiga sér stað hvað varðar dreifingu tónlistar um netið. Tónlistarverslun Apple, iTunes, er mjög öflug og áhugamenn um tónlist virðast vera tilbúnir til þess að kaupa tónlist á netinu en framleiðendur hafi dregið lappirnar og ekki fylgt kröfum markaðarins.

**STÓRMYNDUM FREKAR STOLIÐ**

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að það eru stóru myndirnar sem mest er stolið á netinu og að tengsl eru milli gróða af bíómynd og líkinda á því að hægt sé að stela henni af netinu. Sömu rannsóknir hafa einnig sýnt að myndir sem finnast á dreifisíðum eru gjarnan mjög nýlegar en erfiðara er að ná í eldri myndir og að mun líklegra sé að stórmyndum sé stolið heldur en myndum sem njóta álits gagnrýnenda.

Þá leiða kannanir erlendis í ljós að þeir sem fara oftast í bíó, á vídeóleigur og kaupa oftast mynddiska eru líklegir til þess að stunda einnig innhal á kvikmyndum. Eins virðist sem viðhorf einstaklinga til verðlagningar á afþreyingunni hafi ekki áhrif á hvort þeir steli myndum af netinu eða ekki. Margt bendir því til þess að stór hluti innhalsins sé eingöngu til kominn vegna þess að notandanum finnst þægilegt að nálgast myndirnar með því móti - ekki vegna þess að þeir tími ekki að borga sanngjarnt verð.

Elfa Björg segir það í raun illskiljanlegt að eigendur höfundarréttar á kvikmyndum hafi ekki fyrr brugðist við þeirri augljósu þörf á markaðinum sem er fyrir nýtingu á netinu sem dreifileið. „Sérstaklega í ljósi reynslunnar með tónlistina er skrýtið að þessir aðilar geri ekkert til að mæta þessari þörf,“ segir hún. Þar vísar hún til þess að tónlistargeirinn barðist lengi gegn þeirri þróun að tónlist yrði dreift um netið án árangurs. Eftir að stærstu aðilarnir í tónlistargeiranum byrjuðu að nýta sér tæknina hefur

**Refsingin við því að eiga og dreifa efni sem varið er af höfundarrétti getur varðað sektum og fangelsi í allt að tvö ár.**



**ELFA BJÖRG ARADÓTTIR RANNSAKAÐI INNHAL Á BÍÓMYNDUM Á ÍSLANDI** Komst að því að hægt er að nálgast langflestar myndir á netinu sem verið er að sýna í kvikmyndahúsum á Íslandi annað hvort á íslenskum eða útlenskum vefsvæðum.

hins vegar komið í ljós að hér er ekki aðeins um ógnun að ræða fyrir tónlistina heldur einnig mikið tækifæri.

### BARIST UM RÉTTINDIN

Greina má ákveðin tregðulögmál í viðbrögðum tónlistar- og kvikmyndaiðnaðarins við tæknibreytingum síðustu ára. Um langt skeið hefur dreifing á bíómyndum og tónlist byggst upp á einkaréttindum á afmörkuðum svæðum í heiminum. Hið sama gildir um sjónvarpsefni. Eigendur höfundarréttar í hverju landi hafa mikla hagsmuni af því að viðhalda þessu kerfi og skýrir það að nokkru leyti hversu skammt á veg kvikmyndaiðnaðurinn er kominn með að mæta óskum markaðarins um netaðgang að bíómyndum.

Velgengni iTunes-verslunarinnar í Bandaríkjunum sýnir að hægt er að mjög mikill fjöldi fólks grípur fegins hendi tækifæri til að eignast stafræna tónlist á löglegan hátt. Það er hins vegar enn þannig að miklu er til kostað til að tryggja að tónlistin á iTunes seljist ekki milli markaðssvæða. Þannig geta íslenskir neytendur ekki keypt lög á iTunes.

Margir telja víst að hið sama gildi um sjónvarpsþætti og bíómyndir og að neytendur myndu glaðir borga fyrir að geta hlaðið löglegum eintökum niður væri þess kostur. Með þessu skapast leið til þess að neytandinn geti keypt það efni sem hann lystir án þess að eiga viðskipti við milliliði. Kvikmyndaiðnaðurinn virðist hins vegar ekki ætla að fara þessa leið. Í staðinn hefur verið unnið að því að semja gríðarlega flókna lausnir sem miða meðal annars að því að tryggja hagsmuni þeirra sem eiga einkarétt til dreifingar efnisins á hinum ýmsu markaðssvæðum.

### ERFIÐAST FYRIR VÍDEÓLEIGUR

Ein af niðurstöðum Elfu Bjargar er sú að vídeóleigum standi töluverð ógn af breyttum aðferðum við dreifingu efnis. Hún segir það hafa komið fram í rannsókn sinni að ákveðnar myndir væru þess eðlis að líklegt sé að fólk sækist áfram eftir því að sjá þær í kvikmyndahúsi. Standi fólki hins vegar til boða að sækja myndir á netið í stað þess að fara á vídeóleigu þá er líklegt að það velji fyrri kostinn.

Aðsókn í kvikmyndahús á Íslandi er með því allra mesta sem þekkist í heiminum. Bíóferðum hefur fækkað örlítið á síðustu árum en ekki er ljóst hvort það séu eðlilegar sveiflur eða hvort neyslumynstur hefur verið að breytast. Að sögn Elfu Bjargar er oftast hægt að útskýra sveiflur í aðsókn að kvikmyndahúsum með því hvort vinsæl íslensk mynd sé í sýningu eða ekki.

Þá telur Elfa Björg ekki víst að markaðurinn fyrir sölu á kvikmyndum á DVD diskum verði fyrir skakkaföllum vegna sjóræningjastarfsemi þar sem flestir kaupi aðeins mjög eigulegar myndir á DVD. Elfa Björg telur ekki að ólöglegt innhal af netinu dragi úr áhuga fólks á slíkum kaupum.

## Kvikmyndir stefna í sömu átt og tónlistin




**HELGI PÉTUR JÓHANNSSON HJÁ D3** Sér fyrir sér að þróunin verði sú að fólk sæki tónlist og kvikmyndir á netið þegar það vill horfa í stað þess að geyma mikið magn af gögnum á eigin tölvum.

Helgi Pétur Jóhannsson sem starfar hjá D3, sem er hluti af Degi Group, og rekur meðal annars heimasíðuna tonlist.is segir að kvikmyndaiðnaðurinn sé enn töluvert á eftir tónlistinni hvað varðar að veita aðgang að stafrænu efni á netinu.

Dagur Group, sem áður hét Skífan, á rétt á miklum fjölda hugverka, bæði í tónlist og kvikmyndum, og rekur nokkur kvikmyndahús. Helgi Pétur segir að hjá fyrirtækinu sé ekki fylgst sérstaklega með því hversu mikið umfang sé á ólöglegri dreifingu á Íslandi. „Við reynum bara að horfa framhjá því en einbeita okkur að því að bjóða upp á góða þjónustu frá okkur,“ segir hann.

Hann segir að fyrirtækið hafi fundið fyrir mjög góðum viðbrögðum við rekstri á vefsvæðinu tonlist.is. „Við erum með góða samninga við útgáfufélögin og við reynum eftir fremsta megni að bjóða upp á sem mest af tónlist og fólk hefur verið mjög jákvætt fyrir þessu. Margir hafa sent okkur póst og sagt að þótt þeir hafi aðgang að ókeypis tónlist þá vilji þeir frekar sækja hana löglega og borga fyrir hana,“ segir hann.

Hann segist telja að notkunin sé að einhverju leyti að breytast. Fólk sækist ekki endilega eftir því að eiga alla þó tónlist sem það hefur áhuga á en í staðinn vilji það hafa aðgang að henni á netinu. Áskriftarþjónusta á borð við tonlist.is býður fólki upp á að hlusta á tónlistina beint á netinu. „Fólk er ekki endilega að hlaða þessu niður heldur er fólk að sækja beint af netinu og spila af netinu í staðinn fyrir að geyma gögnin á diski hjá sér,“ segir Helgi Pétur.

Að hans sögn er það bara tímaspursmál hvenær alþjóðleg þjónusta á borð við Napster (sem nú er lögleg) og iTunes komi til Íslands enda sé þegar farið að bjóða upp á þessa þjónustu í nágrannalöndunum.

Hvað varðar bíómyndir segir hann enn langt í land. „Bíómyndir eru enn langt á eftir tónlistinni en stefnir í svipaða átt,“ segir hann og bætir því við að nú bjóði BT Net, sem er netþjónusta í eigu Dags Group, upp á nokkrar bíómyndir sem áskrifendur geti horft á í gegnum netið.

Hann sér fyrir sér að sjónvörp verði nettengd og þannig verði hægt að flytja gögn yfir netið og sama þróun muni eiga sér stað og í tónlistinni. Fólk geti horft á hvaða efni sem því dettur í hug, hvenær sem er.

## FÓLK Á FERLI

**ROBERT CHARPENTIER** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Kaupthing Bank Sverige AB, dótturfélags Kaupþings banka í Svíþjóð. Charpentier hefur undanfarið gegnt starfi aðstoðarframkvæmdastjóra Swedbank Markets í Svíþjóð en áður starfaði hann um átta ára skeið hjá Goldman Sachs í Lundúnum. Stefnt er að því að Charpentier hefji störf um eða upp úr næstu áramótum og eigi síðar en fyrir aðalfund Kaupþings banka árið 2006. Christer Villard mun í framhaldi af því láta af starfi framkvæmdastjóra en hann mun áfram sitja í stjórn Kaupthing Bank Sverige AB og gegna ráðgjafarstörfum fyrir Kaupþing banka.





**STJÓRNENDUR LÍNUHÖNNUNAR** Guðmundur Þorbjörnsson, Ríkharður Kristjánsson og Sigurður Ragnarsson.

## Nýir stjórnendur

Tveir nýir framkvæmdastjórar taka við hjá Línuhönnun, verkfræðingarnir Sigurður Ragnarsson og Guðmundur Þorbjörnsson. Sigurður starfaði hjá Línuhönnun 1991-1997 og hjá dótturfyrirtækinu Forverki frá 1997-2001 en hefur gegnt stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra Línuhönnunar frá 2001. Guðmundur hóf upphaflega störf á Línuhönnun sem verkfræðingur árið 1983, en eftir MBA-nám gegndi hann ýmsum störfum hjá Eimskipi, frá 1993 til síðustu áramóta, og var meðal annars einn af framkvæmdastjórum fyrirtækisins frá árinu 2001.

Sigurður Ragnarsson og Guðmundur Þorbjörnsson munu stjórna fyrirtækinu sameiginlega, en einnig hafa með sér verkaskiptingu þar sem kjarnaverkefni Sigurðar verða byggingar, vegagerð og verkefnastjórnun, en kjarnaverkefni Guðmundar rekstur, orkumál og umhverfismál.

Dr. Ríkharður Kristjánsson verkfræðingur hefur verið framkvæmdastjóri Línuhönnunar undanfarin átta ár. Þann 1. maí lét Ríkharður af störfum sem framkvæmdastjóri en hann starfar áfram hjá Línuhönnun af fullum krafti.

# Neyðin kennir naktri konu að spinna

**Kristbjörg Kristmundsdóttir, jóga- og hugleiðslukennari með meiru, leggur nú mikið kapp á framleiðslu blómadropa. Þeir eiga að virka á margvíslega kvilla, allt frá gráa fiðringnum til alvarlegri kvilla. Síðustu 20 árin hefur Kristbjörg reynt að beisla orkuna í íslenskum jurtum og koma þeim í dropaform með góðum árangri.**



Fréttablaðið/Stefán

**BLÓMADROPAR KOMA JAFNVÆGI Á LÍKAMANN** Kristbjörg Kristmundsdóttir innan um blómin og dropana.

Kristbjörg Kristmundsdóttir segir blómadropa hjálpa til við að koma jafnvægi á líkama og sál. Þeir geti læknað allt frá gráa fiðringnum til alvarlegra kvilla. Kristbjörg hefur verið að búa til íslenska blómadropa síðustu 20 ár og stefnir nú á ótrauð erlenda markaði.

Kristbjörg segist hafa byrjað að búa til blómadropa úr íslenskum jurtum vegna þess að ekki mátti flytja inn erlenda blómadropa sem Kristbjörg hafði kynnst. „Neyðin kennir naktri konu að spinna. Ég varð að finna út hvaða íslenskar jurtir ég gat notað í stað þeirra erlendu. Þannig kynntist ég gjöfum náttúrunnar, því er neyðin besti kennarinn.“ Kristbjörg bjó á Vallanesi við Egilsstaði á þessum tíma og segir stórkostlegt hversu vel hún lærði að nýta náttúruna.

### ÍSLENSKAR JURTIR KRAFTMESTAR

En hvað eru blómadropar og hvernig virka þeir? Kristbjörg segir að í stuttu máli séu þeir orka þar sem hver jurt hafi sína orkutíðni. „Það eru engin virk efni í blómadropum. Það er einungis orka og það er fegurðin í þessu.“

Kristbjörg segir margar ástæður vera fyrir veikindum fólks og kvillar spretti upp aftur og aftur. Blómadroparnir vinni frekar á rótum vandans. „Sami kvilli er ekki meðhöndlaður á einn hátt vegna þess að margar ástæður geta búið að baki. Fólk er vant því að biðja um lyf gegn veikindum en ég fer aðeins lengra og spyr af hverju þessi veiki hrjái viðkomandi og hvað líkaminn sé að reyna að segja. Blómadroparnir vinna inn á tilfinningahindranir, stress og streitu sem veikja varnir líkamans og hann myndar kvilla.“

Kristbjörg segir dropana virka á hluti eins og til dæmis hormónaójafnvægi og því sé hægt að fá blómadropa gegn gráa fiðringnum, sem og öðrum tilfinningum sem fylgja hormónabreytingum. Hún segir auðvitað marga efast en þegar þeir prófi og finni flestir fyrir virkni blómadroparnir mjög vel. Nú selur Kristbjörg blómadropana í heilsubúðum hér á landi og heita blöndurnar eftir virkni þeirra.

**Kristbjörg Elí:**
Stofnað: 21. febrúar 2002
Einn starfsmaður

Kristbjörg segir íslenska blómadropa kraftmeiri erlenda dropa vegna hreinnar og harðgerðrar náttúru Íslands. „Ég fæ góðar viðtökur við blómadropunum hvert sem þeir fara. Margir sem hafa verið að vinna með blómadropa í áratugi segja að íslensku jurtirnar séu þær kraftmestu sem þeir hafi komist í kynni við.“

Kristbjörg segir í fyrstu ekki hafa trúað því en svo hafi hún áttað sig á að þessi staðreynd væri rétt. „Sumir erlendir aðilar sem hafa notað blómadropa lengi eru að skipta þeim erlendu út fyrir þá íslensku.“

### LÆRÐI AÐ HUGSA STÓRT

Kristbjörg sótti námskeið Brautargengiskvenna og fékk viðurkenningu fyrir bestu viðskiptahugmyndina nú í vor. „Það er mjög mikilsvert fyrir lítil sprotafyrirtæki að fá góðan stuðning í upphafi og eins var það frábært að fá þessa viðurkenningu sem kom mér skemmtilega á óvart.“ Fyrirtæki hennar, Kristbjörg Elí stækkar hratt og fram undan er fullt af nýjum vörum á markaðinn.

Kristbjörg segist hafa farið kvennaleiðina, safnað peningunum fyrst og framkvæmdi svo. Fyrirtækið var upphaflega stofnað í kringum kennslu en nú einbeiti hún sér að framleiðslu á blómadropum. Hún er eini starfsmaðurinn en ætlar fljótlega að ráða til sína eina manneskju og nemendur hennar eru einnig í sjálfboðavinnu hjá henni. Kristbjörg segir það taka brautryðjendur einhver ár að koma fyrirtækinu á þann stað að það fari að borga sig að ráða starfsfólk. „Ég sinni þremur stöðugildum eins og er.“

Kristbjörg Elí ehf. var stofnað þann 21. febrúar 2002 á afmælisdegi systur Kristbjargar sem hún segir vera mikla viðskiptakonu. Fleiri fjölskyldutengsl eru í kringum fyrirtækið því fyrirtækið heitir í höfuðið á föður hennar, Kristmundi Elí.

Kristbjörg hefur safnað 20 ára þekkingu og stefnir nú út í heim. Hún er spennt að sjá hversu langt hún komist með fyrirtækið en hún segist hafa lært á Brautargengisnámskeiðinu að hugsa stórt og marka leiðina þangað. „Ég er komin í samband við risastórt fyrirtæki í Bandaríkjunum en hvað kemur út úr því veit ég ekki. Það tekur marga mánuði að vinna svona hluti og búðir bæði í Evrópu og Bandaríkjunum hafa sýnt áhuga.“

Orka íslenskrar náttúru hefur verið beislað af Kristbjörgu og verður hún eflaust góð söluvara erlendis.




## BESTA RÁÐIÐ

## „Lífið er eins og strætóferð“

Erna Bryndís Halldórsdóttir, forstjóri stjórnunarþjónustunnar Hyrnu, segist hafa fengið nokkur ráð um ævina. Það besta hafi þó komið frá Ingibjörgu Elsu vinkonu hennar: „Hún sagði mér einhverju sinni að lífið væri eins og strætóferð þar sem fólk kemur og fer. Rétt eins og það á að taka vel á móti nýjum farþegum verður að leyfa öðrum að fara“.

Erna Bryndís segir þetta ráð hafa nýst sér vel og að ástæðulaust sé að halda í kunningsskap ef tilfinningar eða áhugamál eru ekki gagnkvæm: „Stundum verður maður að leyfa fólki að fara og stundum lætur maður það fara“.

Ráðið eigi við vinnu, fjölskyldu og vini og alls staðar þar sem mannleg samkipti koma við sögu, jafnvel ástarmál: „Mér finnst Íslendingar oft á tíðum hugsa í kössum, ef svo má segja, og að fólki sé skylt að dvelja í þessum kössum allt sitt líf. En þannig á það alls ekki að vera“. - jsk



**ERNA BRYNDÍS HALLDÓRSDÓTTIR** Segir Íslendinga hugsa í kössum.

# Neytendur athugið!

## Stórkostlegur verðmunur á byggingavörum

| | MÚRBÚÐIN | Byko | Mismunur á hæsta og lægsta verði |
|---|---|---|---|
| **Málningarvörur** | | | |
| Útimálning 10 lítrar | 2.990 kr. Alfacryl | 4.390 kr. Byko úti/inni | 47% |
| Innimálning 7% 10 lítrar | 2.690 kr. Dekacryl 7 | Ekki til | |
| Þakmálning 10 lítrar | 5.260 kr. Deka Tex | 12.203 kr. Þol | 132% |
| Sílan (vatnsfæla) pr. líter | 492 kr. Deka sílan | 1.195 kr. Vatnsvari 40 | 143% |
| Epoxy gólfmálning pr. líter | 896 kr. Deka Topp | 2.179 kr. Málning | 143% |
| Samskeytaspartl 28 kg | 1.390 kr. Deka Rock | 2.300 kr. Sheetrock | 65% |
| Medium sandspartl 10 lítrar | 1.794 kr. Dalapro | 2.998 kr. Nordsjö | 67% |
| Spartlspaði 45 cm | 751 kr. Spekter | 1.481 kr. Spekter | 97% |
| Bakki og rúlla | 649 kr. Spekter | 814 kr. Fia | 25% |
| Ofnapensill 50 mm | 274 kr. Mako | 299 kr. Mako | 9% |
| **Múrefni / Flísavörur / Áhöld** | | | |
| Flotefni 25 kg | 1.519 kr. ABS 147 | 1.558 kr. "Flotgólf" | 3% |
| Glersteinamúr 20 kg | 1.560 kr. Optiroc | 2.690 kr. Optiroc | 72% |
| Flex flísalím grátt 25 kg | 1.595 kr. Deka Flex | 1.990 kr. Schomurg | 25% |
| Múrblanda 5 kg | 399 kr. Deka | 826 kr. Sika mørtel | 107% |
| Múrfata 12 lítra | 294 kr. Jopa | 513 kr. Jopa | 74% |
| Flísalímglattari 6x6 mm | 198 kr. Ranatools | 803 kr. Lux | 306% |
| Flísasög 500 w | 5.490 kr. Einhell | 8.990 kr. Hanseatic | 64% |
| Hræripinni fyrir 20 kg | 995 kr. Mako | 1.645 kr. Mako | 65% |
| Demantsbolli 5" tvöfaldur | 6.990 kr. Dimo | 11.516 kr. | 65% |
| Granít skurðarblað 300 mm | 10.147 kr. Dimo | 29.286 kr. | 189% |
| Steypuhrærivél | 34.900 kr. Betomix 134 l | 67.640 kr. Atika 165 l | 94% |
| Steypuskafa | 1.279 kr. Marshalltown | 3.776 kr. Kraft | 195% |
| **Ýmsar byggingavörur** | | | |
| Rakavarnarplast 0,2 mm | kr. 59 /m² | kr. 102 /m² | 73% |
| Byggingaplast 0,15 mm | kr. 25 /m² | kr. 69 /m² | 176% |
| Festifrauð 750 ml | 495 kr. Deka | 899 kr. Sika | 82% |
| Límkítti 300 ml | 539 kr. Danalim | 873 kr. Sika | 62% |
| Verfærakista 22" | 1.990 kr. Keter Hammer | 1.990 kr. | 0% |
| Álréttskeið 2,5 m m/dropa | 4.133 kr. | 7.764 kr. | 88% |
| Málband 5 m | 249 kr. Ranatools | 990 kr. Lux | 298% |
| Háþrýstidæla 100 bör | 5.900 kr. Einhell | 9.900 kr. Bosch Aquat | 68% |

## Innkaupakarfan* sýnir verðmuninn

**kr. 93. 252,-**
í Múrbúðinni

**kr. 181.679,-**
í Byko



Táknar lægsta verð

Byggt á verðkönnun sem gerð var af starfsmönnum Múrbúðarinnar 3. og 4. júní 2005. Leitast var við að velja vörur af sambærilegri gerð. Miðað var við merkt hilluverð.

*Innkaupakarfan er samsett úr öllum vörum á listanum í samanburðartöflunni, nema innimálningu 7% 10 lítra, sem ekki fékkst í Byko. Notast var við reiknað einingaverð þar sem um mismunandi pakkningastærðir var að ræða.




**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-17**

**Lægra verð á byggingavörum fyrir ALLA – ALLTAF!**

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Utanríkisþjónustan á að leiðrétta villandi umfjöllun um íslenskt efnahagslíf:

# *Skaðar íslenska hagsmuni*

**Hafliði Helgason**

Erlendar fjárfestingar íslenskra kaupsýslumanna hafa vakið athygli í þeim löndum þar sem þær hafa verið mestar. Menn furða sig nokkuð á fyrirferð þessarar litlu þjóðar, sem telur ekki fleiri en sem nemur íbúum eins hverfis í stórborg.

Fyrirferð og velgengni fylgir oft umræða sem markast af öfund og skilningsleysi. Slík umræða skýtur upp kollinum reglulega í erlendum blöðum og jafnvel meðal hagspekinga. Nýjustu dæmin eru frá Noregi og Bretlandi. Norskur hagfræðiprófessor taldi á dögunum að íslenskt bankakerfi væri í töluverðri hættu með að falla eins og spilaborg ef á móti blési. Ummælin vöktu athygli, en prófessorinn kaus að horfa framhjá því að íslenskir bankar lúta sams konar eftirliti, bæði innlendu og alþjóðlegu, og bankar á Norðurlöndunum. Þar er beitt nákvæmlega sömu mælikvörðum á áhættu og mat á fjárhagslegum styrk og við mat á bönkum alls staðar í heiminum. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið eru með fingur á púlsi bankanna og hafa sem betur fer látið í sér heyra hafi tilefni verið til. Íslenskir bankar eru með lánshæfismat frá alþjóðlegum matsfyrirtækjum sem fara reglulega yfir útlán, eignir og skuldir bankanna og meta styrk og lánshæfi bankanna í kjölfarið. Framhjá þessu horfir prófessorinn og setur fram fullyrðingar sem hæglega geta verulega skaðað viðskiptahagsmuni Íslendinga og gert þá tortryggilega í viðskiptum á Norðurlöndum.

**Ýmsir kunna að taka bakföll af hlátri yfir svo langsóttum skýringum á framrás íslensks viðskiptalífs. Hins vegar er ekki víst að menn hlæi lengi ef slíkar hugmyndir festa sig í sessi í vitund viðskiptaritstjóra breskra blaða.**

Þótt fyrirferð íslenskra kaupsýslumanna sé talsverð á Norðurlöndum hafa fjárfestingar Íslendinga í Bretlandi verið fyrirferðarmeiri. Þar gætir sömu tilhneigingar. Skýringar á kaupgetu íslenskra fyrirtækja eru sóttar yfir lækinn og látið að því liggja að hér norður í Atlantshafi sé efnahagskerfi sem hafi það meginhlutverk að þvo peninga fyrir rússnesku mafíuna. Ýmsir kunna að taka bakföll af hlátri yfir svo langsóttum skýringum á framrás íslensks viðskiptalífs. Hins vegar er ekki víst að menn hlæi lengi ef slíkar hugmyndir festa sig í sessi í vitund viðskiptaritstjóra breskra blaða.

Í viðskiptum svo sem víðast hvar í lífinu skiptast á skin og skúrir. Öruggt er að þegar á móti blæs munu menn dusta rykið af slíkum kenningum og beita þeim af fullum þunga gegn íslenskum hagsmunum. Íslenskt viðskiptalíf hefur hreiðrað um sig erlendis án atbeina utanríkisþjónustunnar og afskipta hins opinbera. Hins vegar ætti að sjást til viðbragða ráðherra og utanríkisþjónustu við þær kringumstæður að rakalaus umræða um eðli íslensks efnahagslífs fer á flug í útlöndum.

Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra skýrði ágætlega fyrir Dönum hvernig frelsi í fjármagnsflutningum, einkavæðing banka og öflugt lífeyrissjóðakerfi skýrðu það fjármagn sem íslenskir kaupsýslumenn hefðu yfir að ráða þegar hann var þar í heimsókn fyrr á þessu ári. Íslendingar njóta þeirrar gæfu umfram flestar þjóðir að eiga þúsund milljarða í sjóði sem lætur nærri að vera hærri upphæð á mann en er í olíusjóði Norðmanna. Þessi eign er meðal þess afls sem við búum yfir og þarf að skýra fyrir þjóðum sem eru sjálfar með lífeyrismál í ólestri og skilja ekki að heilbrigðar og eðlilegar skýringar eru á afli Íslendinga til kaupa á erlendum fyrirtækjum.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | thkjart@markadurinn.is




# Ósýnilegu orðin

AUGLÝSINGAR



**Viggó Örn Jónsson**
Meðeigandi auglýsingastofunnar Jónsson & Le'macks.

Öll þjónustufyrirtæki landsins vilja að neytendur viti að þjónustan sé góð. Því gerist það gjarnan að öll þjónustufyrirtæki landsins setja orðin „góð þjónusta“ stórt og áberandi í auglýsingar sínar. Neytendur sjá því orðin „góð þjónusta“ hjá öllum fyrirtækjum, algjörlega óháð því hvort þjónustan sé góð eða ekki.

Og þá gerist nokkuð merkilegt. Orðin „góð þjónusta“ missa merkingu sína í auglýsingum. Neytendur finna og sjá að hér er ekki verið að segja neitt sem skiptir þá máli. Við hættum því að sjá þessi orð. Þau fara inn um annað augað og út um hitt og verða ósýnileg.

Þau eru mörg ósýnilegu orðin. „Leiðandi“, „heildarlausn“, „þjónusta“, „þægindi“, „öryggi“ og „traust“ eru vinsælust en þau eru fleiri og þau eiga það öll sameiginlegt að vera almenns eðlis - víðar alhæfingar sem lofa engu ákveðnu. Hvað er „góð þjónusta“ nákvæmlega? Hvað er „öryggi“ eiginlega? Hvenær nær fyrirtæki því stigi að geta boðið viðskiptavinum sínum „HEILDARlausn“?

**BLA BLA BLA**

Fyrir nokkrum árum var varla hægt að finna það fyrirtæki á landinu sem var ekki „fyrir þig“ á einhvern hátt. Bílar, símar, tryggingar, bankar - allt var „fyrir þig“. Í óformlegri rannsókn gerðri af nokkrum auglýsingamönnum vorið 2003 fundust yfir 30 slagorð sem innihéldu þennan frasa. Þá voru ótaldar ótal auglýsingar sem notuðust við þessa klisju í einhverri mynd.

Og svo getum við blandað þessu saman. Við getum byrjað á „þjónusta fyrir þig“. Það hljómar kunnuglega en augljóslega er engin leið að muna hvaðan það kemur. „Örugg heildarlausn fyrir þig“ gæti verið frá eiginlega hvaða b2b fyrirtæki sem er og sennilega hafa flest mátað frasann a.m.k. einu sinni.

**LOÐIN SKILABOÐ**

Ósýnilegu orðin spretta upp þegar erfitt er að lofa ákveðnum mælanlegum hlutum. Þess vegna eru þau algengari í þjónustugeirum. Það eru engar ABS-bremsur eða loftpúðar í bönkum - það er bara „góð þjónusta“ sem erfitt er að festa hönd á. Síðan eru önnur fyrirtæki sem vilja ekki segja neitt ákveðið en samt auglýsa - þannig er það nú bara.

Þá eru það fyrirtækin sem líta á alla Íslendinga sem mögulega viðskiptavini (oft réttilega) en draga þá röngu ályktun að allar auglýsingar sínar þurfi að höfða til allra Íslendinga og eina leiðin til að tala við alla sé að senda út almenn og innihaldslítil skilaboð. Í þessum tilfellum fara auglýsingar fyrirtækja að minna á auglýsingar stjórnmálaflokka. Því er leitað í hið almenna og innihaldslausa og hvað gæti verið almennara og innihaldslausara en „fyrir þig“? Það er alveg ósýnilegt.

**SÝNILEGU ORÐIN**

Og hvað eigum við þá að gera? Hvernig getum við hrist af okkur ósýnilegu orðin ef strategía fyrirtækisins er „öryggi fyrir fjölskylduna“?

Tvennt þarf að gerast: Fyrst þarf auglýsingastofan að vinna vinnuna sína vel og segja það sem sagt hefur verið þúsund sinnum áður á nýjan, grípandi og eftirminnilegan hátt. Þetta tekst auglýsingastofunum stundum en alls ekki alltaf. Síðan þarf auglýsandinn að muna að til þess að einhver hlusti á þig þarftu að segja eitthvað sem fólk hefur ekki heyrt þúsund sinnum áður. Auglýsingagerð er í rauninni ekkert annað en listin að endurorða - að segja sama hlutinn með öðrum orðum og koma sömu tilfinningu til skila frá nýju sjónarhorni.

Dæmi? Einu sinni sat einhver flinkur auglýsingamaður við skrifborðið sitt og þurfti að gera auglýsingu fyrir tryggingafélag. Eins og svo oft áður hjá tryggingafélögum landsins voru skilaboðin: „Öryggi fyrir fjölskylduna“, en það eru enn í dag skilaboðin í óteljandi ósýnilegum auglýsingum í dagblöðum og sjónvarpi. Hann gerði þau hins vegar sýnileg með fimm orðum: „Þú tryggir ekki eftir á.“ You said it, brother.




UM VÍÐA VERÖLD

## *Vandi Evrópu leystur?*

**The Guardian** | Victor Keegan, dálkahöfundur The Guardian, þykist hafa leyst vanda evrópsku hagkerfanna. Hann segir vandann liggja í því að evrópskir neytendur haldi að sér höndum og því sé verkefni Evrópusambandsins að ýta undir neyslu. Hann leggur til að ráðist verði í víðtækar vaxtalækkanir. Með því megi auka eftirspurn og fá hjól atvinnulífsins til að snúast að nýju. Hann segir styrkleika Evrópu liggja í því að hagkerfið sé risastórt og að mestu sjálfbært. Aukist eftirspurn muni ríki Evrópu versla innbyrðis, öllum til góða. Vissulega sé hætta á að verðbólgu verði vart í kjölfar vaxtalækkunar og aukinnar eftirspurnar en það sé lítill fórnarkostnaður: „Að leggja niður evruna án þess að nýta kosti þess gríðarstóra hagkerfis sem hún átti þátt í að skapa væri hrein flónska. Lítil eftirspurn hamlar vexti, gefum fólki kost á að eyða meiru,“ segir Keegan.

## *Húsnæðisblaðran farin að bólgna*

**The Economist** | The Economist segir húsnæðisverð hafa hækkað upp úr öllu valdi um allan heim og spá því að innan skamms springi blaðran með miklum hvelli. Segja þeir hækkanirnar einsdæmi í sögunni, aldrei hafi verð hækkað jafn mikið, í jafn mörgum löndum, á sama tíma. Svo bólgin sé blaðran orðin að hvellurinn verði þeim mun hærri þegar hann loksins heyrist. Segjast þeir þó ekki treysta sér til að spá fyrir um nákvæmlega hvenær blaðran springi, en telja það þó ekki langt undan. Verðlækkana hafi orðið vart í Bretlandi og Ástralíu, Bandaríkin séu vart langt undan - innan árs segir blaðið. Yrði það í fyrsta skipti síðan í kreppunni miklu sem húsnæðisverð lækkar í Bandaríkjunum og segir í Economist að vegna þess að húsnæðiskaup séu oftar en ekki fjármögnuð með lánum sé hættan meiri en ella. Halda þeir því fram fullum fetum að með hruni fasteignamarkaða geti fylgt alheimskreppa.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalín, Eggert Þór Aðalsteinsson, Jón Skaftason, Þórlindur Kjartansson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Mismunandi sýn á olíuverð

Verð á hráolíu hefur náð sögulegu hámarki að undanförnu. Verð á olíu hefur hækkað um liðlega 40 prósent á árinu og verðið stefnir hraðbyri í 60 dollara tunnan af Brent-hráolíu. Greining Íslandsbanka fjallaði um olíuverðið í Morgunkorni sínu í gær: „Ástæðan er sögð takmarkað framboð á unnum olíuvörum, s.s. dísilolíu og olíu til húshitunar á sama tíma og að spurn eftir þeim hefur aukist. Framvirkir samningar á markaði benda til þess að markaðsaðilar álíti að olíuverð haldist hátt a.m.k. næstu mánuði. Lengri skuldabréf erlendis lækkuðu lítillega í verði en erlend hlutabréf hafa ekki orðið fyrir miklum áhrifum enda virðist sú neikvæða fylgni sem var á milli olíuverðs og hlutabréfaverðs á síðasta ári vera rofin. Hækkun olíu hefur haft lítil áhrif á innlendum verðbréfamarkaði en ljóst er að hún eykur kostnað fyrirtækja og verðbólguþrýsting. Seðlabankinn ætti þó að horfa framhjá verðbólgu sem hlýst af hækkun olíuverðs þar sem hún er utan áhrifasviðs bankans. Slík verðbólga leiðir þó til aukinnar spurnar eftir verðtryggðum bréfum með tilheyrandi þrýstingi til lækkunar ávöxtunarkröfu þeirra.

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Arabaríkin velta fyrir sér framleiðsluaukningu um þessar mundir en Sádi-Arabar segjast ekki finna kaupendur að meiri hráolíu enda séu birgðir nú nálægt sex ára hámarki. Birgðir af unnum olíuvörum eru hins vegar sögulega lágar á sama tíma og spurn eftir þeim hefur aukist um 6,5% á milli ára þrátt fyrir verðhækkun. Þetta er helsta orsök hækkunarinnar að undanförnu.

Tvö helstu fyrirtækin á sviði afleiðuviðskipta á olíu hafa mjög mismunandi sýn á framtíðina. Í mars gaf Goldman Sachs út skýrslu þar sem því var spáð að olíuverð næði vel yfir 100 dollara í náinni framtíð. Í lok síðustu viku kom síðan skýrsla frá Morgan Stanley þar sem því er spáð að verð á olíu geti lækkað skarpt þegar hægir á hagvexti í heiminum. Það er aðallega eftirspurn frá Kína sem talin er hafa úrslitaáhrif á það hvernig olíuverð þróast en Kínverjar voru með þriðjung af eftirspurnaraukningu síðasta árs,“ segir í Morgunkorni Íslandsbanka í gær.

**Birgðir af unnum olíuvörum eru hins vegar sögulega lágar á sama tíma og spurn eftir þeim hefur aukist um 6,5% á milli ára þrátt fyrir verðhækkun. Þetta er helsta orsök hækkunarinnar að undanförnu.**

SPÁKAUPMAÐURINN

# Olía á eld

Almennt séð á maður að láta fjárfestingar sínar stjórnast af því hvað maður telur líklegast að hækki út frá núverandi stöðu. Hitt er svo annað að einn drifkraftur hækkana á markaði og ein af orsökunum fyrir verðbólgum er sú einfalda staðreynd að maður getur ekki á sér heilum tekið ef nágranninn myndi slysast til að verða ríkari en maður sjálfur.

Mínir grannar eiga reyndar talsvert í land með að ná mér og þótt ekki beri mikið á milli í lífsstílnum er munurinn sá að ég á bílana mína og húsið. Þannig vita þeir ekki hvað ég á og halda að líf mitt sé á lánum eins og flestra hinna.

Þótt ég sé alla jafna afar jarðbundinn í fjárfestingum og hafi alltaf skoðað vel fyrirtæki sem ég fjárfesti í, auk þess að lesa í hvers sé að vænta á næstunni, hef ég fjárfest í fyrirtækjum vegna þess að kunningjar hafa keypt í þeim. Ég eins og fleiri keypti í Decode á sínum tíma vegna þess að nágrannar mínir og vinir höfðu keypt í fyrirtækinu. Ég komst reyndar inn á hagstæðara gengi en þeir í gegnum FBA enda ekki til neins að vera alvöru fjárfestir ef maður nýtur ekki stöku sinnum betri kjara en næsti maður. Ég hef hins vegar grætt alveg jafn lítið og allir aðrir á þeirri fjárfestingu.

Ég skildi hvorki haus né sporð á því hvernig þetta fyrirtæki ætlaði að græða alla þá milljarða sem gengið á gráamarkaðnum gaf til kynna, en ég gat bara ekki hugsað mér að sitja eftir ef draumar grannanna og vinanna skyldu nú rætast.

Ég lærði nokkuð af reynslunni og myndi ekki setja jafn mikla peninga í þetta í núna. Vandinn sem ég stend frammi fyrir núna er sá að ég á frænda í Færeyjum. Hann er dáldið drjúgur með sig og vanur að gera mikið úr því þegar vel gengur. Ég þoli hann ekkert sérstaklega vel, en get alveg umborið hann meðan ég veit í hjarta mínu að ég nýt miklu meiri velgengni en hann. Hann hefur fjárfest smá í færeyska olíuleitarfélaginu sem var nýlega skráð í Kauphöllina. Ég veit ekkert hverjar líkurnar eru á því að þeir finni olíu við Færeyjar og veit að fyrirtækið er áhættusamt. Ég gæti bara ekki lifað við það ef Rógvan frændi yrði ríkur á því að þeir fyndu olíu, en ég ekki. Það yrði eins og olía á eld afbrýðsemi.



Spákaupmaðurinn á horninu

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.
HANN ER GRIMMUR!
MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER
SKOTBÓMULYFTARI
Fjórhjóladrifinn
Fjórhjólastýrður
Lyftigeta: 3.400 KG
Lyftihæð: 6.050 MM
Gafflar: 1.200 MM
Vél: Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
LOAD SENSING!! Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager
MANITOU
PON
PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is

AURASÁLIN

## Stjórnmálin eru vannýtt auðlind

**Aurasálin** hitti gamlan félaga sinn í brúðkaupi síðasta fimmtudag (já - auðvitað var Aurasálinni boðið í brúðkaup aldarinnar). Þessi gamli félagi starfar nú sem ráðgjafi á alþjóðasviði fyrirtækjaráðgjafar í stórum íslenskum banka. Sérsvið hans er samþætting menningarlegra núningsflata í viðskiptaumhverfinu auk þess sem hann er sérfróður um Feng Shui.

**Þessi félagi** Aurasálarinnar vinnur semsagt sem túlkur og sér um að raða húsgögnum. En hann græðir vel á þessu og það mátti nú minna sjá í brúðkaupinu. Hann mætti ekki í hefðbundnum jakkafötum heldur í einhvers konar hörspennitreyju sem mun hafa kostað í kringum fimmtíu þúsund krónur. „Þetta fæst ekki á Íslandi," upplýsti vinur Aurasálarinnar stoltur en sagði að hann myndi henda spennitreyjunni um leið og hann sæi einhvern annan Íslending í þannig fötum. Þessi vinur Aurasálarinnar býr í Sæviðarsundi, þannig að hann þarf svo sem ekki að fara langt.

**En Aurasálin** hefur ekki áhuga á að vinna í banka. Hún telur að það séu til auðveldari leiðir til að græða peninga og á síðustu mánuðum hefur runnið upp fyrir henni ljós. Leiðin er augljós.

**Það tilkynnist** því hér með, á þessum vettvangi, í fyrsta sinn að í upphafi þessarar viku gekk Aurasálin sem leið lá í höfuðstöðvar Frjálslynda flokksins og skráði sig úr flokknum. Því næst heimsótti Aurasálin höfuðstöðvar Framsóknarflokksins og sótti um inngöngu. Í gær fékk Aurasálin svo bréf frá forsætisráðherra þjóðarinnar þar sem hún var boðin velkomin í flokkinn.

**Um leið** og bréfið var komið hringdi Aurasálin í Skinney - Þinganes og spurði hvað hún myndi eignast mikið í félaginu. Aurasálin er nú ekki frá því að það hafi komið fát á símastúlkuna en hún fann ekki Aurasálina á hluthafalistanum, en reyndar hefur þessi hluthafalisti verið eitthvað illa uppfærður upp á síðkastið þannig að þetta hefur ekki verið komið inn.

**Aurasálin** bindur miklar vonir við inngöngu sína í Framsóknarflokkinn. Nú þarf bara að velja starfsvettvang innan flokksins. Best líst Aurasálinni á starf forstjóra Fjármálaeftirlitsins sem er að losna. Aurasálin kann þá list að vera hörð þegar það á við en sjá í gegnum fingur sér með smávægileg mál sem snerta mikilvæga hagsmuni Framsóknarflokksins. Þessi gaur sem er að hætta núna hefur verið alltof hlutlaus í pólitíkinni að mati Aurasálarinnar. Fjármálaeftirlitið er algjörlega vannýtt auðlind bæði fyrir Aurasálina og Framsóknarflokkinn.

# Framleiðir allt úr plasti

**Líklegt er að hver Íslendingur handleiki vörur Plastprents á degi hverjum. Skiptir þá engu hvort við erum að handleika innkaupapoka, pylsusinnep eða ná í föt í fatahreinsun. Sigurður B. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Plastprents, segir Björgvin Guðmundssyni frá rekstri fyrirtækisins.**




**SIGURÐUR BRAGI GUÐMUNDSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI PLASTPRENTS** Sigurður segir að hann hafi lært eitt mjög mikilvægt í rallinu. „Þér hefnist fyrir ef þú klúðrar beygju og þá verður þú að gleyma því strax því annars klúðrar þú næstu beygju. Þessa speki er hægt að yfirfæra á lífið almennt."

„Þegar ég var þrettán ára gamall ákvað ég að fermast ekki, enda alltaf verið trúlaus og séð ofsjónum yfir þeim mörg þúsund milljónum sem við setjum í rekstur þjóðkirkjunnar á hverju ári. Pabbi kemur til mín að fyrra bragði áður en ég þori að tjá honum ákvörðun mína og spyr hvort ég vilji ekki fermast með bróður mínum, Gunnari Karli Guðmundssyni, ári síðar. Eins og gerist og gengur hjá unglingum er ég tilbúinn til þess en spyr hvað ég fái í staðinn. Úr verður að ég fæ mótorhjól sem var framleitt í Riga í Lettlandi. Ég fór strax á landakortið og fylgdist síðan alla tíð með Riga. Þegar Plastprent hugði að fjárfestingum í löndum sem tilheyrðu áður Austurblokkinni kom ekkert annað til greina en Riga. Þetta var mjög óvísindaleg ákvörðun," segir Sigurður B. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Plastprents, þegar hann útskýrir hvernig það kom til að fyrirtækið hóf framleiðslu í Lettlandi árið 2003.

Við sitjum að snæðingi á Þremur frökkum hjá Úlfari Eysteinssyni matreiðslumeistara. „Ég fæ mikið af útlendingum í heimsókn hingað til lands. Ef ég vil virkilega heilla þá fer ég með þá hingað. Ég er búinn að fara með þá marga hingað og reyndar á aðra góða veitingastaði á Íslandi. Þegar þeir koma aftur er þessi staður þeirra fyrsta val," segir Sigurður.

**Sigurður Bragi Guðmundsson**
Fæðingardagur: 3. febrúar 1958
Maki: Irina Kiry, læknir
Börn: Þrjú; 9 ára, 4 ára og tæplega fimm mánaða

### RALLKAPPI Í YFIR 20 ÁR

Hann er óvenjulegur forstjóri að því leyti að hann hefur keppt í rallakstri í yfir tuttugu ár, sem hann segir kannski ekkert svo skrítið fyrir mann í hans stöðu. Það þekkist víða erlendis að yfirmenn fyrirtækja og eigendur dreifi huganum við hraðakstur. Þótt örlögin hafi leikið hann grátt í bílabransanum undanfarin ár stefnir hann á sigur í mótaröðinni í sumar með aðstoðarökumanni sínum, Ísak Guðjónssyni, sem Sigurður segir sína stoð og styttu í þessu umstangi. Hafa þeir í sameiningu verið meðal fremstu ökuþóra á Íslandi í mörg ár.

„Rallið heldur mér ungum," útskýrir Sigurður, sem er 47 ára gamall og var að eignast sitt þriðja barn í janúar með konu sinni. Þetta gefi honum gríðarlega mikið og miklu meira en að fljúga, en hann er einnig með einkaflugmannspróf. „Maður verður ekki gamall á því að gera það sem gamla fólkið gerir. Maður verður gamall þegar maður hættir að gera það sem unga fólkið gerir."

Sigurður nýtir líka reynslu sína úr rallinu í daglegu lífi. „Þú lærir að taka ákvarðanir undir gífurlegri pressu. Þú lærir að sýna ærðuleysi. Þú lærir eitt sem er mjög mikilvægt; þér hefnist fyrir ef þú klúðrar beygju og þá verður þú að gleyma því strax því annars klúðrar þú næstu beygju. Þessa speki er hægt að yfirfæra á lífið almennt."

Það má kannski segja að Sigurður hafi ekki klúðrað mörgum beygjum eftir að hann kom heim úr verkfræðinámi árið 1984. Í það minnsta hefur hann lært af mistökunum, ef einhver eru. Strax eftir nám réð hann sig sem framleiðslustjóra í Plastprenti. Árið 1988 tók hann við stöðu framkvæmdastjóra Sigurplasts hf. Rúmum tíu árum síðar var hann beðinn að koma aftur til Plastprents og þá sem framkvæmdastjóri. Gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra í báðum þessum fyrirtækjum þangað til þau voru sameinuð.

### VAXANDI FYRIRTÆKI

Sigurður segir Plastprent hafa vaxið mikið síðustu ár. Árið 1996 var félagið skráð sem almenningshlutafélag á Verðbréfaþingi, eins og það hét þá. Það var síðan tekið af markaði árið 2003 og hefur eignarhald nokkuð þjappast saman síðan. Sigurður segir aðspurður að félög tengd Pálma Haraldssyni í Feng eigi nú um helmingshlut í fyrirtækinu. Einnig eigi prentsmiðjan Oddi milli 18 og 20 prósent en sjálfur á hann um tíu prósent. Hann segir Pálma hafa tengst félaginu í langan tíma.

Þegar Sigurður kemur til starfa aftur hjá Plastpenti er veltan um milljarður króna og um 150 manns starfa hjá fyrirtækinu. Helstu samkeppnisaðilarnir á þeim tíma voru tveir; Ako-Plastos á Akureyri og Reykjalundur í Mosfellsbæ. Í lok árs 2000 kaupir Plastprent Ako-Plastos og 2002 Reykjalund. Ári síðar hefst útrásin til Riga í Lettlandi þar sem framleiðslufyrirtækið Unifleks er keypt, sem var í sambærilegum rekstri og Plastprent. Í nóvember á síðasta ári bættist svo annað fyrirtæki, Gerove í Litháen, í Plastprentsfjölskylduna.

„Hjá okkur starfa nú um fimm hundruð manns í þremur löndum og við veltum um 2,5 milljörðum króna á þessu ári. Þetta eru gífurlegar breytingar og auðvitað taka þær í," segir Sigurður. Plastprent hafi staðið uppi með mikið af aukavélum eftir ýmsar sameiningar árin á undan, sem voru vannýttar. Plastprent hafi keypt fyrirtækin ytra með skuldsettri yfirtöku og látið þau kaupa vélarnar frá Íslandi. „Á meðan það gengur að láta fyrirtækin borga upp lánið getum við ekki kvartað. Þessi rekstur þolir samt ekki mikið tap."

Sjálfur er hann mikið á ferðinni á milli landanna en sér fyrir sér mögulegar breytingar á því. Hann sé stjórnarformaður fyrirtækjanna ytra ásamt því að vera framkvæmdastjóri móðurfélagsins heima á Íslandi. Þegar hann dvelji lengi ytra þurfi hann að reiða sig á gott fólk heima. Þetta sé mikið starf sem ef til vill þurfi að skipta upp þó ekkert hafi verið ákveðið í þeim efnum.

### SAMKEPPNIN VIRK

Hann þverneitar því aðspurður að Plastprent hafi yfirburðastöðu á íslenskum markaði. Þótt fyrirtækið sé stórt og meðal fimm prósent þeirra fullkomnustu á sínu sviði í heiminum séu aðgangstakmarkanir að markaðnum og innflutningshindranir hingað til lands engar. Það starfi því undir aga markaðarins. Plastprent sé vissulega með stóra markaðshlutdeild en ávallt séu smærri aðilar með ákveðið framboð af vörum.

Sigurður er í stjórn Samtaka iðnaðarins og eins og fleiri í þeim samtökum er hann afar óhress með það hvernig efnahagsmálum er stjórnað, sérstaklega í ljósi þróunar á gengi krónunnar. Vegna framkvæmda við stóriðju á landinu hækki gengi krónunnar og fjölmörg störf í iðnaði, jafnvel heilu fyrirtækin, flytjist til útlanda. Þau þoli ekki þetta ástand til langs tíma. Hann biður menn að spyrja sig hvort það sé þess virði að skapa þessi störf í álveri ef fleiri störf flytjist út.

**„Hjá okkur starfa nú um fimm hundruð manns í þremur löndum og við veltum um 2,5 milljörðum króna á þessu ári."**

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Sigurður B. Guðmundssyni*
*framkvæmdastjóra Plastprents*

*Hádegisverður fyrir tvo á Þremur frökkum*

*Súpa dagsins*
*Grillsteiktur steinbítur á rjómapiparsósu*
*Heilsteikt rauðsprettuflök með rækjum „Gratin"*

Drykkir:
*Vatn, kaffi*

Verð: kr. 3.740




Humarhúsið

HUMARHÚSIÐ RESTAURANT

*Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is*

# Wolfowitz hrósar leiðtogum

## Yfirmaður Alþjóðabankans er enn á ferð um Afríku og hefur fengið hlýjar móttökur.

Paul Wolfowitz, yfirmaður Alþjóðabankans, hefur hrósað nýrri kynslóð afrískra leiðtoga og segir þá hafa náð miklum árangri í baráttunni gegn spillingu.



**WOLFOWITZ Á MARKAÐNUM** Hér sést yfirmaður Alþjóðabankans kaupa mangóávöxt af sölukonu. Wolfowitz hefur heillað marga með framkomu sinni í Afríku.

Wolfowitz hrósaði sérstaklega Thabo Mbeki, forseta Suður-Afríku, en hann rak á dögunum ráðgjafa sinn til margra ára eftir að sá var sakaður um spillt vinnubrögð.

Wolfowitz, sem staddur er í Afríku, viðurkenndi jafnframt að rót margra þeirra vandamála sem Afríka hefur þurft að glíma við sé að finna á Vesturlöndum: „Vesturlönd ættu að læra af þeim mistökum sem gerð hafa verið og forðast endurtekningu þeirra,“ sagði hann og bætti við: „Þetta snýst ekki bara um styrki og þróunarhjálp. Verkefni okkar er að minnka styrki til landbúnaðarmála, fella niður viðskiptahindranir og berjast gegn spillingu“.

Wolfowitz hefur undanfarið ferðast um Afríku og hefur hvarvetna verið vel tekið. Þykir heimsóknin hafa gengið framar vonum. -jsk

# Gates til Víetnam

## Forsætisráðherra Víetnam heimsótti á dögunum höfuðstöðvar Microsoft.

Forsætisráðherra Víetnam, Phan Van Khai, gekk á dögunum á fund Bills Gates, stjórnarformanns bandaríska tölvurisans Microsoft. Var fundurinn liður í fyrstu opinberu heimsókn víetnamsks leiðtoga til Bandaríkjanna síðan Víetnamstríðinu lauk fyrir þrjátíu árum.

Forsætisráðherrann hitti Gates í höfuðstöðvum Microsoft í Redmond í Washington-ríki og var leiddur í allan sannleika um starfsemina af Gates sjálfum. Við lok heimsóknarinnar var tilkynnt um samkomulag milli Víetnam og Microsoft. Felur það í sér að Microsoft muni hjálpa til við tölvukennslu í Víetnam og taka þátt í að mennta um 50 þúsund kennara.

Khai gat ekki leynt gleði sinni er samningar lágu fyrir og sagði með hjálp túlks: „Þakka þér kærlega fyrir, herra Gates. Með þinni hjálp mun land mitt ná áður óþekktum hæðum í tölvu- og tæknimálum“.

Að fundi loknum bauð Khai forsætisráðherra Gates að heimsækja Víetnam, en Microsoft rekur tvö útibú í landinu. - jsk



**PHAN VAN KHAI OG BILL GATES** Forsætisráðherra Víetnam og stjórnarformanni Microsoft er greinilega vel til vina.



**ABDUL KALAM, FORSETI INDLANDS** Það er engin furða að dr. Abdul Kalam brosi breitt, enda er indverska hagkerfið í örum vexti.

# Indverjar í góðum málum

Indverska hagkerfið mun næsta árið vaxa um sjö prósent, segir í skýrslu Samtaka indverskra iðnrekenda. Mikill vöxtur hefur verið í iðnaðar- og þjónustugeirum í landinu, auk þess sem útflutningur hefur aukist og útlitið í landbúnaðarmálum er bjart.

Aðeins kínverska hagkerfið vex hraðar en það indverska.

Í skýrslunni segir að vöxtur yrði meiri ef ekki væri fyrir hátt heimsmarkaðsverð olíu og háa vexti í Bandaríkjunum. - sk



**BERNIE ECCLESTONE GENGUR Á FUND FRÉTTAMANNA EFTIR INDIANAPOLIS-KAPPAKSTURINN** Ecclestone er sagður harðstjóri og sakaður um að einoka tekjur af Formúlunni. Níu af tíu liðum hóta að hætta þátttöku og stofna eigin keppni.

# Formúlan logar

## Allt logar í illdeilum innan Formúlu 1 kappakstursins. Liðin segja tekjum misskipt og Ferrari fái sérmeðferð. Nú er svo komið að níu liðanna af tíu hafa hótað að segja sig úr Formúlunni og setja á laggirnar eigin keppni.

Allt er í háalofti í Formúla 1 kappakstrinum. Smærri lið segja tekjum misskipt og Ferrari-liðið fái sérmeðferð. Núna síðast hófu aðeins sex bílar af tuttugu Indianapolis-kappaksturinn eftir deilu um dekk.

Dekkjaframleiðandinn Michelin sagði dekk sín ekki hæfa brautinni í Indianapolis og að öryggi ökumanna væri stefnt í hættu. Skipuleggjendur neituðu hins vegar að lagfæra brautina og drógu þá þau lið sem nota Michelin sig úr keppni, alls sjö af tíu liðum.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ímynd Formúlunnar bíður skaða og má með sanni segja að allt logi í illdeilum. Skiptast fylkingar í tvo hópa. Annars vegar hóp forseta akstursambandsins, Max Mosley. Með honum í liði eru Bernie Ecclestone, sem oft er nefndur valdamesti maður innan Formúlunnar, auk Ferrari sem er stærsta liðið.

Gegn þessum valdamikla hópi standa svo hin liðin níu, meðal annars BMW og Mercedes, og nú er svo komið að þau hafa hótað að segja sig úr Formúlunni og stofna eigin keppni.

Liðin níu ásaka Ecclestone og félaga um að einoka tekjur af Formúlunni en á síðasta ári námu auglýsingatekjur Formúlunnar um 50 milljörðum króna. Af því fá liðin níu einungis 23 prósent. Sagt er að Ecclestone hafi persónulega grætt 200 milljarða á afskiptum sínum af Formúlunni, en hann hefur stýrt keppninni í tæp þrjátíu ár.

Eigandi Minardi-liðsins, Paul Stoddart, var ekki í neinum vafa um hverjir bæru ábyrgð á ástandinu: „Ecclestone og Mosley eru harðstjórar og ættu að hætta afskiptum af Formúlu 1.“ -jsk


**Forstjóri Fjármálaeftirlitsins**

**Starf forstjóra Fjármálaeftirlitsins er laust til umsóknar.**

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð ríkisstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur, og að öðru leyti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is*

**Hæfniskröfur:**
Samkvæmt ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skal forstjóri hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**. Númer starfs er **4608**.
Umsóknir má einnig senda til Ara Eyberg hjá Hagvangi, Skógarhlíð 12 , 105 Reykjavík.

Forstjóri FME er ráðinn af stjórn stofnunarinnar.

Umsóknarfrestur er til 4. júlí nk.

Upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg hjá Hagvangi, netfang: ari@hagvangur.is og Stefán Svavarsson, formaður stjórnar FME, netfang: stefansv@ru.is

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2005

HAGVANGUR - við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • Fax 520 4701
www.hagvangur.is


Fréttablaðið/Stefán

**FAGNAÐ MEÐ STARFSMÖNNUM ATHYGLI** Árni Þórður Jónsson, ráðgjafi hjá Athygli, Anna Guðný Aradóttir, markaðsstjóri Samskipa, Hulda Kristín Magnúsdóttir, aðstoðarmaður stjórnarformanns Samskipa, Guðmundur Hjaltason, forstjóri Kers hf. og Kristján G. Hauksson, forstjóri Heklu hf.

# Athygli í nýtt húsnæði

## Sérhæfa sig í að skapa fyrirtækjum jákvæða ímynd og koma henni á framfæri.

Athygli ehf. hefur flutt starfsemi sína í nýinnréttað húsnæði að Síðumúla 1 í Reykjavík en þar starfa tíu manns að ráðgjöf í almannatengslum og útgáfu. Að auki er fyrirtækið með starfsstöð að Hafnarstræti 82 á Akureyri en þar eru tveir starfsmenn.

Að sögn Valþórs Hlöðverssonar, framkvæmdastjóra Athygli, var fyrirtækið stofnað vorið 1989 og hélt því upp á 16 ára starfsafmæli fyrir skömmu. „Við störfum fyrst og fremst á fyrirtækjamarkaði en meðal viðskiptavina okkar eru mörg af stærstu fyrirtækjum landsins. Þá starfa ráðgjafar Athygli einnig í þágu ríkisstofnana og ráðuneyta, sveitarfélaga og félagasamtaka. Sérsvið okkar er að skapa viðskiptavinunum jákvæða ímynd og koma henni á framfæri með ýmsum hætti, meðal annars í fjölmiðlum. Við teljum að með öflugu starfi í almannatengslum megi tryggja fyrirtækjum og samtökum stað í huga almennings og sterka stöðu í viðskipta- og athafnalífi.“ -dh




**STINGA SAMAN NEFJUM** Katrín Júlíusdóttir alþingismaður og Gunnar E. Kvaran, ráðgjafi hjá Athygli.



**GLAÐIR MEÐ NÝTT HÚSNÆÐI** Gunnar E. Kvaran, ráðgjafi hjá Athygli og Helgi Már Arthursson, upplýsingafulltrúi í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

# Tíu milljónir í tónlist

## Úthlutað var úr Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur.

Í síðustu viku var 61 milljón króna úthlutað úr Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur. Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans og formaður sjóðstjórnar, afhenti styrkina til 178 verkefna. Alls bárust 540 umsóknir.

Styrkirnir skiptust þannig: 39 aðilar, sem tengjast verkefnum sem flokkast undir menningu, leiklist og sjónlist, fengu tæpar tuttugu milljónir. 29 aðilar í tónlist fengu samtals tæpar tíu milljónir. Tæpum þrettán milljónum var varið til heilbrigðismála, forvarna og mannræktar, um sex milljónum króna til íþrótta og menntamála og 13,5 milljónir fóru í námsstyrki til 63 einstaklinga.

Í fréttatilkynningu segir að markmiðið með Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur sé að auka almannaheill og bæta mannlíf á Íslandi með öflugra menningar-, lista- og íþróttalífi. Samkvæmt stofnskrá sé úthlutað úr sjóðnum tvisvar á ári. Næst verði auglýst eftir umsóknum í október á þessu ári.



**ÞÓRA HALLGRÍMSSON OG BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Foreldrar Margrétar Björgólfsdóttur heitinnar.


Fréttablaðið/Teitur

**ÁNÆGÐIR MEÐ STARTIÐ** Derek Lovelock, forstjóri Mosaic Fashion og Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands voru ánægðir með hvernig viðskipti með Mosaic fóru af stað í Kauphöllinni í gærmorgun á fyrsta viðskiptadegi. Útboð félagsins heppnaðist vel og umframeftirspurn var töluverð. Einhverjir vildu bæta við eign sína í félaginu við upphaf viðskipta. Bréfin hækkuðu og fjörug viðskipti hófust með nýjasta félagið í Kauphöllinni.

Kynningarverð til áramóta 12.999 kr.
NÝTT!
Umboðsaðili:
Rafport
Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is
Umboðsmenn um land allt



Fljótvirkasti miðaprentarinn
- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappír og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd
- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*Staðlaðir póstfangamiðar
brother At your side. QL-550
Augl. Þórhildar 1390.39



Fréttablaðið Heiða

**FÖGNUÐU OPNUN HÓTELSINS** Gréta Björg Blængsdóttir, sölustjóri Radisson, Nína Thomassen hótelstjóri, Andri Már Ingólfsson, eigandi Heimshótela, Valgerður Franklínsdóttir og Laufey Kristjánsdóttir.

# Eimskipshúsið orðið að hóteli

Veitingastaðurinn Salt verður á jarðhæðinni.



**LEIST VEL Á NÝJA HÓTELIÐ** Kolbrún Bergþórsdóttir blaðamaður skoðaði sig um í góðum félagsskap.



**ÞRAUTREYNDIR FJÖLMIÐLAMENN** Kári Jónasson, ritstjóri Fréttablaðsins, ásamt Jóni Ársæli Þórðarsyni sjónvarpsmanni og Ásgeiri Friðgeirssyni fjölmiðlatengill Samson hópsins.

Radisson SAS 1919 Hótel opnaði með pompi og pragt í síðustu viku. Hótelið er 70 herbergja, fjögurra stjörnu lúxushótel í miðbæ Reykjavíkur.

Nafn hótelsins, 1919 Hótel, er dregið af árinu sem bygging hússins hófst. Andri Már Ingólfsson og fyrirtæki hans Heimshótel ehf. keypti á síðasta ári hið sögufræga hús við Pósthússtræti, sem í rúm 80 ár hýsti höfuðstöðvar Eimskipafélags Íslands. Ennfremur voru fest kaup á samliggjandi byggingu við Tryggvagötu 28.

Rekstur hótelsins verður í höndum Radisson SAS hótelkeðjunnar. Húsið verður áfram í eigu Heimshótela, sem einnig hafa borið hitann og þungann af breytingum þess. Samhliða opnun hótelsins tekur til starfa veitingastaður á jarðhæð þess, sem ber nafnið Salt. Yfirmatreiðslumaður er Ragnar Ómarsson, landsliðsmaður í matreiðslu.z **- dh**



**LYFTU GLÖSUM AF TILEFNI OPNUNARINNAR** Birgir Ísleifur Gunnarsson, seðlabankastjóri, og Erlendur Hjaltason, forstjóri Meiðs.



SIRKUS

MATSÖLUSTAÐUR

Grill og pizzur, velta á uppleið, núna í 4,5 milljónum á mánuði, góð framlegð.

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík
533 4300
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is
SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

VIDEOLEIGA OG GRILL

Góð staðsetning í góðu hverfi, skóli við hliðina á staðnum, velta 4-5 milljónir á mánuði, thyglisverður staður sem vert er að skoða

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík
533 4300
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is
SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

HVERFISVERSLUN

Hverfisverslun sem selur alla venjulega dagvöru og er að auki með videoleigu.

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík
533 4300
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is
SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

KAUPENDUR FYRIRTÆKJA ATHUGIÐ

ERUM MEÐ FJÖLDA FYRIRTÆKJA Á SKRÁ, KÍKIÐ Í HEIMSÓKN OG VIÐ FÖRUM YFIR MÁLIN MEÐ ÞÉR

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík
533 4300
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is
**Ómar Bendtsen** er nýr söluráðgjafi hér á Eignalistanum. Við viljum bjóða hann velkominn til starfa í góðan hóp starfsfólks Eignalistans

## SJÓNARHORN



Óþekktur listamaður við Þingvallavatn málar Sandey á striga./Ljósmynd: Pjetur

## SVIPMYND

### Istanbúl

ÍBÚAFJÖLDI: 9.413.000
MEÐALHITI Í JANÚAR: 0° Celcíus
MEÐALHITI Í JÚLÍ: 23° Celcíus
TUNGUMÁL: Tyrkneska
FRAMLEIÐSLA: Textíll, gler, skór, mótorhjól, skip og steypa



MYND GETTY

Istanbúl er stærsta borgin í Tyrklandi og staðsett bæði í Asíu og Evrópu, en telst almennt evrópsk. Um árið 100 f. kr. varð hún hluti af rómverska keisaraveldinu og norrænir menn kölluðu hana Miklagarð, en Konstantín keisari Bísantín gerði hana að höfuðborg árið 306 e.kr. og upp frá því var hún þekkt sem Konstantínópel. Um mitt árið 400 unnu barbarar sigur á rómverska keisaraveldinu til vesturs á meðan rómverska keisaraveldið til austurs hélt borginni sem höfuðborg sinni. Árið 532 skemmdist borgin talsvert við óeirðir stjórnarandstæðinga. Hún var endurbyggð og byggingar eins og Hagia Sofia standa enn í dag sem minnismerki um glæsta tíma. Þegar lýðveldið Tyrkland var stofnað árið 1923 var Ankara gerð að höfuðborg.


KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND EHF.



Sturtuklefar
Hreinlætistæki
Flísar frá 990.- m2
HÚSHEIMAR
Lækjargötu 34c • 220 Hafnarfirði • S:553 4488

Í t ö l s k g æ ð a v a r a



Frístandandi heilir
STURTU
tab KLEFAR
TILBOÐSVERÐ
52.900 - stgr.
Stærð: 80x80
Hert öryggisgler
Segullæsing
Blöndunartæki
Sturtusett
Botn+vatnslás
KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ Á NETINU
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
OPIÐ: Virka daga frá kl. 09-18 Laugardaga kl. 10 - 14
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332

RUGL VERÐ

ÚTSALA
50-80% afsláttur
og nú 50% auka-afsláttur

EKKI MISSA AF ÞESSARI

| | |
|---|---|
| STRIGASKÓR | 990 |
| STUTTERMA-BOLIR | 500 |
| TOPPAR | 500 |
| SANDALAR | 500 |
| GALLABUXUR | 1.990 |
| HETTUPEYSUR | 1.990 |
| SOKKABUXUR | 390 |
| DRAGTIR | 5.990 |
| SKYRTUR | 990 |
| BINDI | 990 |




galleri sautjan - smash - retro - gs skór - sautján jeans - deres - focus - eva - centrum - kultur - companys

merki fyrir minna
s. 533 1710
www.ntc.is
OUTLET 10
FAXAFENI 10
opið
virka daga 11-18
laugardaga 11-16

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4,051 **+0,29%** **Fjöldi viðskipta:** 290 **Velta:** 1.736 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | +2,30% | **Flaga Group** | -5,44% |
| **Bakkavör** | +1,90% | **FL Group** | -1,90% |
| **Vinnslustöðin** | +1,28% | **Austurbakki** | -0,96% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 39,30 -0,50% ... Atorka 5,90 - ... Bakkavör 37,60 +1,90% ... Burðarás 14,80 - ... FL Group 15,50 -1,90% ... Flaga 4,00 -5,40% ... Íslandsbanki 13,25 - ... KB banki 524 +0,40% ... Kögun 60,00 - ... Landsbankinn 16,60 +0,60% ... Marel 57,70 +2,30% ... Og fjarskipti 3,92 - ... Samherji 12,10 - ... Straumur 12,10 - ... Össur 81,00 +1,30%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Mosaic Fashions:

## Hækkar frá útboðsgengi

Mosaic Fashions, tískuverslanakeðjan sem rekur meðal annars Karen Millen og Oasis, hækkaði um sjö prósent á sínum fyrsta viðskiptadegi í Kauphöllinni. Útboðsgengi til fjárfesta var 13,6 krónur á hlut en lokagengi gærdagsins var 14,4. Innan dagsins fór gengið hæst í 14,85. Alls voru viðskipti með hlutabréf Mosaic fyrir 270 milljónir króna.

Hlutafé Mosaic er um 2,9 milljarðar og því er markaðsvirði félagsins um 42 milljarðar króna. Fyrirtækið er níunda verðmætasta Kauphallarfélagið.

- þk

**TÍU VERÐMÆTUSTU FÉLÖGIN Í KAUPHÖLL ÍSLANDS ***

| | | |
|---|---|---|
| 1. | KB banki | 346 |
| 2. | Íslandsbanki | 174 |
| 3. | Landsbankinn | 147 |
| 4. | Actavis Group | 131 |
| 5. | Burðarás | 82 |
| 6. | Straumur fjárfestingarbanki | 74 |
| 7. | Landssími Íslands | 68 |
| 8. | Bakkavör Group | 61 |
| 9. | Mosaic Fashions | 42 |
| 10. | FL Group | 39 |

*** Í milljörðum króna**


FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**TÍSKA OG HLUTABRÉF** Viðskipti með bréf í tískuverslunarkeðjunni Mosaic Fashions hófust í gær. Hlutabréf í fyrirtækinu hækkuðu um tæp sjö prósent frá útboðsgenginu.

## Reisa Sultartangalínu

### Milli 120 og 130 manns munu vinna við að reisa Sultartangalínu.

Í lok júní kemur flokkur manna til landsins á vegum verktaka frá Króatíu og Slóvakíu til að reisa möstur sem munu halda Sultartangalínu 3 uppi. Línan er reist í tengslum við stækkun Norðuráls og mun flytja orku til stóriðjunnar. Verða möstrin samtals 345 og lengd línunnar um 119 kílómetrar. Þegar mest verður að gera er áætlað að um 120 manns muni vinna við verkefnið.

„Byrjað verður annars vegar við Sultartanga og hins vegar við Hvítá. Þeir munu vinna sig frá Sultartanga í vestur og frá Hvítá í austur,“ segir Þorgeir J. Andrésson hjá Landsneti, sem stendur fyrir framkvæmdinni. Núna eru jarðvinnuverktakar í slóðagerð og undirstöðugerð, sem verður lokið í júlí. Verktakarnir frá Króatíu og samstarfsmenn þeirra frá Slóvakíu sjá um að setja möstrin saman, reisa þau, strengja vírana og ganga frá þeim.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segist ekki eiga von á öðru en farið verði eftir íslenskum kjarasamningum við þessa vinnu. Endurskoðendafyrirtæki muni sjá um allar greiðslur og búið sé að fullvissa hann um að staðið verði við allar skyldur sem hvíli á fyrirtækjum hér á landi.

- bg



**SULTARTANGALÍNA** Sultartangalína 3 mun liggja frá tengivirki Landsnets á Sandafelli við Sultartangastöð að tengivirki Landsnets á Brennimel á Hvalfjarðarströnd. Línan verður byggð sem 420 kV háspennulína.

## Umboð fyrir Potain-byggingakrana

### Fyrirtækið hefur selt yfir 100 þúsund krana.

Formaco ehf. hefur formlega tekið við umboði fyrir Potain-byggingakrana. Potain er með aðsetur í Frakklandi og er í eigu bandaríska fyrirtækisins Maintowoc.

Potain var stofnað árið 1928 í La Clayette í Frakklandi. Potain hefur selt yfir 100.000 krana um allan heim. Fyrirtækið á 10 verksmiðjur, 12 útibú og 150 söluaðila.

Í fréttatilkynningu segir að frá upphafi hafi Potain haft það markmið að vera leiðandi fyrirtæki í tækni á sviði byggingakrana, og að margar af helstu tækninýjungum eigi rót sína að rekja til Potain.

-dh



**SKRIFAÐ UNDIR** Ragnar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Formaco, og Xavier Bedini, sölustjóri Potain.




Nýju sláttutraktorarnir frá Kubota eru komnir

Atvinnumenn, garðeigendur, verktakar, bæjarfélög og sumarbústaðaeigendur:

Nýja KUBOTA GR-línan er fyrir þá sem gera kröfur.

Nánari upplýsingar veita sölumenn.

ÞÓR HF REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÞÓR HF | Ármúla 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

actavis hagur í heilsu

**Actavis Group hf.**

**Hlutafjárútboð til forgangsréttarhafa**

**Áskriftartímabil 15. til 23. júní 2005**

Áskriftartímabili lýkur kl. 16.00 á morgun.

**Tilgangur útboðs**

Hinn 20. maí 2005 undirritaði Actavis Group hf. (Actavis) samning um kaup á bandaríska fyrirtækinu Amide Holdings Inc. (Amide) sem er eignarhaldsfélag um samheitalyfjafyrirtækið Amide Pharmaceuticals Inc. Tilgangur útboðsins er að fjármagna hluta af kaupverðinu.

**Fjárhæð útboðs**

Stjórn Actavis Group hf. hefur samþykkt að auka hlutafé skv. heimild aðalfundar félagsins 31. mars 2005 um 344.864.993 hluti sem seldir verða forgangsréttarhöfum. Ákvörðun var einnig tekin um sölu á 198.613.449 eigin hlutum. Samtals verða því boðnir 543.478.442 eigin hlutir og nýir hlutir.

**Fyrirkomulag og skilmálar sölu**

Verð í útboðinu er 38,5 krónur á hlut.

Hluthafar geta skráð áskrift sína á vefsíðu Íslandsbanka, www.isb.is frá kl. 10.00 15. júní 2005 til kl. 16.00 23. júní 2005.

Þeir hluthafar sem ekki hafa aðgang að netinu eða lenda í vandræðum með skráningu, geta hringt í Verðbréfavakt Íslandsbanka í síma 440 4920 milli kl. 9.00 og 17.00 virka daga á áskriftartímabilinu. Hluthafar geta einnig leitað aðstoðar í útibúum Íslandsbanka hf. á meðan áskriftartímabil stendur yfir. Þeir sem hringja inn til að skrá áskrift sína fá senda staðfestingu á áskrift með tölvupósti eða pósti, hvort sem þeir velja. Ekki verður tekið við áskriftum með öðrum hætti en hér hefur verið lýst.

Niðurstaða útboðsins verður birt opinberlega á vefsíðu Kauphallar Íslands hf., http://news.icex.is, fyrir kl. 10.00 24. júní 2005. Hluthafar geta, frá og með 25. júní 2005, nálgast upplýsingar um úthlutun í útboðinu inni á sömu vefsíðu og skráning fer fram.

**Útboðs- og skráningarlýsing**

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og skilmála útboðsins má finna í tilkynningum Actavis til Kauphallar Íslands, http://news.icex.is, og í útboðs- og skráningarlýsingu. Útboðs- og skráningarlýsingu má nálgast hjá útgefanda og umsjónaraðila og á vefsíðum þeirra:

Actavis Group hf., Reykjavíkurvegi 76-78, 220 Hafnarfirði, sími 535 2300, www.actavis.is, www.actavis.com.

Íslandsbanki hf., Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími 440 4000, www.isb.is, actavisutbod2005@isb.is.

ÍSLANDSBANKI

Actavis Group hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði | s 535 2300 f 535 2301 | w www.actavis.is w www.actavis.com | @ actavis@actavis.com

**NICCOLO MACHIAVELLI (1469-1527)**
lést á þessum degi.



*„Stjórnmál eiga ekkert skylt við siðferði.“*

***Ítalski rithöfundurinn Machiavelli skrifaði meðal annars Furstann, eitt áhrifamesta stjórnmálaheimspekirit allra tíma.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Þjóðverjar ráðast inn í Rússland

Á þessum degi árið 1941 gerði þýski herinn innrás í Rússland. Árásin hlaut viðurnefnið Barbarossa. Þrjár milljónir þýskra hermanna réðust inn fyrir landamæri Rússlands á þremur stöðum; þetta var öflugasta innrásarlið allra tíma.

Hitler og Stalín undirrituðu friðarsamkomulag árið 1939 en voru þó ávallt tortryggnir í garð hvors annars. Þegar Stalín réðst inn í Rúmeníu árið 1940 taldi Hitler olíubirgðum sínum á Balkanskaga teflt í tvísýnu og sendi tíu herdeildir til Póllands til að minna Stalín á sig. Í kjölfarið byrjaði Hitler að skipuleggja innrás í Rússland, þótt ráðgjafar Hitlers mæltu gegn því; reynslan úr fyrri heimsstyrjöldinni sýndi að Þýskaland gæti ekki barist á tveimur vígstöðvum í einu. Hitler var hins vegar sannfærður um að eina ástæðan fyrir því að Bretar streittust enn á móti væri sú að þeir hlytu að hafa gert samning við Rússa, sem ætluðu sér að ráðast á Þýskaland von bráðar.

Hinn 22. júní lét Hitler til skarar skríða. Rússneski herinn var stærri en Þjóðverjar gerðu ráð fyrir, en átti óhægt um vik þar sem Stalín hafði ekki gert neinar ráðstafanir til að bregðast við innrás. Þrátt fyrir fjölmargar viðvaranir trúði Stalín því hreinlega ekki að Hitler myndi snúast gegn sér. Í lok fyrsta dags árásarinnar höfðu Þjóðverjar eyðilagt meira en þúsund rússneskar flugvélar og komust 500 kílómetra inn í landið á allra næstu dögum.



**ADOLF HITLER**

## MERKISATBURÐIR

- **1633** Galileo Galilei er neyddur til að draga kenningu sína um að jörðin sé á sporbaug um sólu til baka.
- **1772** Þrælahald er bannað í Englandi.
- **1812** Napóleon gerir innrás í Rússland.
- **1847** Fyrsti kleinuhringurinn er búinn til.
- **1911** Georg V Englandskonungur er krýndur.
- **1933** Flokkur sósíaldemókrata er bannaður í Þýskalandi.
- **1941** Eistar hefja vopnaða uppreisn gegn sovéska hernámsliðinu.
- **1991** Hjónum frá Hellissandi er bjargað eftir að þau féllu 20 metra niður í sprungu á Snæfellsjökli.

## ANDLÁT

**Margrét Eiríksdóttir**, fótaaðgerðafræðingur, Grundargarði 5, Húsavík, lést miðvikudaginn 15. júní.
**Árni Finnbjörnsson**, Hvassaleiti 39, Reykjavík, lést föstudaginn 17. júní.
**Jóhann Páll Ingólfsson**, Uppsölum, Eyjafjarðarsveit, lést föstudaginn 17. júní.
**Þórarinn Samúel Guðmundsson** lést af slysförum 17. júní.
**Anton Ófeigur Antonsson**, útskurðarmeistari (Tony trélist), Munkaþverárstræti 11, Akureyri, lést laugardaginn 18. júní.
**Guðmundur Gunnarsson**, Skólabraut 5, Seltjarnarnesi, lést sunnudaginn 19. júní.
**Þórey Kristjánsdóttir**, Fljótaseli 13, Reykjavík sunnudaginn 19. júní.
**Roberta Joan Ostroff** lést sunnudaginn 19. júní.
**Unnur Aðalsteinsdóttir**, Giljalandi 29, lést sunnudaginn 19. júní.
**Ingólfur Jóhannsson**, Iðu, Biskupstungum, lést mánudaginn 20. júní.

## JARÐARFARIR

13.30 **Jón Valdimar Tryggvason**, Grænumýri 10, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.




†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Margrét Þórdís Egilsdóttir,**

glerlistakona, Kambaseli 21, Reykjavík,

lést sunnudaginn 19. júní á heimili sínu. Útförin verður auglýst síðar.

**Óskar Smári Haraldsson**
**Haraldur Helgi Óskarsson** **Anna Fanney Gunnarsdóttir**
**Brynjar Þór Óskarsson** **Magdalena Hilmisdóttir**
**Oddur Jarl Haraldsson**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Þórður Annas Jónsson**

frá Gestsstöðum, áður til heimilis í Markholti 7, Mosfellsbæ,

verður jarðsunginn frá Lágafellskirkju föstudaginn 24. júní kl. 15. Þeir sem vilja minnast hans vinsamlega látið elli- og hjúkrunarheimilið Grund njóta þess.

**Sæberg Þórðarson** **Magný Kristinsdóttir**
**Guðbjörg Þórðardóttir** **Stefán Magnús Jónsson**
**Guðmundur Vignir Þórðarson** **María Kristjánsdóttir**
**Bergþóra Þórðardóttir** **Viggó Jensson**
**Brynjar Viggósson** **Svanlaug Aðalsteinsdóttir**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**



†

*Ástkær sonur okkar, stjúpsonur, bróðir og barnabarn,*

**Arent Pjetur Eggertsson**

Sindragötu 4, Ísafirði,

verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 25. júní klukkan 14.00. Minningarathöfn verður haldin í Friðrikskapellu á Hlíðarenda fimmtudaginn 23. júní klukkan 17.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á Umhyggju, félag langveikra barna.

**Berglind Sveinsdóttir** **Pálmi Ó. Árnason**
**Kristrún Sif Gunnarsdóttir**
**Jóna Sigurlína Pálmadóttir**
**Sveinn Jóhann Pálmason**
**Ingibjörg Kristjánsdóttir**
**Sveinn Jóhannsson**
**Eggert Hjartarson** **Gríma Huld Blængsdóttir**
**Lára Ósk Eggertsdóttir**
**Gunnar Smári Eggertsson**
**Laura Claessen**




MYND/VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS

**BÆJARLISTAMAÐUR** Aldrei hefur verið jafn mikið að gera hjá Rúnari Júlíussyni. Hér er hann í fullu fjöri ásamt Björgvini Halldórssyni.

RÚNAR JÚLÍUSSON ÚTNEFNDUR BÆJARLISTAMAÐUR REYKJANESBÆJAR

# Bókaður í afmæli 2012

„Það er mjög gaman og mikil virðing í því að fólk taki eftir því sem maður er að gera og meti það að einhverjum verðleikum,“ segir Rúnar Júlíusson, sem var útnefndur bæjarlistamaður Reykjanesbæjar á þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní. Rúnar tók við viðurkenningunni úr höndum Árna Sigfússonar bæjarstjóra á hátíðarhöldum í skrúðgarðinum. „Kannski völdu þeir mig af því ég varð sextugur á árinu,“ segir Rúnar, sem fæddist aðeins nokkrum metrum frá staðnum þar sem verðlaunin voru afhent.

Bæjarlistamaður Reykjanesbæjar er valinn af bæjarráði einu sinni á hverju kjörtímabili og ber því titilinn í fjögur ár. Hann hlýtur styrk frá bænum til að auðvelda honum að stunda list sína en í staðinn ber honum að kynna list sína fyrir bæjarbúum með einhverjum hætti. „Það fylgdi ekki bréfinu að þetta væri kvöð, en maður gerir það nú samt,“ segir Rúnar, sem heldur reglulega tónleika í bænum. Hann segir líklegt að hann standi fyrir einhverjum uppákomum í tilefni af nafnbótinni.

„Síðan kemst maður á stall í skrúðgarðinum með hinum bæjarlistamönnunum,“ segir Rúnar en nöfn bæjarlistamanna eru skráð á stall listaverks eftir Erling Jónsson, sem fyrstur hlaut nafnbótina 1991.

Rúnar kemur mikið við sögu í sýningu Poppminjasafns Íslands sem opnuð var á þjóðhátíðardaginn í Gryfjunni í Duushúsum. Sýningin heitir Stuð og friður og er tileinkuð áttunda áratugnum. „Við Magnús Kjartansson og sonur minn spiluðum þar,“ segir Rúnar sem segir að það hafi alltaf verið draumur sinn að það yrði tónlistarminjasetur í Reykjanesbæ þar sem hægt væri að fletta upp í öllum poppfræðum.

Rúnar ætlar að verja sumrinu á svipaðan hátt og síðustu 45 ár, þ.e. spilandi hér og þar um landið. „Það hefur aldrei verið meira að gera,“ segir Rúnar sem er meðal annars bókaður til að spila í fimmtugsafmæli árið 2012.

Rúnar hefur ekki skipulagt neitt frí í sumar enda hvorki haldinn golf- né veiðidellu. „Tónlistin er mín della og vinna,“ segir Rúnar sem finnst gaman að fá viðurkenningu og segist loks vera farinn að heyra grasið vaxa sem hann hefur séð fyrir í gegnum tíðina. ■




**Kristján Axelsson**
frá Bakkakoti
**sextugur**

Í tilefni sextugsafmælis míns 22. júní verð ég með opið hús í þjónustumiðstöð BSRB í Munaðarnesi föstudaginn 24. júní nk. frá kl. 20. Léttar veitingar og heitt á könnunni.



**90 ára afmæli**
**Björg Kristmundsdóttir**
**Lindasíðu 4, Akureyri**
**Fædd 23. 6. 1915**
**tekur á móti vinum og vandamönnum föstudaginn 24. 6. 2005 í Húsi aldraðra, Lundargötu 7, Akureyri, milli 15 og 19.**






# Við hneigjum okkur djúpt ...
# og þökkum fyrir






## Grímuverðlaunin til listamanna Borgarleikhússins 2005:

**Sýning ársins** – Draumleikur

**Leikskáld ársins** – Kristín Ómarsdóttir – Segðu mér allt

**Leikkona ársins í aðalhlutverki** – Hanna María Karlsdóttir – Héri Hérason

**Leikstjóri ársins** – Benedikt Erlingsson – Draumleikur

**Danssýning árnsins** – Screensaver – Íslenski dansflokkurinn

**Leikmynd ársins** – Grétar Reynisson – Draumleikur

**Dansverðlaun ársins** – Erna Ómarsdóttir –
Við erum öll Marlene Dietrich FOR – Íslenski dansflokkurinn

... auk 20 annarra tilnefninga til Grímuverðlauna.

Við þökkum útskriftarnemendum leiklistardeildar Listaháskóla Íslands samstarfið í Draumleik og óskum þeim alls góðs.

## Leikárið er liðið

Við þökkum þeim 130 þúsund gestum sem lögðu leið sína í Borgarleikhúsið í vetur.

Við hlökkum til að hitta ykkur endurnærð á næsta leikári.

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavik
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is

[ íd ] **Íslenski dansflokkurinn**



## Haraldur í Fram

Handknattleikslið Fram gekk í gær frá tveggja ára samningi við línumanninn Harald Þorvarðarson, sem lék með Selfossi síðasta vetur. Haraldur er ekki ókunnugur í Safamýrinni enda lék hann með félaginu veturinn 2002/03. Þar áður lék hann með Düsseldorf og Stralslunder í Þýskalandi.

# sport

sport@frettabladid.is

**HEIÐAR HELGUSON KNATTSPYRNUMAÐUR:** BÚINN AÐ FINNA SÉR NÝTT FÉLAG FYRIR NÆSTA VETUR

# *Heiðar líklega á leið til Wigan Athletic*

Breskir fjölmiðlar fullyrtu í gær að Dalvíkingurinn Heiðar Helguson, sem leikið hefur með Watford í fimm ár, yrði leikmaður enska úrvalsdeildarfélagsins Wigan Athletic á næsta tímabili. Heiðar vildi ekki staðfesta þetta í gær, en leyndi því ekki að úrvalsdeildin heillaði.

„Ég hef orðið var við mikinn áhuga, sérstaklega frá félögunum sem fóru upp um deild. En ég get ekki staðfest að ég sé á leið til Wigan. En vonandi skýrast mín mál sem fyrst.“

Það yrði gott fyrir íslenska landsliðið ef Heiðar færi í úrvalsdeildina, því þar fengi hann að spila gegn mörgum af bestu varnarmönnum Evrópu.



Heiðar, sem spilaði vel með Watford í fyrra, mun þurfa að berjast fyrir sæti sínu ef hann verður hjá Wigan, því þar eru tveir af skæðustu framherjum fyrstu deildar á síðasta tímabili, þeir Nathan Ellington og Jason Roberts.

Sheffield United, sem leikur í fyrstu deild, er eina félagið sem hefur boðið í Heiðar, en tilboði þess upp á eina milljón punda var hafnað.

Þá hafa West Ham, Sunderland og Fulham fylgst grannt með gangi mála. Watford hefur hingað til svarað því til að stefnt yrði að því að halda sama leikmannahópi til þess að freista þess að gera betur á næsta tímabili en tímabilinu á undan.

Heiðar var mikilvægasti leikmaður Watford á síðustu leiktíð og náði að skora tuttugu deildarmörk fyrir félagið. Íslendingarnir tveir, Heiðar og Brynjar Björn Gunnarsson, þóttu skara fram úr í annars slöku lið Watford á síðustu leiktíð.

### > Við furðum okkur ...



... enn og aftur á karakterleysi Magnúsar Gylfasonar, þjálfara KR, sem neitaði að gefa Fréttablaðinu og Stöð 2 viðtal eftir bikardráttinn á Hótel Loftleiðum í gær. Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem Magnús hundsar fjölmiðla þegar þeir óska eftir viðtali.

### > Við hrósum ...



.... Blikastúlkum, sem eru enn með fullt hús stiga í Landsbankadeild kvenna, rétt eins og karlalið félagsins í 1. deildinni. Það er greinilega gott að vera Bliki í dag.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Landsbankadeild kvenna:*

BREIÐABLIK–ÍA 6–0
Sandra Karlsdóttir 2, Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir 2, Erna Björk Sigurðardóttir, Gréta Mjöll Samúelsdóttir.

KEFLAVÍK–STJARNAN 5–2
1–0 Nína Ósk Kristinsdóttir (12.), 2–0 Ágústa Jóna Heiðdal (33.), 3–0 Hrefna M. Guðmundsdóttir (41.), 3–1 Anna Margrét Gunnarsdóttir (63.), 4–1 Vesna Smirjkovic (80.), 4–2 Björk Gunnarsdóttir (83.), 5–2 Ólöf Helga Pálsdóttir (87.)

ÍBV–KR 3–2
0–1 Vanja Stefanovic (30.), 1–1 Elín Anna Steinarsdóttir, víti (70.), 2–1 Susan Malone (79.), 3–1 Hólmfríður Magnúsdóttir (86.), 3–2 Lilja Dögg Valþórsdóttir (90.)

VALUR–FH 4–1
1–0 Margrét Lára Viðarsdóttir (6.), 1–1 Lovísa Sólveig Erlingsdóttir (12.), 2–1 sjálfsmark (17.), 3–1 Margrét Lára Viðarsdóttir (88.), 4–1 Margrét Lára Viðarsdóttir (90.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **BREIÐABLIK** | **6** | **6** | **0** | **0** | **21–5** | **18** |
| VALUR | 6 | 5 | 0 | 1 | 31–8 | 15 |
| **KR** | **6** | **4** | **0** | **2** | **22–11** | **12** |
| ÍBV | 6 | 3 | 0 | 3 | 22–15 | 9 |
| **FH** | **6** | **2** | **0** | **4** | **6–14** | **6** |
| STJARNAN | 6 | 2 | 0 | 4 | 6–17 | 6 |
| **KEFLAVÍK** | **6** | **2** | **0** | **4** | **11–23** | **6** |
| ÍA | 6 | 0 | 0 | 6 | 6–32 | 0 |

### *Álfukeppnin:*

ARGENTÍNA–ÞÝSKALAND 2–2
0–1 Kevin Kuranyi (29.), 1–1 Juan Riquelme (33.), 1–2 Gerald Asamoah (51.), 2–2 Esteban Cambiasso (74.).

ÁSTRALÍA–TÚNIS 0–2
0–1 Santos (26.), 0–2 Santos (70.).

# Höfum spilað fínan og kröftugan bolta

**Þjálfari Vals, Willum Þór Þórsson, segir spilamennsku liðsins hafa komið sér á óvart. Valur er með hæstu meðaleinkunn allra liða í Landsbankadeildinni hjá íþróttafréttamönnum Fréttablaðsins.**

**FÓTBOLTI** Það hefur verið gaman að fara á völlinn með Valsmönnum í sumar enda hafa strákarnir hans Willums Þórs verið að spila stórskemmtilegan fótbolta og halað inn stigin. Þau einu sem hafa tapast voru gegn meisturum FH í sjöttu umferð mótsins. Íþróttafréttamenn Fréttablaðsins hafa heillast af leik Valsmanna og leikmenn liðsins eru með hæstu meðaleinkunn allra liða í deildinni eftir sex umferðir en Fréttablaðið hefur gefið leikmönnum einkunn frá einum upp í tíu í leikjum sumarsins.

„Mér finnst við hafa spilað fínan og kröftugan fótbolta í sumar,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, við Fréttablaðið í gær en óhætt er að segja að hann hafi gjörbylt leikstíl Valsliðsins í sumar. „Ég er mjög ánægður með liðið en ég get ekki sagt að ég hafi átt von á svona góðum bolta hjá okkur í upphafi móts. Þetta er framar vonum en ég er ekkert hlessa því það býr fullt í þessu liði og í því er mikið af góðum fótboltamönnum.“

Þeir eru ófáir sem bíða spenntir eftir að sjá Valsliðið í næsta leik enda hefur ekki enn reynt á hvernig liðið mætir til leiks eftir tapleik. Sumir leikmenn liðsins voru farnir að fljúga ansi hátt eftir fimm sigurleiki í röð en hætt er við að þeir hinir sömu séu aðeins jarðbundnari í dag.

**MEÐALEINKUNN LIÐA:**

| | |
|---|---|
| Valur | 6,50 |
| **FH** | **6,36** |
| Fylkir | 6,08 |
| **KR** | **5,84** |
| Grindavík | 5,63 |
| **Fram** | **5,62** |
| Keflavík | 5,55 |
| **Þróttur** | **5,51** |
| ÍA | 5,51 |
| **ÍBV** | **4,89** |

### Stoltur af liðinu

„Ég hef góða tilfinningu fyrir næsta leik,“ sagði Willum en Valur á leik gegn ÍBV í Eyjum á fimmtudag. „Mér fannst það vera styrkleikamerki hjá liðinu að lifa af fyrri hálfleikinn gegn FH. Við vorum mjög stressaðir og týndum okkur í umgjörðinni. Seinni hálfleikur var svo mikið betri og menn gátu gengið af velli með sæmd. Ég var virkilega stoltur af liðinu.“

Flestir sparkspekingar eru á því að FH-liðið sé í sérflokki í deildinni en telur Willum að Valur hafi styrkinn til þess að elta Hafnarfjarðarrisann? „Það er ómögulegt að svara til um það og ég leyfi mér ekki að pæla of mikið í því. Við settum okkur skýr markmið fyrir mótið og við verðum að vera veruleikatengdir með þau markmið eins og staðan er í dag. Við megum ekki fara fram úr sjálfum okkur,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals. **henry@frettabladid.is**



**STERK VÖRN** Varnarleikur Vals í sumar hefur verið frábær og þessi sterka vörn á sinn þátt í stigunum fimmtán sem Valur hefur fengið í sumar. Hér sjást þeir Atli Sveinn Þórarinsson og Grétar Sigfinnur Sigurðsson pakka FH-ingnum Ásgeiri Gunnari Ásgeirssyni saman. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


**KERRA LCI-880**

392x134cm, galv.
Burðarg. 270 kg.



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550





**Opna Hjólbarðahöllin**

Verður haldið laugardaginn 25. júní á glæsilegum 18 holu golfvelli að

**Kiðjabergi Grímsnesi**

**Mótið er opið punktamót þar sem hæst forgjöf er 24 f. karla 28 f. konur**

Veitt eru verðlaun fyrir 5 efstu sætin og sérstök verðlaun fyrir efstu konu
Nándarverðlaun á öllum 4 par 3 holum dregið úr 6 skorkortum viðstaddra keppenda. Ræst út frá kl. 9.00 til kl. 14.00.

Skráning á golf.is og upplýsingar í golfskála s. 486-4495
þátttökugjald 3.000.- Teigagjafir

**Hjólbarðahöllin • Fellsmúla 24 • Sími 530-5700**


Keppni í A-riðli Álfukeppninnar lauk í gær:

# Þjóðverjar ná fyrsta sætinu

**FÓTBOLTI** Leikur Argentínu og Þjóðverja var hin besta skemmtun. Heimamenn tóku forystuna tvisvar í leiknum en leikmenn Argentínu voru aldrei langt undan. Í hinum leik kvöldsins unnu Afríkumeistarar Túnis góðan 2–0 sigur á Áströlum, sem töpuðu öllum sínum leikjum í keppninni. Fyrrnefndi leikurinn var hins vegar klár úrslitaleikur um hvort liðið hreppti toppsæti riðilsins en þökk sé hagstæðri markatölu Þjóðverja standa þeir uppi sem sigurvegarar í A-riðli.

Í dag verða eru svo tveir leikir á dagskrá. Brasilía og Japan mætast í hreinum úrslitaleik um hvort liðið fylgi Mexíkó í undanúrslit keppninnar. Mexíkó mætir Grikklandi í hinum leik dagsins en Grikkir hafa tapað báðum leikjum sínum til þessa og eiga ekki möguleika á að komast áfram. Þjálfari japanska landsliðsins er brasilíska goðsögnin Zico, sem segir leikinn afar sérstakan fyrir sig. „Í hvert sinn sem ég heyri brasilíska þjóðsönginn verð ég mjög tilfinningasamur. En um leið og honum lýkur mun ég sinna minni vinnu fyrir Japan,“ sagði Zico. Jafntefli dugir Brasilíumönnum og því ekki ólíklegt að Carlos Alberto Parreira, þjálfari liðsins, muni stilla upp varnarsinnuðu liði. Ekki er ólíklegt að Ronaldinho og Kaka fái að hvíla og Juninho og Pernambucano taki þeirra stað í byrjunarliðinu. **-esá**



**NETMÖSKVARNIR ÞANDIR** Timo Hildebrand, markvörður Þjóðverja, kemur engum vörnum við er Juan Riquelme skorar beint úr aukaspyrnu. NORDIC PHOTOS/GETTY



**SAMUEL ETO´O** Segist elska að leika fyrir Barcelona. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Samuel Eto´o:

# Hafnaði risaboði Chelsea

**FÓTBOLTI** Kamerúninn Samuel Eto´o staðfesti við fjölmiðla í gær að hann hefði hafnað risatilboði frá Chelsea og þess í stað hefði hann framlengt samning sinn við Barcelona til ársins 2010.

Eto´o skoraði 24 mörk fyrir Barcelona á síðustu leiktíð og var ofarlega á óskalista Jose Mourinho en Kamerúninn segist vera hamingjusamur hjá Barcelona og því hafi engu skipt þótt tilboð Chelsea hefði fært honum hærri laun.

„Chelsea bauð mér rosalegan samning en peningar færa manni ekki hamingju,“ sagði Eto´o, sem brenndi sig illa á yfirlýsingum sem hann var með fyrir viðureign Chelsea og Barcelona síðasta vetur. „Ég vildi vera áfram hjá Barca og það vissi forseti félagsins. Það er allt klárt og nú stefni ég að því að vinna Meistaradeildina með félaginu.“ **- hbg**



**Á LEIÐ TIL EYJA** Valsstúlkur eru á leið til Eyja þar sem ÍBV bíður þeirra í VISA-bikarnum.

VISA-bikarkeppnin í fótbolta:

# Stórleikur ÍBV og Vals

**FÓTBOLTI** Það verður stórleikur á dagskrá strax í átta liða úrslitunum í kvennaflokki, en þar taka bikarmeistarar ÍBV á móti Íslandsmeisturum Vals í Vestmannaeyjum. Allir leikirnir í 8 liða úrslitum kvenna munu fara fram þriðjudaginn 12. júlí.

Í karlaflokki fara leikirnir fram dagana 4. og 5. júlí, en þar vakti athygli að aðeins tvö lið úr efstu deild drógust saman í 16 liða úrslitunum, Grindavík og Fylkir. Fréttablaðið náði tali af Þorláki Árnasyni, þjálfara Fylkismanna og spurði hann hvernig honum litist á andstæðinga sína í bikarnum. „Mér líst bara mjög vel á að mæta Grindvíkingum. Þeir eru með mjög vel spilandi lið og staðan í deildinni skiptir engu máli þegar í þessa keppni er komið,“ sagði Þorlákur.

**- bb**

**16-LIÐA ÚRSLIT VISA-BIKARS KARLA:**

| |
|---|
| Víkingur - KR |
| **FH - KA** |
| Þór - Fram |
| **Grindavík - Fylkir** |
| ÍBV - Njarðvík |
| **Valur - Haukar** |
| HK - Keflavík |
| **ÍA - Breiðablik** |

**8-LIÐA ÚRSLIT VISA-BIKARS KVENNA:**

| |
|---|
| Breiðablik - Keflavík |
| **Fjölnir - ÍA** |
| Stjarnan - KR |
| **ÍBV - Valur** |

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JÚNÍ**

19 20 21 **22** 23 24 25

**Miðvikudagur**

**LEIKIR**

- 20.00 **Haukar** og **Fjölnir** mætast á Ásvöllum í A-riðli 1. deildar kvenna.
- 20.00 **ÍR** tekur á móti **Þrótti** á ÍR-velli í A-riðli 1. deildar kvenna.
- 20.00 **Fylkir** fær **HK/Víking** í heimsókn á Fylkisvöll í A-riðli 1. deildar kvenna.

**SJÓNVARP**

- 07.00 **Olíssport** á Sýn.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn.
- 03.30 **Olíssport** á Sýn.
- 15.15 **Olíssport** á Sýn.
- 16.30 **NBA - úrslit** á Sýn.
- 18.30 **Álfukeppnin** á Sýn.
- 20.35 **Landsbankadeildin** á Sýn. Umferðir 1-6 gerðar upp í beinni útsendingu.
- 21.35 **Álfurkeppnin** á Sýn.
- 23.15 **Olíssport** á Sýn.
- 23.15 **Vestfjarðavíkingurinn 2004** á RÚV.
- 00.30 **Álfukeppnin** á Sýn.




Lið umferða 1-6 í Landsbankadeildinni:

# Sex Valsmenn í liðinu

**FÓTBOLTI** Spútniklið Vals í Landsbankadeildinni á hvorki fleiri né færri en sex leikmenn í liði umferða 1-6 hjá Fréttablaðinu. Þar á meðal eru varnarmennirnir Grétar Sigfinnur Sigurðsson, Atli Sveinn Þórarinsson og Bjarni Ólafur Eiríksson.

Atli Sveinn fer reyndar í liðið sem djúpur miðjumaður þar sem leikmaður umferða 1-6 hjá Fréttablaðinu, FH-ingurinn Auðun Helgason, fær sætið við hlið Grétars í miðri vörninni. Fyrir aftan vörnina er síðan hinn trausti markvörður Fylkis, Bjarni Þórður Halldórsson, og félagi hans í Fylki, Helgi Valur Daníelsson, er hægri bakvörður.

Íslandsmeistarar FH eiga tvo fulltrúa í þessu liði og hinn er markahæsti leikmaður deildarinnar, Tryggvi Guðmundsson, sem hefur hreinlega farið á kostum. Stoðsendingakóngur deildarinnar, Guðmundur Benediktsson, er í hlutverki framliggjandi miðjumanns og félagi hans í Valsliðinu, Baldur Aðalsteinsson, er kantmaður rétt eins og Tryggvi.

Í framlínunni eru síðan Valsarinn sprettharði Matthías Guðmundsson og kameljónið Sinisa Valdimar Kekic, sem í raun er gjaldgengur í allar stöður á vellinum þar sem hann hefur leikið ansi margar stöður í fyrstu leikjum mótsins.



## STUÐ MILLI STRÍÐA

### Taktu þátt í leik og þú gætir unnið... dósaopnara!

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** HEFUR ALDREI ÁTT GULAN CHEERIOS-BOL.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég gæti alveg orðið brjáluð á öllum þessum leikjum, keppnum, happdrættum og fíflalátum sem sífellt er verið að áreita fólk með. „Taktu þátt í leik og þú gætir unnið... dósaopnara!!! Vúúú!“ Og þú gætir unnið bol merktan framleiðandanum eða húfu, der, frisbí, lyklakippur, upptakara, mjólkurfernuhaldara, glös eða eitthvað annað ótrúlega spennandi. Er einhver þarna úti sem á ekki eitthvert gagnslaust drasl merkt einhverjum framleiðanda? Það er ótrúlegt hvað fólk gerir bara til þess að fá frítt drasl.

Það sorglega er að svona leikir eru sennilega eini möguleikinn minn til að „vinna“ eitthvað. Ég er ein af þeim sem vinna aldrei neitt. Reyndar vann ég einu sinni hálfan lítra af kóki á happaþrennu sem móðir mín gaf mér. Ég var sennilega um það bil sex ára og hún sannfærði mig um að fá mér ekki kókið heldur skipta því frekar í aðra „happa“þrennu. Eeeen sniðuuugt! Ég vann ekkert á henni.

Fyrirtækjaauglýsingaleikirnir eru reyndar eitt af því sem fjölskyldan mín hefur alltaf verið stórfötluð í. Ég er til dæmis held ég eina manneskjan á mínum aldri sem hefur aldrei átt gulan Cheerios-bol.

Á mínu heimili gerðum við reyndar stundum heiðarlegar tilraunir til að taka þátt í þessum leikjum. Við söfnuðum strikamerkjum af mjólk til að fá „mjólkurbikar“ og við söfnuðum kóktöppum til að fá eitthvert ótrúlega spennandi stöff. Alltaf endaði þetta eins: „Bíddu, er skilafresturinn runninn út?! Strax? Jæja, í ruslið meðetta.“

Núna fer þetta bara í taugarnar á mér. Aftan á hverjum einasta miða sem læðist inn um lúguna mína er einhvers konar umsóknareyðublað. Þar á maður að skrifa nafnið sitt og setja svo miðann í póst. Bara vesen. Svo er ég alltaf jafn hissa þegar ég les um einhverja vinningshafa í þessum leikjum. „Bíddu... er í alvörunni hægt að vinna?“

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott







Ópera eftir Benjamin Britten sýnd í haust:

# Sannkölluð draugasýning

„Þetta er ein af kammeróperum Brittens. Það skemmtilegasta við þessa óperu er að hún fjallar um yfirnáttúrulega hluti. Þetta er afskaplega yndisleg draugasaga. Hún gerist á herragarði einhvers staðar í heiminum þar sem ýmis mál eru óútkljáð og illir andar og draugar takast á svo að úr verður mikið sjónarspil,“ segir Halldór E. Laxness sem leikstýrir óperunni Tökin hert eftir breska tónskáldið Benjamin Britten, sem verður frumsýnd í Íslensku óperunni 21. október næstkomandi.

„Þetta er ein af þessum óperum sem gefur geysilega skemmtilega möguleika á túlkun. Við ætlum að reyna að fara mjög nútímlegar leiðir og við munum nota nútímafjöltækni til að skapa draugagang í Íslensku óperunni,“ segir Halldór.

Óperan var frumsýnd í Feneyjum árið 1954 en texti hennar er eftir Myfanwy Piper og er byggður á smásögu Henry James, The Turn of the Screw, sem kom út árið 1898. Hljómsveitarstjóri verður Kurt Kopecky og Snorri Freyr Hilmarsson búninga- og leikmyndahönnuður.

„Þetta er ein af perlum nútímaóperunnar og sem leikstjóri er alltaf gaman að takast á við slík verk en til þess að geta það þurfum við að hafa yfir hæfileikafólki að ráða, sérstaklega í hlutverk piltsins og stúlkunnar í óperunni. Það vill svo til að við höfum tvo söngvara sem henta afskaplega vel í hlutverkin, þau Þórunni Örnu Kristjánsdóttur og Ísak Ríkharðsson, sem er ellefu ára undrabarn. Svo höfum við frábæra söngvara í öðrum hlutverkum, það er eins með óperuna og pókerinn, það verður að hafa fullt hús til að geta spilað leikinn,“ segir Halldór og bætir því við að hér sé á ferðinni sannkölluð draugasýning. ■



**HALLDÓR E. LAXNESS** „Við ætlum að reyna mjög nútímalega leið í túlkun og við munum nota nútíma fjöltækni til að skapa draugagang í Íslensku óperunni,“ segir Halldór E. Laxness, leikstjóri Tökin hert eftir Benjamin Britten, sem frumsýnd verður í Íslensku óperunni 21. október.

# Heimkoma og blóm

„Ég er búinn að taka þátt í fjórum sýningum í nokkrum löndum á þessu ári og er mjög ánægður komuna hingað heim til Íslands því þetta er einungis í annað sinn sem ég held sýningu hér á landi,“ segir Arnór G. Bieltveldt, sem opnar sýningu í Sýningarsal Íslenskrar Grafíkur, Tryggvagötu 17, laugardaginn 25. júní kl. 15.

Arnór býr rétt fyrir utan Chicago í Bandaríkjunum þar sem hann kennir myndlist í menntaskóla, en hann hefur ekki búið hér á landi síðastliðin tuttugu ár.

Á sýningunni eru átta málverk og ellefu teikningar og segir Arnór þema þeirra vera blóm.

Sýning Arnórs stendur yfir til 10. júlí. ■



**KVÖLDROÐI** „Litanotkunin tengist Íslandi, mér fannst ég vera kominn í íslenskt landslag að kvöldi til. Ég kom hingað til lands fyrir tveimur árum og málaði íslenskar landslagsmyndir, en nú er ég farinn að nota ímyndunaraflið meira en þá. Samt eymir eftir af íslenska landslaginu sem ég vinn enn þá með í huganum,“ segir Arnór um málverkið.


BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík




KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudag



César Ritz
COLLEGES SWITZERLAND
Excellence in International Hotel and Tourism Management Education

Hotel and Tourism Management Studies



- Diploma, Bachelor & Master Degrees
- Study and paid work experience on three continents
- The best of Swiss professional training combined with American management skills
- Placement assistance upon graduation
- 20 years of excellence, 10'000 graduates

Seminar on Thursday 23rd June 2005
By: Arni Solonsson, «César Ritz» Colleges Switzerland
Venue: Hotel Nordica, Salur F
Time: 18:00

Member of ASEH Switzerland

For more information:
«César Ritz» Colleges Switzerland, CH-1897 Le Bouveret
Phone: +354 896 2204, +41 76 337 7950
E-mail: arni.solonsson@ritz.edu

www.ritz.edu



Jóhannes Ásbjörnsson Sigurjón Brink Pálmi Sigurhjartarson
Leikstjóri / Hilmir Snær Guðnason

Tónleikurinn BÍTL



Fyrsti íslenski "tónleikurinn" frumsýndur 24. júní 2005
Öll bestu Bítlalögin í bland við almennt eðalglens!

"Hefði ekki getað gert þetta betur sjálfur"
Paul
"Frábær sýning, Georg biður að heilsa"
John

Forsýning Miðvikudagur 22. júní Uppselt
Forsýning Fimmtudagur 23. júní Uppselt
Frumsýning Föstudagur 24. júní Uppselt
Laugardagur 25. júní Laus sæti
Föstudagur 8. júlí Laus sæti

Framkvæmdastjórn / Róbert Aron Róbertsson
Tónlistarstjórn / Pálmi Sigurhjartarson
Leikmynd og lýsing / Sigurður Kaiser
Hljóðstjórn / Úlfar Jacobsen

Loft Kastalinn ☎ 552 3000 loftkastalinn.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

# Tónleikar í Roswell



**FOO FIGHTERS** Rokksveitin Foo Fighters spilar á Íslandi 5. júlí.

Rokksveitin Foo Fighters, sem spilar í Egilshöll 5. júlí, hélt tónleika í Roswell í Nýju Mexíkó á dögunum. Lengi hefur verið uppi orðrómur um að fljúgandi furðuhlutur hafi brotlent á staðnum árið 1947.

Dave Grohl, forsprakki Foo Fighters, er áhugamaður um fljúgandi furðuhluti og ákvað að bjóða vinningshöfum í léttri samkeppni að fara á tónleikana. Þess má geta að Foo Fighter er slangur, sem á uppruna sinn úr síðari heimsstyrjöldinni, yfir undarlegan ljósagang á himni sem flugmenn komu auga á. ■

# Mary-Kate og Ashley eins og svart og hvítt

Tvíburasysturnar Mary-Kate og Ashley Olsen, sem eitt sinn var ekki hægt að þekkja í sundur, eru orðnar svo ólíkar í útliti að augljóst þykir að þær séu komnar með nóg af því að vera ruglað saman. Stúlkurnar eru nú orðnar nítján ára og hafa leikið frá eins árs aldri. Þær hafa í átján ár byggt upp útgáfu- og afþreyingarveldi sem malar gull. Þær voru yngstu framleiðendur Bandaríkjanna þegar þær voru aðeins sex ára og yngstu sjálfsköpuðu milljónamæringarnir tíu ára gamlar.

Núna eru þær í pásu frá leiklistinni og vinna báðar í tískuheiminum þar sem Mary-Kate er á nemasamning hjá ljósmyndaranum Annie Leibovitz og en Ashley vinnur fyrir tískuhönnuðinn Zac Posen.

Mary-Kate hefur verið að berjast við átröskun og þrátt fyrir að hafa farið í meðferð síðasta sumar er hún enn ekki búin að ná sér. Ashley hefur hins vegar ekki látið glepjast og segist gera sér grein fyrir því hversu slæm áhrif það hefur þar sem þær eru fyrirmyndir milljóna ungra stúlkna. Hún hefur lagt áherslu á heilbrigt útlit og sagði í viðtali nýlega að þær systur myndu að minnsta kosti aldrei falla í þá gryfju að reyna að vera kynbombur og klæða sig á ögrandi og ósiðlegan hátt. Að því leyti hafa systurnar þótt vera góðar fyrirmyndir. Þær eru mjög einbeittar og duglegar að vinna; eru báðar í háskólanámi í New York og ekki mikið úti á lífinu eins og flestar táningastjörnur Hollywood. ■



**MARY-KATE** Systurnar láta aldrei sjá sig fáklæddar og sitja ekki fyrir.



**ASHLEY** Hún hefur ekki látið sjúklega megrun systur sinnar hafa áhrif á sig.



**OLSEN-TVÍBURARNIR** Þessi mynd var tekin rúmu árið áður en hinar myndirnar tvær voru teknar.



**FJÖLMIÐLAHÓPURINN** Unglingarnir í hópnum fá borgað fyrir blaðamennskuna eins og aðrir í Vinnuskólanum. Starfinu lýkur í lok júlí og verður afraksturinn þá gefinn út í blaðinu Frumraun.

# *Skrifa greinar í unglingavinnunni*

Hópur unglinga starfar við blaðamennsku í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði. Krakkarnir hafa skrifað greinar í bæjarblöðin og vinna nú að sjónvarpsþætti.

Í Vinnuskóla Hafnarfjarðar vinnur nú hópur unglinga við blaðamennsku. Teitur Árnason heldur utan um hópinn, sem starfar í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði. „Ég er flokksstjóri, en þetta er í raunninni bara eins og venjulegur hópur nema að hann vinnur við að búa til greinar og fréttir,“ segir Teitur. Vikulega eru birtar fréttir og greinar eftir hópinn á unglingasíðu Víkurfrétta sem gefnar eru út í Hafnarfirði, Garðabæ og á Álftanesi. Einnig er starfrækt netútgáfa á heimasíðu Vinnuskólans og í lok sumars verður gefið út blaðið *Frumraun* með verkum unglinganna. „Svo erum við að vinna að heimildarmynd með jafningafræðslu Hafnarfjarðar, *Competo*-hópnum, sem er eins og fjölmiðlahópurinn nema að krakkarnir fræða jafnaldra sína um fordóma og annað slíkt,“ segir Teitur.

Krakkarnir í hópnum voru á fjölmiðlanámskeiði síðasta vetur sem Hlynur Sigurðsson sjónvarpsmaður sá um og var tuttugu krökkum úr þeim hóp boðið að vinna við blaðamennsku í Vinnuskólanum. „Þessi fjölmiðlahópur er hugmynd sem er komin frá mér og ég þróaði í samvinnu við Íþrótta- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar. Þetta er þriðja sumarið sem hópurinn starfar. Ég held að þetta sé uppbyggilegt og skemmtilegt starf fyrir krakkana,“ segir Hlynur.

Andrea Fleckenstein er ein af krökkunum í hópnum, en hún fer í tíunda bekk næsta haust. „Ég mæli með þessu, þetta er mjög gaman,“ segir Andrea. „Ég hef tekið viðtöl og núna er ég til dæmis að skrifa grein um notuð föt. Við tökum viðtöl við fólk og skrifum um það sem er búið að gerast í Hafnarfirði,“ segir hún. Andrea sá auglýsingu í skólanum um námskeiðið síðasta vetur og í framhaldi af námskeiðinu var henni boðið að vinna í fjölmiðlahópnum. „Ég er búin að læra ýmislegt,“ segir Andrea, en viðurkennir að enn sem komið er hafi hún ekki ákveðið að leggja blaðamennskuna fyrir sig í framtíðinni.

rosag@frettabladid.is

# Bassaleikari Soul Asylum látinn

Karl Mueller, bassaleikari rokksveitarinnar Soul Asylum, er látinn 41 árs að aldri. Mueller, sem hafði glímt við krabbamein í hálsi í rúmt ár, lést á heimili sínu í Minneapolis.

Mueller var einn af stofnendum Soul Asylum og spilaði með sveitinni í yfir 20 ár, ásamt söngvaranum og gítarleikanum Dan Murphy og Dave Pirner. Frægasta lag sveitarinnar er án efa Runaway Train af plötunni Grave Dancers Union frá árinu 1992. Skömmu fyrir dauða Mueller lauk Soul Asylum við sína fyrstu plötu með nýju efni síðan Candy From a Stranger kom út 1998. ■



**SOUL ASYLUM** Karl Mueller, lengst til vinstri, ásamt félögum sínum í Soul Asylum.




Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin verður á rásinni þar sem Popp TíVí er núna. Popp Tíví verður á annarri rás á Digital Ísland.

# Vertu grillkóngur sumarsins



„Besta grillið á markaðinum“
Jói Fel

**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins
**5.799 kr***
á mán. í 12 mánuði
**Verð nú 69.588,-**
**Upph. verð 98.999,-**

**FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri sama dag ef þú kemur fyrir kl. 15

## Focus

-Eitt vandaðasta grillið á markaðinum í dag!

- Stærð á grilli: 163x1115x65 burstað stál
- Grillflötur: Neðri grind 80x49, efri grind 77x15,5
- Grill grind: Úr massífu pottajárni tvískipt, 50x40 sem er heil plata til steikingar og 50x40 grillgrind með neðriplötu sem hindrar að fita og olíur komist að brennurum.
- Kveikja: Elektrónísk
- Brennari: 4 brennarar úr pottajárni með sérstillingu hver
- Hliðarhella: Úr pottajárni. Lok til að setja yfir þegar hellan er ekki í notkun
- Skápur
- Hliðarborð: Úr járni
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu
- Hitamælir

**KAUPAUKI**
Yfirbreiðsla fylgir hverju keyptu Focus grilli

GRILLPRO
ADVANCING THE ART OF GRILLING

**Mikið úrval af grill aukahlutum**



TILBOÐ
**3.999 kr**
Verð áður 5.999.-

**Ferðagasgrill** virkar bæði með bútan og própangasi, hitasteinar og þrýstijafnari fylgja með



TILBOÐ
**1.899 kr**
Verð áður 2.499.-

**Tölvukjötsteikarmælir** fyrir rétta steikingu



50% afsláttur
TILBOÐ
**1.999 kr**
Verð áður 3.999.-

Vandað **grillaukahlutasett** í áltösku

Gildir á meðan birgðir endast.
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*










## FRÉTTIR AF FÓLKI



Nýjasta mynd **Heather Locklear** og **Hilary Duff**, *The Perfect Man*, er víst ekki upp á marga fiska. Heather þykir vera ósannfærandi sem þreytt einstæð móðir og Hilary þykir allt of væmin til að myndin höfði til annarra en táningsstúlkna sem dáist að henni. Sami leikstjóri gerir þessa mynd og gerði *Cinderella Story* sem Duff lék í fyrir ári síðan og þykir þessi bjóða upp á mikið af því sama, ef ekki af verri gæðum.



**Elton John** hefur nú ákveðið að hjálpa **Pete Doherty**, kærasta **Kate Moss**, að yfirstíga eiturlyfjavandamál sín. Elton, sem er mikill aðdáandi Petes, átti sjálfur við mjög opinberan eiturlyfjavanda að stríða þangað til hann sneri við blaðinu árið 1990 og hefur verið þurr síðan. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Elton John leggur öðrum stjörnum lið því **Robbie Williams** segir hann hafa komið sér í meðferð og **Donatella Versace** segist standa í eilífðri þakkarskuld við Elton fyrir að ná sér frá eiturlyfjadjöflinum.



**Charlotte Church** segist ekki vilja sýna of mikið af beru holdi - en aðeins vegna þess að hún nennir ekki að stunda líkamsrækt. „Britney og Beyoncé eru mjög flottar, en ég vil ekki vera eins og þær, ég vil ekki leggja á mig alla þá vinnu," sagði óperusöngkonan, sem nú ætlar að verða poppstjarna.

Í lokaþætti raunveruleikaþáttanna *Britney & Kevin: Chaotic* játaði **Kevin Federline** óendanlega ást sína á eiginkonu sinni, poppstjörnunni **Britney Spears**. „Hún er engillinn minn. Hún er allt sem ég hef viljað fá í lífinu, allt sem ein manneskja getur verið og meira," sagði Kevin.




# Valdamestu stjörnurnar

Oprah Winfrey er valdamesta stjarnan samkvæmt nýjum lista bandaríska viðskiptablaðsins Forbes. Blaðið reiknaði saman laun, vinsældir á netinu og umfjöllun á forsíðu blaða, í sjónvarpi og útvarpi til þess að finna út hvaða stjarna væri valdamest. Næstur í röðinni er golfsnillingurinn Tiger Woods og í þriðja sæti er Mel Gibson. Efsti Bretinn er söngvarinn Elton John en hann skýtur stjörnum á borð við Tom Cruise ref fyrir rass. Cruise er í tíunda sæti og í ellefta er Brad Pitt, en báðir verða þeir að lúta í lægra haldi fyrir Johnny Depp sem er í áttunda. Fjöldi íþróttastjarna er á listanum, svo sem Michael Jordan sem er í 17. sæti en David Beckham verður að láta sér 26. sætið nægja. Jennifer Aniston heldur greinilega vinsældum sínum þrátt fyrir endalok Friends en hún er í 37. sæti. Einnig er ljóst af listanum að þáttastjórnendurnir David Letterman og Jay Leno eru valdamiklir, en aðrir áhugaverðir er höfundur Harry Potter bókanna, JK Rowling, hljómsveitin Metallica og Desperate Housewives. ■

1. Oprah Winfrey
2. Tiger Woods
3. Mel Gibson
4. George Lucas
5. Shaquille O'Neal
6. Steven Spielberg
7. Johnny Depp
8. Madonna
9. Elton John
10. Tom Cruise
11. Brad Pitt
12. Dan Brown
13. Will Smith
14. David Letterman
15. Lance Armstrong
16. Michael Jordan
17. Michael Schumacher
18. Will Ferrell
19. Kobe Bryant
20. P. Diddy
21. Jay Leno
22. J.K. Rowling
23. Metallica
24. Jennifer Lopez
25. Desperate Housewives
26. David Beckham



**OPRAH WINFREY** Það er ekki skrítið að Íslendingar hafi gert veður yfir umfjöllun Opruh um íslenskar konur. Oprah er valdamesta stjarnan með gífurlegt áhorf og mikil áhrif.




# Bragðgóð, en bragðdauf

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Þetta er líklega mikilvægasta útgáfa Coldplay. Verst af öllu er að þeir gera sér grein fyrir því. Ég var búinn að lesa heilmikið um hversu miklum tíma og peningum þeir eru búnir að eyða í þessa plötu. Að piltarnir væru að reyna allt til þess að búa til nýtt sánd í von um að þróa sig lengra. Svo þegar ég hlusta á þessa plötu hljómar þetta nákvæmlega eins og Coldplay, nema með einstaka gamaldags hljóðgervlasándi undir flestum lögunum. Ekki búast við glænýjum hljóm frá góðkunnri hljómsveit. Coldplay hefur aldrei tekið stór stökk áfram, og mun líklegast aldrei gera. Þeir eru þekktir fyrir allt annað en að taka áhættu. Þeir eru hægt og rólega að færast nær hljómi Phils Collins á áttunda áratugnum, og gera sér örugglega enga grein fyrir því.

Á þessari plötu eru vissulega lög sem ég hef átt erfitt með að koma út úr höfðinu á mér. Lagasmíðar hafa alltaf verið sterkasta hlið Coldplay, og þar hafa þeir ekki misst hæfileika sína eða snerpu.

Sérstaklega er annað lagið gott, What If, sem hefur allt efnisinnihald til að verða stærsti slagari Coldplay fyrr og síðar. Persónulega finnst mér þó að það hefði mátt útsetja lögin á athyglisverðari hátt. Það hefði verið mjög auðvelt og hefði lyft plötunni upp á æðra plan í stað þess að skilja lögin eftir í meðalmennskunni.

Niðurstaða erfiðis Coldplay er nægilega góð til þess að standast kröfur meirihlutans, en þetta er engin klassík. Að hlusta á þessa plötu er svipað og að borða lasagna úr örbylgjuofninum, í stað þess að fá það ferskt á veitingastað á Sikiley.

Þetta hreyfði ekki mikið við mér, en að sama skapi fór platan aldrei í taugarnar á mér. Coldplay er að uppgötva nýja tegund af lyftutónlist, sem fáir eiga eftir að kvarta yfir. Lyfturokk, þar sem málamiðlanir ráða og þar sem passað er upp á að fáir verði móðgaðir. Þeir munu líklegast aldrei toppa hina stórkostlegu frumraun sína, en þeir munu líklegast ekki heldur gera plötu sem aðdáendum þeirra finnst slöpp, þótt þeir séu bragðlitlir og daufir.

**Birgir Örn Steinarsson**



**COLDPLAY:** X & Y

**NIÐURSTAÐA:** Coldplay kaupir sér nýtt hljómborð og gerir enn eina „örugga" plötu. Full af grípandi lögum sem við eigum öll bókað eftir að fá hundleið á áður en útvarpsstöðvarnar hætta að spila þau.

# Blásum til veislu



## Langskorid lambalæri

(Lambalærið er sagað í tvennt langsum eftir beininu.)

**Kryddblanda**

1/2 tsk óreganó
1/2 tsk salvía
1/2 tsk paprikuduft
1 tsk sítrónupipar
1 tsk timjan
1 tsk rósmarín
1/2 bolli ólífuolía
safi úr hálfri sítrónu
salt og pipar

## Skyrsósa

1 lítil dós hrært ósætt skyr
2 hvítlauksgeirar, pressaðir
1/2 agúrka, rifin á grófu rifjárni
10 fersk mintublöð, smátt söxuð
1/2 tsk. salt

Stráið salti yfir rifnar agúrkurnar og látið standa í 3–4 mínútur, kreistið rifnu agúrkurnar lítillega milli handanna og hrærið saman við skyrið ásamt hvítlauk og mintu. Látið sósuna standa í u.þ.b. klst. áður en hún er borin fram.

Biðjið kjötkaupmanninn að skera lambalærið langsum. Blandið öllu þurrkryddinu saman í skál, setjið ólífuolíuna og sítrónusafann saman við og hrærið. Nuddið blöndunni vel á lambalærið og látið það bíða í 1–2 klst. Setjið á grillið í u.þ.b. 9–10 mínútur á hvorri hlið, snúið því samt nokkrum sinnum svo það brenni ekki. Bragðbætið með salti og pipar. 1/2 lambalæri er tilvalið fyrir 2–3 í mat og einnig er mjög þægilegt að grilla lærið á þennan hátt þó svo að það séu fleiri í mat, það sparar tíma og gefur meiri skorpu.



lambakjöt – léttur réttur

Uppáhald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is

Fíton/SÍA




# VIÐ TÆKIÐ

## Svikula fegurðardísin

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** GERIR UPP ÞRIGGJA MÁNAÐA SAMBAND SITT OG KATE.

Það eru liðnir þrír mánuðir af þáttaröðinni Lost eða Lífsháska. Á þessum mánuðum hefur paradísareyjan í Suður-Kyrrahafi breyst í martröð strandaglópanna. Jack, Sawyer og Sayid eru allt persónur sem íslenskir sjónvarpsaðdáendur ættu að kannast við.

Sú manneskja sem hefur þó heillað mig hvað mest er hin íðilfagra Kate Austen sem leikin er af Evangeline Lilly. Hún er fyrrverandi trúboði og hefur ferðast til yfir fjórtán landa.

Í kjölfar hlutverksins í Lost var Lilly kosin ein af þeim sem þykja líklegar stjörnur framtíðarinnar af Entertainment Weekly enda stúlkan eingöngu 26 ára. Þá var hún kosin önnur kynþokkafyllsta kona heims af tímaritinu Maxim. Hún talar frönsku reiprennandi sem er pínulítið fyndið þar sem franska kemur töluvert við sögu í Lost-þáttunum.



**KATE AUSTEN** Fyrrverandi fangi alríkislögreglunnar fær hvern einasta karlmann til þess að kikna í hnjánum.

Kate Austen, persónan sem Lilly leikur, er svikul fegurðardís. Þegar við kynntumst henni fyrst hafði hún verið fangi alríkislögreglunnar en varð frjáls eftir flugslysið.

Þegar lengra hefur liðið á þáttaröðina höfum við fengið að sjá að Kate er ekki alveg eins góð og hún lítur út fyrir að vera. Í þættinum á mánudaginn reyndi hún til að mynda að svíkja góðvin sinn Jack.

Samband mitt og Kate hefur því átt sína góðu og slæmu tíma. Aðra stundina er eins og hún iðrist þess sem hún gerði í fortíðinni. Þá sýnir hún á sér mjúku hliðina og fær eflaust hvern einasta karlmann til þess að kikna í hnjánum. Hina stundina er líkt og hún sjái ekki eftir neinu. Breytir ekki neinu með hnén.

Síðasti þáttur af Lost olli vonbrigðum. Hann datt niður í væmni og klisjur. Það veit þó bara á gott fyrir næsta mánudag. Ég neita að trúa því að þættirnir séu lélegir tvisvar í röð.



▶ **22.20** *Gaman*

**CUTTING IT. Í fyrsta þættinum kynntust áhorfendur tvennum hjónum sem ráku hárgreiðslustofur við sömu götuna í Manchester.**



▶ **22.55** *Drama*

**NIGHTY NIGHT. Jill Farrell rekur snyrtistofu og lætur sem maðurinn sinn sé dauður, en hann er fársjúkur.**



▶ **22.45** *Spjall*

**JAY LENO. Leno fær góða gesti í heimsókn í myndverið og í lok þáttarins er boðið upp á heimsfrægt tónlistarfólk.**

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (27:28) **18.23** Sígildar teiknimyndir (37:42)

**18.30** **Sögur úr Andabæ (11:14)**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.10** **Ed (73:83)** Framhaldsþættir um ungan lögfræðing.
**20.55** **Í einum grænum (8:8)** Ný garðyrkjuþáttaröð þar sem tekið er á því helsta sem lýtur að fegrun garða.
**21.25** **Búksorgir (2:6)** (Body Hits) Breskur myndaflokkur um áhrifin sem lífsmáti nútímafólks hefur á líkama þess.
**22.00** **Tíufréttir**
▶ **22.20** **Í hár saman (2:7)** (Cutting It) Breskur myndaflokkur um hasar í starfi og einkalífi starfsfólks á tveimur hárgreiðslustofum við sömu götuna í Manchester. Aðalhlutverk leika Amanda Holden, Sarah Parish, Jason Merrells, Ben Daniels og Angela Griffin. e.

**23.15** Vestfjarðavíkingur 2004 **0.15** Kastljósið **0.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Sjálfstætt fólk **13.30** Að hætti Sigga Hall (e) **14.00** Naked Twist 1 **14.25** Extreme Makeover – Home Editi **15.10** Amazing Race 6 **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Medium (15:16)** (Miðillinn) Allison DuBois er þekktur miðill í Bandaríkjunum. Bönnuð börnum.
**20.45** **Kevin Hill (12:22)** (Homeland Insecurity) Í einni svipan er lífi Kevins snúið á hvolf. Hann fær forræði yfir tíu mánaða frænku sinni, Söru.
**21.25** **Strong Medicine 3 (8:22)** (Samkvæmt læknisráði 3) Þáttaröð um tvo ólíka en kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.
**22.10** **Oprah Winfrey** (The He's Just Not That Into You Revolution)
▶ **22.55** **Nighty Night (2:6)** (Góða nótt) Aðalsöguhetjan er Jill Farrell sem rekur snyrtistofu í úthverfi. Maðurinn hennar er fársjúkur en hin illgjarna Jill lætur sem hann sé dauður.

**23.25** Kóngur um stund **23.50** The Reunion **1.30** Mile High (B. börnum) **2.15** Medical Investigations **2.55** Sanctuary (Strangl. b. börnum) **4.35** Fréttir og Ísland í dag **5.55** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30** **Sjáumst með Silvíu Nótt (e)**
**20.00** **Jack & Bobby** Hin einstæða Grace McAllister einsetti sér að synir hennar, Jack og Bobby, skyldu njóta velgengni í lífinu og ekki finna fyrir því að faðir þeirra var ekki til staðar á mótunarárunum.
**20.50** **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**21.00** **Providence** Syd telur sig hafa fundið hinn eina rétta og svo virðist sem Jim hafi náð sér að fullu. Robbie og Joanie myndast við að koma undir sig fótunum með misjöfnum árangri.
**22.00** **Law & Order** Leigumorðingi sem látinn var á laus á skilorði deyr. Rannsókn á láti hans leiðir lögregluna að auðugri ekkju og dóttur hennar.Grunur leikur á að þær hafi látið hann myrða ríkan ættingja sinn.
▶ **22.45** **Jay Leno**

**23.30** CSI: Miami (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** Boston Public **1.20** John Doe **2.05** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Primary Colors **8.20** Billy Madison **10.00** Western **12.00** Beethoven's 5th **14.00** Primary Colors **16.20** Billy Madison **18.00** Western **20.00** Beethoven's 5th **22.00** Beverly Hills Cop 2 (Bönnuð börnum) **0.00** I Got the Hook Up (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Undercover Brother (e) (Bönnuð börnum) **4.00** Beverly Hills Cop 2 (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.00** Blandað efni **7.30** Ewald Frank **8.00** Billy Graham **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Blandað efni **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** T.J. Jakes **13.00** Blandað efni **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Blandað efni **17.00** Acts Full Gospel **17.30** Ron Phillips **18.00** Robert Schuller **19.00** Blandað efni **20.00** Believers Christian Fellowship **21.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **22.00** Blandað efni **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Aksjón tónlist **21.00** Níubíó **23.15** Korter

### ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Beach Volley: World Championship Berlin Germany **14.00** Football: FIFA Confederations Cup Germany **16.00** Beach Volley: World Championship Berlin Germany **18.00** Equestrianism: Super League Rotterdam Netherlands **19.00** Golf: the European Tour Aa St Omer Open **19.30** Sailing: Antigua Sailing Week **20.00** All Sports: Wednesday Selection **20.15** Adventure: X – Adventure Raid Series **20.45** All Sports: Sport Traveler **21.00** Football: FIFA Confederations Cup Germany **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Football: FIFA Confederations Cup Germany

**BBC PRIME**
**12.40** Teletubbies **13.05** Tweenies **13.25** Fimbles **13.45** Balamory **14.05** Angelmouse **14.10** Yoho Ahoy **14.15** The Story Makers **14.35** The Really Wild Show **15.00** Cash in the Attic **15.30** Home Front in the Garden **16.00** Living the Dream **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** The Life Laundry **18.30** A Place in France **19.00** Escape to the Country **20.00** Property People **21.00** Spooks **21.50** Jonathan Creek **22.40** Table 12 **22.50** Black Cab **23.00** Making Masterpieces **23.30** In Pursuit of Pleasure **0.00** Great Writers of the 20th Century **1.00** Trial & Error – the Rise & Fall of Gene Therapy

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Insects from Hell **12.30** Totally Wild **13.00** World's Best Demolitions **14.00** North Sea Wall **15.00** Hornets from Hell **16.00** Battlefront **17.00** I Want to Be Jackie Chan **18.00** Insects from Hell **18.30** Totally Wild **19.00** Hornets from Hell **20.00** World's Best Demolitions **21.00** Kansai Airport **22.00** Harem Conspiracy **23.00** Seconds from Disaster **0.00** World's Best Demolitions

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Austin Stevens – Most Dangerous **13.00** Ferocious Crocs **14.00** Animal Cops Detroit **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** The Keepers **18.00** Austin Stevens – Most Dangerous **19.00** Killer Elephants **20.00** Miami Animal Police **21.00** The Life of Birds **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Austin Stevens – Most Dangerous **1.00** Wild Horses – Return to China

**DISCOVERY**
**12.00** Building the Ultimate **12.30** Massive Engines **13.00** Weapons of War **14.00** Scrapheap Challenge **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** World's Largest Casino **17.00** A Bike is Born **17.30** A Car is Born **18.00** Mythbusters **19.00** Why Intelligence Fails **20.00** War of the Century **21.00** The Mummy Detective **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Untold Stories – Navy SEALs

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** The Osbournes **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Pimp My Ride **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

**VH1**
**16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Rise & Rise Of **20.00** Fabulous Life Of... **20.30** Michael Jackson Greatest Hits **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Come! See! Buy! **12.40** Other People's Houses **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** Cheaters **15.10** Arresting Design **15.35** Staying in Style **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Arresting Design **17.40** Famous Homes & Hideaways **18.05** Living Colour **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** The Villa **20.15** My Messy Bedroom **20.45** Sex and the Settee **21.10** Spicy Sex Files **22.00** Girls Behaving Badly **22.25** Crime Stories **23.10** Innertainment **23.40** Backyard Pleasures **0.05** Living Colour **0.30** Come! See! Buy! **1.00** Other People's Houses

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** E! Entertainment Specials **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** Style Star **14.30** Style Star **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** 101 Most Shocking Moments in... **17.00** Fashion Police **17.30** Behind the Scenes **18.00** E! News **18.30** Life is Great with Brooke Burke **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Dr. 90210 **21.00** E! Entertainment Specials **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** E! News **23.30** E! Entertainment Specials **0.30** Behind the Scenes **1.00** High Price of Fame

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** New Spider-man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.55** The White Bus **13.45** Martin's Day **15.25** Danger Route **17.00** With Open Arms **18.30** Hard Choices **20.00** If It's Tuesday, It Still Must Be Belgium **21.39** Rollerblade Warriors **23.09** Crooked Hearts **0.59** Some Kind of a Nut **2.29** That Splendid November

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### AÐGENGILEGT FASTEIGNASJÓNVARP *Skjáreinn* 20.50

## Þak yfir höfuðið

***Í ágúst verður sýnt frá íbúðum á Spáni.***

Á hverjum degi á Skjá einum er boðið upp á aðgengilegt fasteignasjónvarp. Umsjónarmaðurinn Hlynur Sigurðsson skoðar íbúðarhúsnæði; bæði nýbyggingar og eldra húsnæði en einnig atvinnuhúsnæði, sumarbústaði og fleira. Hann býður einnig upp á ráðleggingar varðandi fasteignaviðskipti, fjármálin og fleira. Auk þess eru sýndar myndir frá eignunum og ýmsar hagnýtar upplýsingar tíundaðar; svo sem fjarlægðir frá skóla og dagheimilum, verslun og þjónustu í nágrenninu og svo framvegis.



Hlynur Sigurðsson.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„It's control-top pantyhose. Holds you in like a stuffed sausage."**

**Svar:** Joy Miller úr kvikmyndinni The Beautician and the Beast frá árinu 1997.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. **14.03** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason.

**15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Úr kvæðum fyrri alda **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Andblær frá Ipanema **11.03** Samfélagið í nærmynd

**13.00** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins, Lesið í snjóinn **14.03** Útvarpssagan **14.30** Bíótónar **15.03** Hljómsveit Reykjavíkur 1921–1930 **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **20.35** Kvöldtónar **21.00** Á sumargöngu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Seiður og hélog

**23.00** Djassgallerí New York

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Popp og ról

**1.10** Ljúfir næturtónar **2.10** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** TÖLVUR & TÆKNI **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **18.30** *Íþróttir*

**ÁLFUKEPPNIN. Riðlakeppninni lýkur í dag með leikjum Japan og Brasilíu og Grikklands og Mexíkó.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**15.45** David Letterman **16.30** NBA (SA Spurs - Detroit)

▶ **18.30** **Álfukeppnin** (Japan - Brasilía) Bein útsending frá leik Japans og Brasilíu í Köln. Þjóðirnar leika í B-riðli ásamt Grikklandi og Mexíkó.

**20.35** **Landsbankadeildin** (Umferðir 1-6) Þriðjungur leikjanna í Landsbankadeild karla í knattspyrnu er nú að baki oglínur teknar að skýrast verulega. Hér er farið ítarlega yfir sex fyrstu umferðirnar og rifjað upp allt það helsta. Veittar eru viðurkenningar til þeirra sem hafa skarað fram úr en vinningshafarnir eru kynntir í þættinum.

**21.35** **Álfukeppnin** (Grikkland - Mexíkó) Útsending frá leik Grikklands og Mexíkós í Frankfurt. Þjóðirnar leika í B-riðli ásamt Brasilíu og Japan. Leikurinn var í beinni á Sýn2 klukkan 18.35 í kvöld.

**23.15** Olíssport **23.45** David Letterman **0.30** Álfukeppnin (Japan - Brasilía) **2.10** Bandaríska mótaröðin í golfi

## POPP TÍVÍ

**20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.00** Tvíhöfði (e) **21.30** Real World: San Diego

**TCM**

**19.00** Victor/Victoria **21.15** The V.I.P.S **23.15** Dark of the Sun **0.55** Shadow of the Thin Man **2.35** Village of Daughters

**HALLMARK**

**12.30** Spoils of War **14.15** Walter and Henry **16.00** Touched by an Angel III **16.45** My Louisiana Sky **18.30** Open Heart **20.00** Just Cause **20.45** Frankenstein **22.15** The Inspectors 2: A Shred of Evidence **0.00** Just Cause **0.45** Open Heart **2.15** Frankenstein

**BBC FOOD**

**12.00** Giorgio Locatelli – Pure Italian **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Ching's Kitchen **13.30** Made to Order **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Worrall Thompson **15.30** Ready Steady Cook **16.00** A Cook's Tour **17.00** Neven Cooks **17.30** Coconut Coast **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Ching's Kitchen **19.30** Chefs at Sea **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** The Cookworks **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.20** Vagn i Japan **12.50** Erik den R¢des saga **13.20** Fra Kap til Kilimanjaro **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR-Derude direkte med S¢ren Ryge Petersen **14.30** En dag i haven **15.00** Braceface **15.25** Zuma the Puma **16.00** Peter Plys **16.20** Gurli Gris **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** OBS **17.35** Hunde på job **18.00** De hjeml¢se på •sterport **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** SportNyt **19.55** S21 – De r¢de khmerers dræbermaskine **20.55** Onsdags Lotto **21.00** Sorte penge – hvide l¢gne **22.00** Blue Murder **22.45** Irsk hjerte, dansk blod

**SV1**

**12.25** Min fru går igen **14.00** Rapport **14.05** På fisketur med Lars & Bård **14.35** Vilda hjärtan **15.00** Sverige! **15.30** Norska tjejer cancan **16.00** Rent hus **16.30** Kalle och hans nalle **16.40** Slut för idag... tack för idag **16.55** I huvudet på ungar **17.00** Expedition vildmark **17.30** Rapport **18.00** När storken sviker **18.30** Mitt i naturen **19.00** Fotboll: För-VM **20.45** Fader Ted **21.10** Rapport **21.20** En röst i natten **22.10** Sändning från SVT24






## HRÓSIÐ

*...fá Bleiku skæruliðarnir sem skreyttu styttur Reykjavíkur með bleikum borðum og skírskotuðu til þess að enn ríkir ekki jafnræði milli kynjanna í landinu, sem lýsir sér til dæmis í því að nær engar af styttum bæjarins eru af nafngreindum konum.*

## ÞRÍR SPURÐIR

HVAÐ FINNST ÞÉR UM AÐ SKJÁR EINN, SEM ER AÐ HLUTA Í EIGU RÍKISFYRIRTÆKISINS SÍMANS, BJÓÐI UPP Á EFNI FRÁ PLAYBOY?



**Oddný Sturludóttir rithöfundur**

### Frið fyrir klámi

Mér líst auðvitað alls ekki vel á það, sama hvort sjónvarpsstöðin er í eigu ríkisins eða ekki. Nóg finnst mér um hvað klámið tröllríður öllu, í afþreyingariðnaðinum eins og hann leggur sig, þótt svo að ekki sé boðið upp á það í íslensku sjónvarpi. Ég bið því um frið fyrir frekara klámi!



**Friðbjörn Orri Ketilsson, stjórnarmaður í Frjálshyggjufélaginu**

### Eðlilegt mál

Það er verið að selja Símann þannig að það verður einkafyrirtæki sem þjónustar sína viðskiptavini. Bara eðlilegt mál að þeir bjóði upp á þetta ef það er læst og þannig að börn komist ekki í. Sérstaklega þegar Síminn verður í einkaeign. En ríkið á ekki að standa í rekstri yfir höfuð. Þetta er álitamál, það er alveg jafnskakkt að senda út teiknimyndir og klámmyndir, þetta er bara sitt hvor markhópurinn. Klámið er aðgengilegt nú þegar á netinu þannig að ég sé ekki muninn á því að innlendir aðilar standi í svipuðum rekstri. Lágmarkið er að börn komist ekki í þetta.



**Kristín Tómasdóttir nemi**

### Klám er ofbeldi

Mér finnst það fáránlegt. Mér finnst að allir eigi að vera meðvitaðir um að ekki eigi að sýna klám í sjónvarpinu, því klám er ofbeldi og niðurlægjandi fyrir konur og karla. Til þess að ná jafnrétti á Íslandi og alls staðar þá verðum við að vera meðvituð um alla þætti jafnréttis og þar af leiðandi berjast gegn klámi. Erótík er eitt en klám er annað. Klám er skaðlegt og getur haft vondar afleiðingar í för með sér, sérstaklega fyrir ungu kynslóðina sem er mun tæknivæddari en þeir eldri. Hún á örugglega ekki í vandræðum með að opna þessa lása á sjónvarpsefninu. Í kjölfar umræðunnar um óheilbrigt kynlíf unglinga þá er þetta óviðeigandi.

*Fréttablaðið greindi frá því í gær að Skjár einn muni í september hefja gagnvirkar sjónvarpssendingar á ADSL, þar sem boðið verður upp á klámmyndir frá Playboy.*



**Lárétt:** **1** rýrt, **6** sár, **7** hræðast, **8** öfug röð, **9** fæða, **10** lengst frá, **12** á fæti, **14** kraftur, **15** íþróttafélag, **16** verkfæri, **17** stefna, **18** frjáls.
**Lóðrétt:** **1** þvaðra, **2** for, **3** bifreiðategund, skammstöfun, **4** vill breytingar, **5** lín, **9** heit tilfinning, **11** lita, **13** kjáni, **14** mál, **17** hæð.

**LAUSN.**

**Lárétt:** **1** magurt, **6** aum, **7** óa, **8** sr, **9** átu, **10** yst, **12** tær, **14** táp, **15** ka, **16** al, **17** átt, **18** laus. **Lóðrétt:** **1** masa, **2** aur, **3** gm, **4** róttækt, **5** tau, **9** ást, **11** mála, **13** rati, **14** tal, **17** ás.

### [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1 60 ára afmæli.
2 Í Suður-Kóreu.
3 213 leiki.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

MARTEINN ÞÓRSSON : ÆTLAÐI AÐALLEGA AÐ GRILLA Í SUMAR

# Úr vísindatrylli í Kvöldþáttinn

Marteinn Þórsson kvikmyndagerðarmaður framleiðir Kvöldþáttinn, sem sýndur verður á sjónvarpsstöðinni Sirkus sem fer í loftið á föstudag. Marteinn er líklega best þekktur fyrir mynd sína og vísindatryllinn One Point 0. Þá mynd gerði hann ásamt félaga sínum Jeff Renfroe en myndinni var meðal annars boðið á Sundance Kvikmyndahátíðina.

Marteinn sem hefur undanfarin ár búið í Kanada hefur nú snúið sér frá kvikmyndagerð í bili. „Við Guðmundur ætluðum reyndar báðir aðallega að grilla í sumar en svo hringdi Árni Þór Vigfússon í okkur og við slógum til,“ segir Marteinn og á við Guðmund Steingrímsson þáttastjórnanda Kvöldþáttarins. „Þessir þættir eru spennandi verkefni sem er gaman fyrir mig að taka þátt í.“ Aðspurður hvort þættirnir munu einungis verða sýndir í sumar segir hann: „Nei þeir verða sýndir að eilífu. Eilífu. Það er engin spurning að þetta er albesta íslenska sjónvarpsefni sem komið hefur fyrir augu landsmanna og er það mikill heiður að fá að taka þátt í að skapa það,“ segir Marteinn, kannski í örlítið húmorískum tón og bætir við að auðvitað sé líka bara gaman að koma heim.

Hann er þó alls ekkert hættur í kvikmyndabransanum og vinnur að tveimur kvikmyndum.

„Önnur myndin heitir Stray Toasters og er byggð á teiknimyndasögu. Hún er svolítið í líkindum við One Point 0 að vissu leyti en hún verður mun dýrari í framleiðslu.“ Hægt er að fletta Stray Toasters upp á www.imdb.com og þar er söguþráðurinn stuttlega rakinn. Myndin fjallar um sálfræðing sem sérhæfir sig í glæpastarfsemi og er í miðjum klíðum að eltast við fjöldamorðingja sem hefur myrt ellefu drengi. Málið fléttast svo inn í nýja glæparöð þar sem ungar húsmæður eru myrtar. „Ég er svo með aðra mynd í smíðum og það verður hryllingsmynd sem mig langar að taka upp á Íslandi,“ segir Marteinn.

hilda@frettabladid.is



**MARTEINN ÞÓRSSON** Kvikmyndagerðarmaðurinn sem gerði íslensk/ameríska vísindatryllinn One Point 0 ásamt félaga sínum, framleiðir nú sjónvarpsþáttinn Kvöldþátturinn.



**ONE POINT 0** Úr myndinni One point O sem Marteinn Þórsson gerði. Myndinni var meðal annars boðið á Sundance-kvikmyndahátíðina.

# Söngvari Yes til Íslands

Jon Anderson, söngvari hljómsveitarinnar Yes, heldur tónleika í Háskólabíói 16. október. Þar mun hann flytja lög af sólóferli sínum sem og mörg af hinum sígíldu lögum Yes.

Á meðal laga sem hann flytur má nefna Owner of a Lonely Heart, Heart of the Sunrise og I'll Find My Way Home. Á milli laga mun hann segja áhorfendum skemmtilegar sögur og jafnvel svara nokkrum spurningum.

Tónleikarnir eru hluti af tónleikaferð Jons um heiminn sem nefnist Work in Progress Tour of the Universe. Þetta verða síðustu tónleikarnir í ferð hans um Ísrael og Evrópu sem hefst 1. september. ■



**JON ANDERSON** Söngvari Yes ætlar að halda tónleika í Háskólabíói 16. október.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Á laugardaginn fá áhorfendur bandarísku sjónvarpsstöðvarinnar **HBO** að sjá nýja enska sjónvarpsmynd **The Girl in the Café** sem gerist að hluta til á **Íslandi**. Handritið er skrifað af **Richard Curtis**, hinum sama og skrifaði handritið að **Love Actually**. Hann segist hafa skrifað handritið til að þrýsta á átta helstu iðnríki heims til þess að fella niður skuldir þróunarríkjanna en fundur þeirra í myndinni fer fram í **Reykjavík**. **Curtis** lenti reyndar í klónum á óþekktum íslenskum blaðamanni sem sakaði hann um að hafa ekki kynnt sér aðstæður nægjanlega vel. Erlendu þjóðarleiðtogarnir lentu nefnilega allir í **Reykjavík** en ekki á alþjóða flugvellinum í **Keflavík**.



Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík er hafið bak við tjöldin. Nú er fullyrt að tvær fylkingar muni kljást um fyrsta sætið. Annars vegar fylking **Gísla Marteins Baldurssonar** sem muni hvetja liðsmenn sína til að veita **Hönnu Birnu Kristjánsdóttur** brautargengi í annað sæti prófkjörsins. Hins vegar er um að ræða liðsmenn **Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar** sem munu hvetja sína liðsmenn til að gefa **Guðlaugi Þór Þórðarsyni** atkvæði sitt. Munu báðar fylkingar vera að leggja línurnar í að raða öðrum frambjóðendum í sínar fylkingar til að ná sem víðtækustum og breiðustum stuðningi.







Ekkert MSG
Allur okkar fiskur er án MSG (þriðja kryddið)
Mikið úrval af grilfiski. Grillspjót, risarækjur, hörpuskel og humar.
Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga 10.00 - 14.30

!
Talstöðin
FM 90,9




# FARÐU FREMST Í RÖÐINA MEÐ MASTERCARD

Vertu fyrst/ur til að tryggja þér miða á stórmyndina War of the Worlds, eingöngu fyrir handhafa MasterCard. Þeir fyrstu sem kaupa miða með MasterCard korti fá 2 miða á verði eins. TAKMARKAÐUR MIÐAFJÖLDI! Veldu þér tíma og bíó við þitt hæfi hér fyrir neðan og tryggðu þér miða með MasterCard.

| | Laugarás Bíó | Álfabakka Sambíóin | Háskólabíó | Smárabíó | Borgarbíó | Keflavík Sambíóin |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Mið. 29. júní | Kl. 3, 5:30, 8 og 10:20 | *Kl. 3:20, 5:40, 8 og 10:30 | Kl. 3:30, 6, 8:30 og 11 | Kl. 4, 6:30, 9 og 11:30 | Kl. 5:45, 8 og 10:20 | Kl. 8 og 10:30 |
| Fim. 30. júní | Kl. 3, 5:30, 8 og 10:20 | *Kl. 3:20, 5:40, 8 og 10:30 | Kl. 3:30, 6, 8:30 og 11 | Kl. 4, 6:30, 9 og 11:30 | Kl. 5:45, 8 og 10:20 | Kl. 8 og 10:30 |
| Fös. 1. júlí | Kl. 3, 5:30, 8 og 10:20 | *Kl. 3:20, 5:40, 8 og 10:30 | Kl. 3:30, 6, 8:30 og 11 | Kl. 4, 6:30, 9 og 11:30 | Kl. 5:45, 8, 10:20 og 12:30 | Kl. 5:30, 8 og 10:30 |
| Lau. 2. júlí | Kl. 3, 5:30, 8 og 10:20 | Kl. 2, 3:20, 5:40, 8 ** og 10:30 | Kl. 3:30, 6, 8:30 og 11 | Kl. 1:30, 4, 6:30, 9 og 11:30 | Kl. 3, 5:30, 8, 10:20 og 12:30 | Kl. 3, 5:30, 8 og 10:30 |
| Sun. 3. júlí | Kl. 3, 5:30, 8 og 10:20 | Kl. 2, 3:20, 5:40, 8 ** og 10:30 | Kl. 3:30, 6, 8:30 og 11 | Kl. 1:30, 4, 6:30, 9 og 11:30 | Kl. 3, 5:30, 8, 10:20 og 12:30 | Kl. 3, 5:30, 8 og 10:30 |

* Sýnd í VIP á sama tíma
** Sýnd í VIP á sama tíma nema ekki kl.2

MasterCard

**TVEGGJA DAGA MASTERCARD FORSALA HEFST Í DAG!**

Bíóklúbbur MasterCard
www.kreditkort.is/klubbar

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000









BAKÞANKAR


SIGURJÓNS M. EGILSSONAR


## *Engar reglur*

Meistari sagnanna, Jónas Árnason, lýsti einu sinni fótboltaleik sem strákpattar iðkuðu á Landakotstúni. Það var alveg sama hvar á túninu boltinn var, aldrei var innkast og aldrei var útspark og aldrei var hornspyrna. Það var ekki fyrr en einum leikmannanna varð á sparka boltanum af þvílíku afli að boltinn barst út á Túngötu, þar sem hann rann niður eftir götunni, og þegar sá sem hafði sparkað kom aftur með boltann, að loks var innkast. Reglurnar voru sem sagt mjög óskýrar. Samt hélt leikurinn áfram lengi vel, ekkert var rifist og ekkert var deilt. Meira að segja var ekki nokkur leið að sjá hver átti boltann.

**SVO VERÐA STRÁKAR** menn og þá er ekki lengur hægt að etja kappi daglangt án þess að á keppnisvellinum séu strikaðar línur, dómari og fleiri sem sjá um að allt fari fram eins og ætlast er til og enginn hafi rangt við. Strákarnir hafa hins vegar leikinn svo einfaldan. Sá tekur vítið sem brotið var á. Það þarf ekki að ræða frekar. Og það sem meira er, að þegar börn eru börn er valið í liðið og skipað í stöður eftir því hvar hver og einn er heppilegastur og á mest erindi.

**SVO VERÐA STRÁKAR** menn og þá eru gömlu einföldu lögmálin ekki lengur í gildi. Þá er ekki lengur valið í liðið eftir því hver er bestur hvar og hver er bestur í hverja stöðu. Þá er svo komið að þá skiptir mestu hver er hver og hver þekkir hvern. Vítaskyttan í þeim leik þarf ekki einu sinni að drífa að markinu. Önnur lögmál hafa tekið yfir. Þegar krakkarnir leika sér er keppnin í gangi, án þess að regluverkið sé yfirþyrmandi. Þá skiptir máli að sigra.

**SVO VERÐA STRÁKAR** menn og þá er keppnisskapið farið, komnar alls kyns reglur sem jafnvel er keppst við að brjóta. Svo það sem er kannski merkilegast af öllu. Þegar búið er að velja bestu vinina í liðið og allar stöður eru mannaðar eru kannski bara búin til ný lið fyrir næstbestu vinina og varamönnum jafnvel fjölgað og fjölgað fyrir þriðju bestu vinina. Þannig er til dæmis í sendiherraliðinu gomma af varamönnum. Hvernig verður leikurinn þegar stelpurnar fá að vera með, verður skipt út af eða búin til ný lið? ■








